



BLAÐAMAÐURINN OG BLOGGARINN PARASTOO UM KVENNABARÁTTUNA Í ÍRAN

„Við vorum lamdar og smalað í rútu og settar í fangelsi. Það var bundið fyrir augun á okkur og við settar tvær til þrjár saman í einangrunarklefa. Það var varla pláss til að anda eða hreyfa sig.“

ALLA SUNNUDAGA

RE/MAX
Fasteignablað



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. maí 2007 – 129. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

SUNNUDAGUR



Rúna opnar kaffihús á Súðavík

Maðurinn hennar
Mugison leikur fyrir
gesti.

FÓLK 26

Einar til liðs við Cowell

Breski fautinn skoðar
umboðsmann
Íslands fyrir enska
X-Factorinn.

FÓLK 38

Nú er lag

„Samnemandi hans þar var annar
danskur píanisti, Gunnar Johansen,
en mig langar að segja frá honum
í þessum pistli, því það veit sá sem
allt veit að í dag langar mig alls
ekki að skrifa um pólitík,“ segir
Illugi Gunnarsson.

Í DAG 16


FH-sigur í markaleik



FH vann ÍA 3-2 í
opnunarleik Lands-
bankadeildar karla
í gær þar sem
Skagamenn voru
manni færri síð-
ustu 66 mínútur
leiksins.

ÍPRÓTTIR 32

VEÐRIÐ Í DAG



SVIÐAÐ ÁFRAM - Í dag verður
yfirleitt norðan 5-10 m/s en þó
hægari með Suðurlandinu. Þjart
að mestu sunnan og suðvestan til,
annars skúrur eða él. Hiti 0-10 stig,
mildast til landsins syðra.

VEÐUR 4

MARGBORGAR SIG
PUNKTUR!

GLITNIR



FYLGST MED FYRSTU TÖLUM Mikil eftirvænting ríkti í Útvarpshúsinu í Efstaleiti í gærkvöldi þegar fyrstu tölur birtust um klukkan tíu. Formenn flokkanna, ásamt varaformanni Vinstri grænna, biðu þar í mesta bróðerni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ríkisstjórnin féll og hélt á víxl í nótt

Stjórn og stjórnarandstaða vógu salt á einhverri mest spennandi kosninganótt síðari ára. Framsóknarflokkurinn fékk verstu útkomu frá stofnun en fylgi Vinstri grænna jókst um fimmtíu prósent. Margir strikuðu Árna Johnsen út.


KOSNINGAR Stjórn og stjórnarandstaða skiptust á að hafa þingmeirihluta eftir því sem atkvæðatölu-
ingun í alþingiskosningunum leið í
nótt.

Þegar Fréttablaðið fór í prentun um hálf þrjú stóð fylgi Framsóknarflokksins í rúmum ellefu prósentum atkvæða, en flokkurinn hefur ekki hlotið annan eins skell í 91 árs sögu sinni. Fylgi Sjálfstæðisflokksins jókst um tæp þrjú prósent en Samfylkingin missti þrjú prósent. Vinstrihreyfingin – grænt framboð bætti miklu við sig – rúmum fimm prósentustigum – og telst sigurvegari kosninganna. Fylgi Frjálslynda flokksins minnk-
aði lítillega og Íslandshreyfingin fékk á fjórða prósent atkvæða.

„Þetta er auðvitað stórglæsilegt, við erum að landa miklum og sögu-
legum sigri,“ sagði Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, þegar fyrstu tölur lágu fyrir. Þá var útlit fyrir að ríkisstjórnin væri fallin en ríkisstjórn féll síðast í kosningum árið 1987. Sagði Steingrímur blasa við að stjórnarandstöðuflokkarnir myndu tala saman og reyna að mynda saman ríkisstjórn um átak í velferðarmálum. Undir það tóku Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, og Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins.

TÖLUR Á LANDSVÍSU

KL. 2.30



Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins, sagði framsóknarmenn þurfa að endurmeta stöðu sína og byggja flokkinn upp aftur. „Þetta er mikið áfall fyrir okkur,

en við vorum undir þetta búin eftir það sem á undan var gengið í skoðanakönnunum.“ Sagði hann enn fremur eðlilegt að aðrir reyndu myndun ríkisstjórnar en flokkurinn myndi ekki skorast undan ábyrgð.

Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði árangur flokksins ánægjulegan þó að vissulega væri hann lakari en nýlegar kannanir hefðu bent til. Sagði hann jafnframt vonbrigði að stjórnin væri fallin, en þannig stóðu mál þegar Fréttablaðið ræddi við hann.

Ómar Ragnarsson, formaður Íslandshreyfingarinnar, sagði niðurstöðurnar vonbrigði en baráttan fyrir verndun umhverfisins væri þó rétt að byrja. Samkvæmt upplýsingum frá yfirkjörstjórn í Suðurlandshreyfingu strikuðu kjósendur Sjálfstæðisflokksins í kjördæminu yfir nöfn framjómenda á tuttugu til þrjátíu prósentum kjörseðla. Samkvæmt sömu upplýsingum var oftast strikað yfir nafn Árna Johnsen. Þá var talsvert um að strikað væri yfir nafn Björns Bjarnasonar sjálfstæðismanns í Reykjavík suður.

Ekki var von á endanlegum úrslitum fyrr en í morgunsárið.

- bps

Færri kusu nú en árið 2003: Kjörsókn var lakari en síðast

KOSNINGAR Svo virðist sem kjörsókn hafi verið nokkuð lakari í ár en í þingkosningunum árið 2003.

Klukkan nú í gærkvöldi höfðu 70,2 prósent kosið í Reykjavíkarkjördæmi suður, miðað við 76,1 prósent á sama tíma árið 2003. Klukkan tíu höfðu 67 prósent kosið í Reykjavíkarkjördæmi norður, miðað við 76,3 prósent árið 2003. Í Suðvesturkjördæmi höfðu 69,5 prósent kosið klukkan átta í miðað við 74,8 prósent fyrir fjórum árum. Samkvæmt tölum frá því klukkan sex í gærðag var kjörsókn í Suðurlandshreyfingu áþekkt því sem var árið 2003. Áætluð kjörsókn í Norðausturkjördæmi var 84 prósent. Tölur úr Norðvesturkjördæmi og heildartölur voru ekki tilbúnar þegar Fréttablaðið fór í prentun.

- sh

Tvær forsíður

Sunnudagsútgáfa Fréttablaðsins er með tveimur ólíkum forsíðum. Tölur um fylgi flokkanna voru uppfærðar og forsíðufréttin endurskrifuð klukkan 2.30 í nótt. Hluta af upplagi blaðsins var dreift með forsíðu sem fór í prentun



klukkan 12.30. Fréttablaðið er prentað í 103 þúsund eintökum og prýddi gamla forsíðan um 30 þúsund þeirra.

SPURNING DAGSINS



Geir Jón, þurftu margir að gista kjörklefa í gær?

„Já, en enginn eftir klukkan tíu, svo ég viti.“

Lögregla um allt land þurfti að sinna ýmsum verkefnum vegna kosninganna. Fylgjast þarf með að allt sé með röð og reglu á kjörstað. Geir Jón Þórisson er yfirlögregluþjónn á höfuðborgarsvæðinu.

Allir í Grímsey kusu í gær:

Kjörsókn slagaði í 100 prósent

KOSNINGAR Flogið var með atkvæði frá Grímsey um klukkan 14 í gær þegar allir á kjörskrá sem voru í eyjunni höfðu greitt atkvæði, ýmist á kjörstað eða utan kjörfundar.

Bjarni Magnússon hreppstjóri sagði samtals 48 Grímseyinga hafa kosið í eyjunni, en þar eru 67 á kjörskrá og kjörsóknin því 71,6 prósent. Auk þess sagðist Bjarni vita til þess að allflestir þeirra sem ekki voru í eyjunni í gær hefðu kosið á Akureyri eða annars staðar og kjörsókn meðal Grímseyinga hefði því slagað hátt í 100 prósent.

- bj

Sjálfstæðismenn kærðir:

Kæru vísað frá

KOSNINGAR Yfirkjörstjórn í Suðurland kjördæmi vísaði frá kæru Samfylkingarinnar vegna miðlunar sjálfstæðismanna á upplýsingum um kjörsókn út úr kjördeildum. Samfylkingarmenn kærðu vegna slíks í Hveragerði, Þorlákshöfn, Selfossi og Vestmannaeyjum en tilgreindu ekki sérstök tilvik og var kærurni vísað frá á þeirri forsendu.

Þá var kvartað vegna veru starfsmanns Sjálfstæðisflokksins í kjördeild á Patreksfirði sem merkti við þá er mættu á kjörstað. Það mál var leyst á staðnum; maðurinn fór einfaldlega úr kjördeildinni og urðu engin eftirmál.

- bps

DALVÍK

Einkaaðilar byggja sundlaug

Dalvíkurbyggð vill láta bera saman kosti þess að sveitarfélagið sjálf byggja nýja sundlaug og að Eignarhaldsfélagið Fasteign annist smíði laugarinnar. Í seinna tilvikinu myndi Dalvíkurbyggð eignast fimmtán prósent í félagi um sundlauginu og njóta forleiguréttar auk kaupréttar.

Serbía bar sigur úr býtum í Evrópusöngvakeppninni í Helsinki:

Eiríkur fjórtán stigum frá úrslitasæti

SÖNGVAKEPPNI Eiríkur Hauksson hafnaði í 13. sæti í undankeppni Evrópusöngvakeppninnar í Helsinki á fimmtudagskvöld. Eiríkur hlaut 77 stig og var aðeins fjórtán stigum frá því að komast í úrslit. Silvía Nótt hafnaði einnig í 13. sæti í fyrri.

Serbar verða næstu gestgjafar Evrópusöngvakeppninnar en söngkonan Marija Šerifovic heillaði sjónvarpsáhorfendur upp úr skónum með laginu Molitva. Serbneska framlagið hlaut 268 stig, Úkraínsmenn í öðru sæti með 235 stig og Rússar í þriðja sæti með 207 stig.

„Það sem er áhugavert við úrslitin er að Evrópusöngvakeppnin er enn söngvakeppni, ekki skrípaleikur,“ sagði Haukur Hauksson, framkvæmdastjóri íslenska hópsins, í gærkvöld.

Eiríkur Hauksson tók í sama streng þegar úrslitin lágu fyrir í gærkvöldi en hann hafði áður verið harðorður um framlag úkraínsku draggdrottningar-



SIGURVEGARI SÖNGVAKEPPNINNAR Hin serbneska Marija Šerifovic vann nokkuð öruggan sigur í keppninni.

innar. „Það var versta lag keppninnar,“ sagði Eiríkur í gærkvöldi.

Íslenski hópurinn er væntanlegur til landsins í dag.

- kdk

Átök við Big Ben í Breiðholti:

Skarst illa við glerflöskuhögg

LÖGREGLUMÁL Karlmaður á þrítugsaldri skarst töluvert á höfði þegar hann var sleginn í höfuðið með flösku í átökum þriggja manna í Breiðholti á fjórða tímanum aðfaranótt laugardags. Slagsmálin áttu sér stað fyrir utan veitingastaðinn Big Ben og voru fimm lögreglubílar og tveir sjúkrabílar sendir á staðinn því óttast var að átökin kynnu að magnast.

Maðurinn sem sleginn var með flöskunni var fluttur með sjúkrabíl á slysideild þar sem gert var að sárum hans. Að sögn lögreglu hafa mennirnir komið við sögu hennar áður, en eru þó ekki svokallaðir góðkunningjar.

- sh

KOSNINGAR 2007

Mikið tap Framsóknarflokks

Framsóknarflokkurinn missir verulegt fylgi í öllum kjördæmum utan Norðvesturkjördæmis, þar sem fylgið stendur í stað. Vinstri græn bæta við sig fylgi í öllum kjördæmum, og tvöfalda fylgið í Suðurlandkjördæmi.

KOSNINGAR Fylgi Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi dalar um tæp níu prósentustig frá kosningunum 2003 samkvæmt síðustu tölum áður en Fréttablaðið fór í prentun. Kjördæmið nú og Norðurland og Austurlandskjördæmi fyrir kjördæmabreytingar hafa löngum verið sterkasta vígi flokksins. Í Norðvesturkjördæmi hafði flokkurinn 22,0 prósent atkvæða þegar blaðið fór í prentun og voru þrjú þingmenn inni. Það var eina kjördæmið þar sem Framsóknarflokkurinn bætti við sig fylgi. Af þingmönnum flokksins var enginn á höfuðborgarsvæðinu.

Sjálfstæðisflokkurinn bætir við sig fylgi í fjórum kjördæmum, öllum utan Reykjavíkurborgar kjördæmis norður, þar sem fylgið stóð í stað, og Norðvesturkjördæmis þar sem flokkurinn missti aðeins fylgi, miðað við tölur þegar Fréttablaðið fór í prentun. Einar Oddur Kristjánsson var því ekki inni. Mest bætir flokkurinn við sig í Suðurlandkjördæmi. Það ber þó að hafa í huga að í kosningunum 2003 bauð sjálfstæðismaðurinn Kristján Pálsson fram sérframbod og hlaut 3,4 prósent atkvæða.

Vinstri græn bættu við sig fylgi í öllum kjördæmum. Hlutfallslega bætti flokkurinn mest við sig í Suðurlandkjördæmi, þar sem hann tvöfaldaði fylgi sitt frá síðustu kosningum og var Atli Gíslason nokkuð öruggur inni. Þá var allt útlit fyrir að flokkurinn myndi bæta við sig þingmanni í Suðvesturkjördæmi og Reykjavíkurborgar kjördæmi norður.


Útlit var fyrir að Samfylking myndi halda öllum sínum þingmönnum, utan þess að tapa manni í Suðurlandkjördæmi. Þá leit þó út fyrir að flokkurinn myndi missa eitthvert fylgi í öllum kjördæmum nema Norðvesturkjördæmi.

Litlar breytingar urðu á fylgi Frjálslynda flokksins í öllum kjördæmum utan tveimur; Norðvesturkjördæmi sem er kjördæmi formannsins og Suðurlandkjördæmi þar sem fylgið dalaði aðeins. Mest dalaði fylgið í Norðvesturkjördæmi þar sem flokkurinn hlaut 14,2 prósent atkvæða í síðustu kosningum, sem dugði fyrir tveimur þingmönnum.


Íslandshreyfingin náði ekki striki í þessum kosningum og hafði ekki náð neinum manni inn sem kjördæmakjörunum þingmanni þegar Fréttablaðið fór í prentun. Ekki var útlit fyrir að það myndi takast. Mest var fylgið í Reykjavíkurborgar kjördæmunum tveimur, þar sem flokkurinn hlaut um fimm prósent atkvæða.

svanborg@frettabladid.is


Reykjavík norður




Reykjavík suður




Suður




Norðvestur



Norðaustur



Suðvestur



FYLGI FLOKKANNA MIÐAÐ VIÐ MIÐNÆTTI

Fylgi allra flokka sem hér er birt miðast við stöðuna á miðnætti, en ekki er ólíklegt að tölur hafi breyst þegar líða tekur á nóttina. Sérstaklega munu tölur um fjölda þingmanna hafa tekið einhverjum breytingum, þar sem úthlutun jöfnunarmanna verður ekki ljós fyrir en öll atkvæði hafa verið talin. Endanleg niðurstaða verður birt í mánuðagsútgáfu Fréttablaðsins.

Foreldrar Madeleine sendu frá sér yfirlýsingu á fjögurra ára afmæli hennar í gær:

Biðla til umheims að hjálpa

MANNRÁN Foreldrar telpunnar sem rænt var í Portúgal fyrir tíu dögum báðu í gær alla sem vettlingi geta valdið að hjálpa til við leitina að henni. Telpa, Madeleine McCann, átti þá fjögurra ára afmæli í dag. Við viljum biðja fólk að halda áfram að leita, vinsamlegast biðjið fyrir henni og hjálpið til við að koma henni heim aftur,“ báðu þau í yfirlýsingu.

Skipulagðri leit lögreglunnar á Algarve að telpunni er lokið, en lögreglumenn eru sagðir á höttunum eftir manni á fertugsaldri sem keyrir hvítan sendibíl. Sjónvarpsstöðvar hafa einnig spilað upptöku úr öryggismyndavél bensínstöðvar, en hún sýnir tvo menn og konu sem voru á ferð nóttina sem telpa hvarf. Þjóðverji einn mun hafa borið kennsl á annan mannanna og sagt hann hafa tekið ljósmyndir af dóttur sinni, þremur dögum fyrir mannránið. Þriðja vísbendingin er lyktarlóð sem leitarhundar röktu í íbúð sem nokkrir Bretar höfðu verið með á leigu.

Leitin er nú orðin alþjóðleg og hafa margir lagt hönd á plóginn. Fótboltakappinn David Beckham og



VEGGSPJALD AUGLÝSIR BÆNASTUND Á ALGARVE Telpa hvarf nú verið týnd í tíu daga. Hún átti afmæli í gær og báðu foreldrar hennar alla vinsamlegast að hjálpa til við leitina. Fundarlaun eru tæpar 318 milljónir króna. NORDICPHOTOS/AFP

viðskiptaþjófurinn Richard Branson hafa til að mynda hvatt fólk að taka þátt í leitinni. Fundarlaun hækka dag frá degi og voru í gær orðin um 2,5 milljónir punda, um 319 milljónir króna.

- kóp

Reykjavík
871 ±2

Landnámsýningin
The Settlement
Exhibition

Lífið á landnámsöld

Aðalstræti 16
101 Reykjavík
www.reykjavik871.is

Sýningin er opin
alla daga frá 10–17

Minjasafn
Reykjavíkur

Sjálfskiptur með öllu! 2.390.000 kr.



Nú bjóðum við á frábæru verði takmarkað magn af Golf Trendline með sjálfskiptingu og ríkulegum sportpakka.

Verðið á Volkswagen Golf hefur aldrei verið hagstæðara. Taktu gæðin og glæsileikann með í reikninginn og þú sérð að þetta er tækifæri sem borgar sig að grípa.

Sportpakki innifalinn í verði:

- 16" álfelgur • sóllúga • leðurstýri • þokuljós
- armpúði milli framsæta • samlitur • vindskeið



GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	63,78 64,08
Sterlingspund	126,26 126,88
Eura	85,96 86,44
Dönsk króna	11,533 11,601
Norsk króna	10,518 10,580
Sænsk króna	9,307 9,361
Japanskt jen	0,5322 0,5354

SDR	96,71	97,29
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
116,724		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Áhugasamur kylfingur eða prakkari í feluleik í Nevada Bob:

Drengur læstist á bak við rimla

VERSLUN Tíu ára drengur læstist inni í golfversluninni Nevada Bob á Bíldshöfða eftir lokun í gær.

Versluninni var lokað með rimlaverki úr lofti um klukkan fjögur en þá hafði faðir drengsins brugðið sér í næstu búð, Intersport.

Aðstoðarverslunarstjóri Nevada Bob, Rafn Stefán Rafnsson, gekk frá í versluninni og aðstoðaði síðustu viðskiptavinina til klukkan 16.30 og hélt svo heim á leið. Rétt fyrir klukkan fimm var hringt í Rafn og honum tilkynnt að lítill drengur væri fastur inni í búðinni. „Þetta var mjög sérstakt,“ segir Rafn. „Ég sá engan í búðinni þegar ég gekk hringinn fyrir lokun.“ Hann telur að pilturinn hljóti að hafa falið sig inni í búðinni, því hann hafi athugað sérstaklega að verslunin væri mannaud.

Rafn bað aðstoðarverslunarstjóra Intersport að opna fyrir stráknum og telur að honum hafi verið hleypt út um fimmleytið. Stráksi hafi því verið einn



RIMLAVERKIÐ Í NEVADA BOB Drengurinn hefur líklega falið sig inni í búðinni rétt fyrir lokun þegar faðir hans brá sér yfir í næstu verslun.

Ólafur Óskar, aðstoðarverslunarstjóri í Intersport, vissi ekki nákvæmlega hvenær hann hefði hleypt drengnum út, né hvað drengurinn heitir. - kóp

Meint efnahagsbrot hjá VSP: Tengist erlendum viðskiptum

LÖGREGLUMÁL Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota hjá Ríkislögreglustjóra, segir að töluvert sé eftir af rannsókninni á mistökum í starfi framkvæmdastjóra hjá Verðbréfabjónustu sparissjóðanna, VSP, en framkvæmdastjórnunum var víkið úr starfi í apríl.

Helgi Magnús segir að „ákveðin hlutir“ í rannsókninni taki tíma. Rannsóknin sé frekar seinleg því að hún tengist félagi í útlöndum og erlendum viðskiptum á nokkrum stöðum. Lögreglan þurfi að afla gagna að utan og það taki sinn tíma.

- ghs



NÝR FLOKKUR Naser Khader, fyrir miðju, leiðir flokkinn Nýja bandalagið.

Nýr flokkur í Danmörku:

Gæti þurft að rjúfa þingið

DANMÖRK Fækkað hefur um nokkra fulltrúa í þingmeirihluta dönsku ríkisstjórnarinnar eftir tilurð nýs stjórnálflokks. Fækki enn, gæti þurft að rjúfa þing og boða til kosninga.

Flokkurinn heitir Nýja bandalagið og er miðjuflokkur Nasers Khader, fyrrum þingmanns röttækra vinstrimanna. Síðast fór yfir í flokk Khaders flokksmaður forsætisráðherrans til fjórútu ára, Leif Mikkelsen. Fari tveir til viðbótar er stjórnin fallin. Samkvæmt nýlegri skoðanakönnun fengi Nýja bandalagið tólf prósent atkvæða. Flokkurinn safnar nú undirskriftum til að mega bjóða fram.

- kóp

Offita kostar 5,7 milljarða:

Þýsk herferð gegn offituvanda

ÞÝSKALAND Í kjölfar könnunar sem sýndi að Þjóðverjar eru feitastir Evrópuþjóða hafa þýsk stjórnvöld hrundið af stað áætlun til að fækka þeim sem þjást af offitu.

Í áætluninni felst meðal annars að auka gæði fæðu í skólum og á sjúkrahúsum og hvetja til aukinnar hreyfingar barna.

Talið er að heilsuvandamál tengd offitu kosti Þýskaland yfir 5,7 milljarða árlega.

Í könnuninni kom fram að yfir 75 prósent karla og 59 prósent kvenna í Þýskalandi eru yfir kjörþyngd.

- sdg

Sumarhýran er ekki lengur jafn áriðandi

Atvinnuhorfur unglunga eru ágætar. Forstöðumaður Vinnuskólans í Kópavogi segir að kaupíð skipti unga fólkið ekki lengur höfuðmáli, sumarið sé ekki sú tekjuuppspretta sem það var. Ungt fólk vinni meira með skólanum en áður.

VINNUMARKAÐUR Atvinnuhorfur ungs fólks virðast svipaðar og í fyrra. Gerður Dýrfjörð, deildarstjóri hjá Vinnumiðlun ungs fólks í Hinu húsinu, segir að tvö þúsund umsóknir hafi þegar borist um sumarstarf á vegum Hins hússins og sé það hundrað til tvö hundruð umsóknum færri en í fyrra. Umsækjendur séu á aldrinum 17-23 ára, flestir undir tvítugu. Ráðið verði í 1.300-1.400 störf hjá Reykjavíkurborg, til dæmis í heimilishjálpi hjá öldruðum og fötluðum, í garðyrkju, þrif, á Borgarbókasafni og í Árbæjarsafni svo eitthvað sé nefnt.

Sigurður Grétar Ólafsson, forstöðumaður Vinnuskólans í Kópavogi, segir að heldur fleiri hafi sótt um í ár en í fyrra og að auðveldara hafi verið að finna leiðbeinendur og starfsfólk, kannski vegna þess að hann hafi byrjað fyrr að leita. „Fólk sættir sig jafnvel við að vera ekki með nein blússandi laun, kannski vegna þess að efnahagsástandið er betra en oft áður. Fólk er kannski að vinna með námi á veturna og vill bara vera í lífandi og skemmtilegu starfi, helst útívinnu, á sumrin. Launin hafa líka skánað.“

Sigurður býst við 750 af 1.200 unglungum í Kópavogi í sumar. Vinnutilhögun og vinnulengd er breytileg hjá vinnuskólunum. Í Reykjavík vinna yngstu krakkarnir í fimm vikur og þeir elstu í sex vikur í sumar. Áttundubekkingar fá 307 krónur á tímann, níundubekkingar fá 346 krónur á tímann og tíundubekkingar 460 krónur á tímann. Fyrir borgarráði liggur tillaga um þriggja prósent hækkun ofan á þetta.

Sigurður segir að starfstímabilið í Kópavogi sé frá 11. júní til 26. júlí. Börn fædd 1991 fá vinnu sjö tíma á dag og svo fari það lækandi, börn fædd 1993 vinni

HEILDARTEKJUMÖGULEIKAR UNGLINGA Í KÓPAVOGI

Fæðingarár	1991	1992	1993
Heildartímaföldi	217	196	98
Laun á tímann	474	356	316
Heildarlaun	102.858	69.766	30.968
Laun m. orlofi	113.319	76.872	34.117

Heimild: Vefur Vinnuskóla Kópavogs.



Í LIFANDI OG SKEMMTILEGU STARFI „Fólk er kannski að vinna með námi á veturna og vill bara vera í lífandi og skemmtilegu starfi, helst útívinnu,“ segir Sigurður Grétar Ólafsson, forstöðumaður Vinnuskólans í Kópavogi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



SIGURÐUR GRÉTAR ÓLAFSSON

í þrjá og hálfan tíma á dag. Allir hætti snemma á föstudögum.

Bæjaryfirvöld í Kópavogi hafa ákveðið að hækka laun unglunganna um þrjú prósent. Unglingar fæddir 1991 fá 474 krónur á tímann, unglingar fæddir 1992 fá 356 krónur á tímann og unglingar fæddir 1993 fá 316 krónur á tímann. Til viðbótar er greitt orlof.

Sigurður segir að forstöðumenn Vinnuskólanna á höfuðborgarsvæðinu vinni að því að fá þá breytingu í gegn hjá sveitarfélögunum að festa laun unglunganna við fimmtíu, sextíu og áttatíu prósent af lágmarks-launum eftir því hvenær þau eru fædd.

ghs@frettabladid.is



RJÚPNAHÆÐ Ekki ljóst með nýju hornlóðina.

Umdeilda lóðin í Austurkór: Engin svör um nýja hornlóð

SKIPULAGSMÁL Ekki fæst upplýst hjá skipulagsyfirdöðum í Kópavogi hvernig gangi að stofna umdeilda hornlóð í Austurkór á Rjúpnahæð.

Það var að beiðni Þorsteins Vilhelmssonar fjarfestis sem bæjarstjórnin fól um áramótin skipulagsdeild bæjarins að bæta hornlóðinni við inn í áður frágengið skipulag nýs hverfis á Rjúpnahæð. Þorsteini ætlaði sjálfum sér lóðina. Eftir að Fréttablaðið skýrði frá málinu þvörtuðu bæjaryfirvöld fyrir að hafa ætlað Þorsteini þessa viðbótarlóð. Eigandi núverandi hornlóðar hefur mótmælt því að fá nýja lóð sér við hlið.

- gar

Gæsluvarðhald staðfest:

Stakk féлага sinn eftir erjur

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest að karlmaður um fertugt skuli sæta gæsluvarðhaldi til 6. júní fyrir að hafa stungið féлага sinn í brjóstið með eldhúshnifi í kjölfar rifrildis eftir fótboltaleik í byrjun apríl.

Mennirnir voru í félagi við fleiri að horfa á knattspyrnuleik, og voru allir undir áhrifum áfengis. Eftir leikinn braust út rifrildi sem lyktaði með því að maður var særður lífshættulega með hnifi og missti mikið blóð.

Allir mennirnir höfðu komið við sögu lögreglu áður.

- sh

VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐIDEILD



METNAÐARFULLT, FRAMSÆKIÐ OG HAGNÝTT NÁM

6 námsleiðir

- BA í hagfræði
- BS í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum
- BS í hagfræði
- BS í reikningshaldi
- BS í fjármálum
- BS í stjórnun og forystu

Umsóknarfestur er til 5. júní.

Árleg skráningargjöld eru 45.000 kr.

Styrktu stöðu þína og sæktu um. Rafræn skráning og upplýsingar um námið eru á vef viðskipta- og hagfræðideildar, www.vidskipti.hi.is.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

SVIPAÐUR HITI NÆSTU DAGA


Fólk hefur töluvert verið að spyrja mig að því hvenær hlýni nú almennilega. Það er vissulega skiljanlegt hjá norðan- og austanmönnum enda hitastigið ekki svipur hjá sjón hjá því sem var í hitabylgjunni í endaðan apríl. Er helst að sjá að hitinn verði svipaður áfram, þ.e. svalt norðan til en ágætlega mildt að deginum syðra, allt að 10-12 stig en þó mun svara á nóttinni.

VEÐURHORFUR Í BORGinni Í DAG
Fremur hæg norðaustlæg átt, 5-8 m/s. Létt-skýjað. Hiti 5-9 stig.

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

VEÐURSPÁ


um hádegi »



um hádegi »

Kaupmannahöfn	17°C skúrir	London	15°C rigning
Billund	15°C skúrir	Paris	22°C rigning
Osló	14°C rigning	Frankfurt	20°C rigning
Stokkhólmur	15°C léttskýjað	Friedrichshafen	19°C skúrir
Gautaborg	12°C skúrir	Berlín	20°C skúrir

» á morgun



Hæg, norðlæg eða breytileg átt.


» þriðjudagur



Hæg, breytileg átt.

Alicante	29°C heiðskirt
Mallorca	25°C hálfskýjað
Basel	26°C hálfskýjað
Eindhoven	21°C rigning
Las Palmas	25°C heiðskirt

risaSMÁR



ISLENSKA SÁLIS TOY 07298 05.07

Yaris **risaSMÁR** - aftur og aftur

Yaris er enginn venjulegur bíll.

risaSMÁ hönnun hans og tækni gerir það að verkum að hann hefur eiginleika stærri bíla hvað varðar rými og getu en jafnframt eiginleika smærri bíla hvað varðar lipurð og eyðslu. Yaris er bíll sem fólk vill eiga og keyra. **Aftur og aftur.**

Það er gott að vera lítill. Það er gott að vera stór.

En **risaSMÁR** er snilld.

Verð frá **1.515.000** kr.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070



„Sjálfstæðisflokkurinn virðist nærri meðaltali þriggja síðustu áratuga eða svo.“

Geir H. Haarde (D)

Vonbrigði að stjórnin sé fallin

„Það eru vissulega vonbrigði að stjórnin sé fallin miðað við fyrstu tölur,“ sagði Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins. Hann sagði árangur Sjálfstæðisflokksins ánægjulegan, þótt hann væri vissulega heldur lakari en nýlegar kannanir hefðu bent til.

„Þetta var alltaf mjög óljóst, og er það raunar ennþá, og eiginlega ómögulegt að segja hvað verður,“ sagði Geir. Yrðu þetta niðurstöður kosninganna tækju við stjórnarmyndunarviðræður og erfitt væri að sjá fyrir endann á þeim áður en þær hæfust.

„Sjálfstæðisflokkurinn virðist vera nærri meðaltali síðustu þriggja áratuga eða svo,“ segir Geir. Fyrstu tölur fyrir flokkinn voru 35,6 prósent á landsvísu, en meðaltalið síðustu áratugi 35,5 prósent.



„Flokkarnir sem myndað hafa svokallað Kaffibandalag munu tala saman fyrst.“

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (S)

Kaffibandalagið talar saman

„Ef þetta gengur eftir erum við að fá prýðilega kosningu og erum að festa okkur í sessi sem sá öflugri jafnaðarmannaflokkur sem okkur hefur alltaf dreymt um. Fyrir fjórum árum fór vinstriflokkur yfir þrjátíu prósent múrinn í fyrsta skipti og nú er það að endurtaka sig. Það eru mikil pólitísk tíðindi,“ sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, eftir að fyrstu tölur lágu fyrir í gærkvöldi.

„Flokkarnir sem myndað hafa svokallað Kaffibandalag munu tala saman fyrst og sjá hvernig landið liggur, það höfum við alltaf sagt.“ Ingibjörg segir ljóst að flokkurinn hafi unnið stórsigur. „Við vissum það alltaf að þegar okkar málefni og hugmyndir yrðu kynnt myndi Samfylkingin uppskera.“



„Aðalatriðið hjá okkur var að umhverfismálin yrðu til umræðu í þessum kosningum.“

Ómar Ragnarsson (I)

Blábyrjunin á mikilli baráttu

„Þetta eru ákveðin vonbrigði, en aðalatriðið hjá okkur var að umhverfismálin yrðu til umræðu í þessum kosningum. Það hefði ekki orðið þannig ef við hefðum ekki verið með,“ sagði Ómar Ragnarsson, formaður Íslandshreyfingarinnar, þegar fyrstu tölur höfðu borist frá öllum kjördæmum í gær.

Hann sagði flokkinn hvergi nærri hættan þótt hann hefði ekki náð manni á þing. „Þetta er blábyrjunin á mikilli baráttu sem er fram undan.“

Ómar benti á að væri ekki regla í gildi um að flokkar þyrftu fimm prósentu fylgi til að ná manni á þing væri flokkurinn með tvo þingmenn. Áróður um að atkvæði greidd flokknum féllu dauð niður hefði reynst dýrkeyptur.



„Við erum að fella stjórnina með okkar fjórum nýju þingmönnum, það er einfalt.“

Steingrímur J. Sigfússon (V)

Okkar þingmenn felldu stjórnina

„Þetta er auðvitað stórglæsilegt, við erum að landa miklum og sögulegum kosningasigri,“ sagði Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, þegar fyrstu tölur höfðu borist í gærkvöldi. „Við erum að fella stjórnina með okkar fjórum nýju þingmönnum, það er einfalt.“

Hann sagðist búast við því að Kaffibandalagið hæfi viðræður um myndun ríkisstjórnar ef lokatölur yrðu í takt við þær fyrstu. „Það hvílir mikil skylda á okkar herðum að láta þetta takast. Við mynduðum bandalagið ekki síst um átak í velferðarmálum þannig að ég geri ráð fyrir að það fari efst á listann, og að sjálfsgöðu verðum við ekki í ríkisstjórn sem ekki brýtur blað í umhverfismálum.“



„Þetta er mikið áfall en við vorum undir þetta búin eftir það sem á undan var gengið.“

Jón Sigurðsson (B)

Byggjum flokkinn upp að nýju

„Nú þurfum við að endurmeta okkar stöðu og byggja flokkinn upp aftur. Þetta er mikið áfall fyrir okkur, en við vorum undir þetta búin eftir það sem á undan var gengið í skoðanakönnunum,“ sagði Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins, eftir að fyrstu tölur lágu fyrir í gærkvöldi. Spurður um stöðu hans sem formaður Framsóknarflokksins í ljósi fyrstu talna sagði Jón að það væri ekki í sínum höndum að ákveða hvort hann myndi leiða flokkinn áfram eftir kosningar.

„Flokksmennirnir ráða hverjir gegna trúnaðarstöðum í flokknum og þeir munu sjálfsgötu fjalla um það á eðlilegan hátt. Ég hef ekki ástæðu til að taka afstöðu til þess persónulega, ég er nýkominn inn í þetta starf og vinn mín verk eins vel og ég get.“



„Við höfðum gert okkur vonir um að bæta við okkur í þingmannafjölda og auka fylgið.“

Guðjón Arnar Kristjánsson (F)

Hefðum viljað bæta við einum manni

„Við hefðum viljað sjá meira heildarfylgi á landsvísu,“ sagði Guðjón Arnar Kristjánsson, þingflokksformaður Frjálslynda flokksins, þegar fyrstu tölur bárust í gærkvöldi. „Við höfðum gert okkur vonir um að bæta við okkur í þingmannafjölda og auka við fylgið, en það kemur í ljós þegar fram vindur hvernig það verður.“

Hvað varðar viðræður um ríkisstjórnarmyndun sagði Guðjón ljóst að látið yrði reyna á Kaffibandalag Frjálslynda flokksins, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna. „Því var lýst yfir fyrir löngu að þessir flokkar myndu setjast að samningaborði ef ríkisstjórnin félli. Það verður í það minnsta látið reyna á hvort það gengur.“

30% afsláttur af Vega vítamínum

Acidophilus Bifidus + FOS
Mjólkursýrugerlar, góðir fyrir meltinguna.

Champignon DETOX + FOS og Spirulina
Hreinsaðu líkamann að innan - minnkar óæskilega lykt.

Milk Thistle DETOX
Hreinsaðu líkamann að innan.

Psyllium Husk Fibre
Rúmmálsaukandi, gott fyrir meltinguna.

Apótekið
Lifid heil

www.lyfja.is

Utankjörfundaratkvæði fyrir bí þegar DHL-sending frá Bandaríkjunum var opnuð:

Atkvæðin ógilt í póstinum

KOSNINGAR Atkvæðaseðlar sem Sigríður Rafnar Pétursdóttir lögfræðingur sendi til Íslands frá Boston í Bandaríkjunum voru gerðir ógildir þegar umslögin voru opnuð á leiðinni. Bréfin voru send með DHL-hraðsendingu, en ekki er ljóst hvar á leiðinni umslögin voru opnuð.

„Þegar ég ætlaði að skila af mér atkvæðunum sá ég að það var búið að klippa upp umslögin utan um sjálfa seðlana,“ segir Pétur Guðmundarson, faðir Sigríðar, sem tók á móti sendingunni. „Ég fór til yfirkjörstjórnar og fékk að heyra að atkvæðin væru ógild, enda hefði leyndin verið rofin þegar bréfin voru opnuð.“ Hann segist mjög ósáttur við að atkvæðaseðlarnir hafi verið gerðir ógildir á þennan hátt. „Mig langar að vita hver opnaði þessi umslög og hvers vegna. Þetta er mjög alvarlegt mál.“

„Ég á erfitt með að trúa að starfsmenn okkar hafi opnað þessi umslög, við opnum sendingar aðeins í undantekningartilvikum,“ segir Sverrick Auðunsson, rekstrarstjóri DHL á Íslandi.

„Mér finnst líklegra að þetta hafi verið á vegum

UMSLAG Talsmaður DHL á Íslandi telur ólíklegt að bréfin hafi verið opnuð á vegum DHL. Sendingar séu aðeins opnaðar í undantekningartilvikum.

tollsins, eða jafnvel einhvers staðar úti í Bandaríkjunum.“ Hann segist ætla að kanna málið eftir helgi. Ekki náðist í forsvarsmenn Tollgæslunnar vegna málsins.

- sps

LAGADEILD

Hérna gerist það

Reynsla, metnaður og gæði einkenna nám við lagadeild Háskóla Íslands.

Lagadeild HÍ býður upp á fjölbreyttustu möguleikana á sérhæfingu og skiptinámi erlendis. Lögfræðingar frá deildinni eiga auðvelt með að komast í framhaldsnám erlendis við virtustu laga-skóla heims enda orðspor deildarinnar vel þekkt.

Lögfræðingar frá lagadeild HÍ eru eftirsóttir starfsmenn. Með námi við deildina tryggja nemendur sér örugga framtíð og fjölbreytta atvinnumögu-leika.

Umsóknarfrestur fyrir grunnám er til 5. júní

www.lagadeild.hi.is

Málflutningsæfing í Lögbergsdómi í Lögbergi, húsi lagadeildar.

Til að ná árangri þarf metnað. Í tæpa öld hefur Háskóli Íslands gegnt lykilhlutverki í íslensku samfélagi og tekið þátt í að efla það og styrkja. Metnaður Háskóla Íslands er metnaður íslensku þjóðarinnar. Stefna Háskóla Íslands er skýr: Til að þjóna sem best íslensku samfélagi hefur Háskóli Íslands sett sér það langtíamarkmið að vera á meðal 100 bestu háskóla í heimi. Það er framtíðin.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is

KOSNINGAR 2007



Kátir í Eyjum Árni Johnsen og Árni M. Mathiesen voru mættir í kosningakaffi í Vestmannaeyjum.

Árni Johnsen (D):

Átti von á þessum úrslitum

„Já, ég átti von á þessu,“ sagði Árni Johnsen eftir að fyrstu tölur birtust. „Ég hef fundið fyrir greinilegri fylgni um allt kjördæmið og mér sýnist að það sé raunhæft að lokatölur verði eitthvað í þessum dúr. Flokkurinn er aftur orðinn langstærsti flokkurinn í kjördæminu.“

Jón Magnússon (F):

Sáttur með sitt

Jón Magnússon hefði viljað sjá betri útkomu Frjálslynda flokksins á landsvísi, miðað við fyrstu tölur, en er ánægður með eigin árangur. „Þetta er kjördæmi þar sem eru hvorki meira né minna en þrjú formenn flokka, þannig að ég get ekki annað en unað við mitt, miðað við það sem flokkurinn er að fá að öðru leyti.“

Siv Friðleifsdóttir (B):

Erfitt að skýra niðurstöðuna

„Okkur finnst auðvitað svolítið sérstakt eftir mjög farsælt stjórnsamstarf að samstarfs-



SIV FRÍÐLEIFSDÓTTIR

flokkurinn er að mælast í sókn en við ekki,“ sagði Siv Friðleifsdóttir eftir að fyrstu tölur birtust. Hún sagðist engar sérstakar skýringar eiga á fylgistaðinu, en sagði að oft

Sigurjón Þórðarson (F):

Deilir ekki við kjósendur

„Þetta er bara eins og það er og ekkert við því að segja. Mér sýnist fólk að sem var með mér á lista hafa skilað góðri vinnu, og það hafi bara ekki verið nóg,“ segir Sigurjón Þórðarson, þingmaður Frjálslynda flokksins.

Miðað við talningu í kringum miðnætti í gær fellur hann af þingi, en hann var efsti maður á lista Frjálslynda flokksins í Norðausturkjördæmi. Hann segir það vonbrigði, en ekki þýði að deila við kjósendur.

Guðbjartur Hannesson (S):

Er mjög sáttur

„Mér sýnist Samfylkingin koma vel út svo ég er mjög sáttur. Ég er nýr inni á svæðinu og við lögðum upp með þetta í byrjun, þannig að þetta er frábær árangur. Ég gerði mér reyndar vonir um að með smá heppni myndum við ná inn einum manni í viðbót en það voru ýtrustu vonir,“ segir Guðbjartur Hannesson, sem skipar fyrsta sæti á lista Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi.

Á þriðja tug nýliða

Átján nýliðar voru öruggir með þingsæti þegar blaðið fór í prentun, flestir frá Sjálfstæðisflokki. Óvissa var um sæti víða og ljóst að nýliðar eru nokkuð fleiri.

Talsverð nýliðun er í flokki þingmanna eftir kosningarnar í gær. Nýr þingmaður kemur í stað hvers þeirra sem lætur nú af þingmennsku, og eru þeir á þriðja tug þetta árið.

Þegar Fréttablaðið fór í prentun leit allt út fyrir að þrjú nýliðar væru örugglega á leið á þing í Norðvesturkjördæmi; Herdís Á. Sæmundardóttir fyrir Framsóknarflokkinn og Guðbjartur Hannesson og Karl V. Matthíasson fyrir Samfylkinguna, en Karl var einnig þingmaður flokksins á árunum 2001 til 2003.

Í Norðausturkjördæmi voru tveir nýliðar öruggir; Kristján Þór Júlíusson og Ólöf Nordal fyrir Sjálfstæðisflokkinn.

Fjórir nýir þingmenn voru öruggir inn í Suðurlkjördæmi þegar blaðið fór í prentun. Þeir eru sjálfstæðismennirnir Árni Johnsen, sem mun setjast aftur á þing eftir sex ára fjarveru, Björk Guðjónsdóttir og Atli Gíslason fyrir Vinstrihreyfinguna - grænt framboð og Róbert Marshall fyrir Samfylkinguna.

Í Suðvesturkjördæmi voru fimm nýliðar öruggir með þingsæti; þrjú sjálfstæðismenn og tveir úr Samfylkingu. Fyrir Sjálfstæðisflokk koma Ármann Kr. Ólafsson, Jón Gunnarsson og Ragnheiður Elín Árnadóttir ný inn og fyrir Samfylkingu Gunnar Svavarsson og Árni Páll Árnason.

Einungis einn nýliði var öruggur með þingsæti í Reykjavíkukjördæmi suður þegar blaðið fór í prentun. Það var Illugi Gunnarsson, frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins.

Hins vegar voru þrjú nýliðar



KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON



GUÐFINNA S. BJARNADÓTTIR



ÁRNI JOHNSEN



GUNNAR SVAVARSSON



RAGNHEIÐUR ELÍN ÁRNADÓTTIR



GUÐBJARTUR HANNESSON



JÓN GUNNARSSON



KARL V. MATTHÍASSON



BJÖRK GUÐJÓNSDÓTTIR



ATLI GÍSLASON



ÓLÖF NORDAL



ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON



ÁRMANN KR. ÓLAFSSON



RÓBERT MARSHALL



ÁRNI PÁLL ÁRNASON



ILLUGI GUNNARSSON

öruggir inn í Reykjavíkukjördæmi norður; Guðfinna Bjarnadóttir fyrir Sjálfstæðisflokkinn og Katrín Jakobsdóttir og Árni Þór Sigurðsson fyrir Vinstri græn.

Samtals voru því átján nýliðar öruggir með þingsæti þegar blaðið fór í prentun, en ljóst er að þeir eru nokkuð fleiri, þar sem óvissa ríkti um sæti hér og þar. stigur@frettabladid.is

Gunnar Helgi Kristinsson segir Framsóknarflokkinn hafa staðið í skugga Sjálfstæðisflokks:

Pólitísku lífi Ingibjargar Sólrúnar bjargað

„Það sem er merkilegast er fallin stjórn, sem hefur ekki gerst síðan 1987,“ sagði Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði, í samtali við Fréttablaðið um hálftré í gærkvöldi.

„Mikill sigur VG, sem eykur fylgi sitt um fimmtíu prósent, er líka merkilegur. Framsóknarflokkurinn tapar kosningunum og hefur aldrei áður fengið jafn vonda niðurstöðu.“

Gunnar Helgi telur ástæður þess að Framsókn tapar en Sjálfstæðisflokkurinn ekki vera þær að hann sé minni flokkurinn í mjög löngu ríkisstjórnsamstarfi, auk



GUNNAR HELGI KRISTINSSON Prófessor í stjórnmálafræði.

eiga ekki þingmann á suðvesturhorninu en telur hann engu að

þess sem virkjanamál og Íraksstríðið hafi haft sín áhrif.

„Og innan flokksins hefur í raun og veru verið hálfgerð upplausn alveg frá því í sveitarstjórnarkosningunum.“ Hann segir alvarlegt fyrir Framsóknarflokkinn að

síður geta setið í ríkisstjórn með vinstri flokkunum.

Gunnar Helgi segir umhverfismál og skiptingu tekna hafa skilað VG kosningasigrinum. Hann segir Sjálfstæðisflokkinn hafa fengið góða kosningu, ekki síst fyrir Geir H. Haarde formann þó að úrslitin kunni að leiða til þess að hann tapi forsætisráðherrastólnum.

Niðurstaðan sé líka Samfylkingunni hagfæld. „Ég held að þessar kosningar hafi í raun bjargað pólitísku lífi Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. Hún skilar flokknum álíka sterkum og þegar hann var sterkastur.“ - bps

Mistök á kjörstað hleyptu af stað leit að stúlku um allt höfuðborgarsvæðið:

Kjörstjórnin sótti kjósandann

„Við leitum stúlkunnar á öllum stöðum sem okkur datt í hug, sendum fólk heim til hennar og hringdum í öll símanúmer sem okkur datt í hug. Þetta varð nokkuð dramatískt en endirinn var mjög ánægjulegur,“ segir Guðríður Óskarsdóttir, sem starfar í kjörstjórn í Setbergsskóla í Hafnarfirði, en lengi leit út fyrir að Íris Sigurðardóttir, 27 ára Hafnarfirðingur, gæti ekki kosið vegna mistaka sem urðu á kjörstað. Búið var að merkja við nafn hennar og fékk hún þau svör í byrjun að hún gæti því ekki kosið.

„Ég sótti hana sjálf út í Garðabæ þar sem Íris var að fylgjast



MIKIÐ AÐ GERA Litlu mátti muna að atkvæði stúlku í Hafnarfirði félli niður sökum smávægilegrar yfirsjórnar á kjörstað. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

með kosningasjónvarpinu,“ segir Guðríður. „Við vildum allt til vinna til að laga þetta.“ Þau mis-

tök voru gerð á kjörstað í Setbergsskóla að merkt var við Írisi þegar alnafna hennar, sem býr í sömu götu í Hafnarfirði, kom til að kjósa fyrr um daginn. „Það var merkt við ranga konu, en það er aukaatriði núna. Það hefði þó verið mjög alvarlegt ef hún hefði ekki getað nýtt atkvæðisrétt sinn.“

Þegar Fréttablaðið hafði samband við Írisi var hún að njóta kosningakvöldisins með vinahóp sínum, nýkomin til baka af kjörstað í annað sinn í gær. Hún segist hafa orðið afar reið þegar hún sá fram á að fá ekki að kjósa. „En þetta leystist allt saman farsælega og ég kaus rétt.“ - shá



GARÐAR OG BRYNDÍS Bæði óttast það að breytingar verði ekki nægar eftir kosningar. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

Nóg um að vera á kjördag: Dagurinn algjör konfektkassi

Bryndís Vilbergsdóttir og Garðar Erlingsson kusu í Ráðhúsinu síðdegis í gær, og kusu bæði það sama og fyrir fjórum árum.

Þau dóðruðu við listagönguna framan af degi. „Það er svo margt í gangi, við erum búin að vera hér í bænum að horfa á risessuna,“ sagði Bryndís. „Þetta er bara konfektkassi,“ sagði Garðar. „Listahátíð, kosningar og Eurovision, það kemst nú eiginlega ekki meira fyrir á einum degi,“ sagði Bryndís. Bæði sögðust hrædd um að ástandið yrði óbreytt að loknum kosningum. - sh

Steingrímur J. fór víða í gær:

Frá Siglufirði til Egilsstaða og Þórshafnar

Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, gerði víðereist um kjördæmi sitt, Norðausturkjördæmi, í gær.

Hann fór með áætlanarflugi til Akureyrar snemma í gærmorgun og ók þaðan til Siglufjarðar og til baka aftur með viðkomu á Ólafsfirði og Dalvík. Leiðin lá þá austur til Egilsstaða með stoppi á Húsavík og öðru á Þórshöfn á bakaleiðinni til Akureyrar. Þar var hann þegar fyrstu tölur birtar en flaug svo til Reykjavíkur og var í formannaútsendingu Stöðvar 2 áður en hann fór á kosningavöku VG á Hótel Sögu. - bps

DÆMI UM GLITNISPUNKTASÖFNUN

Viðskiptavinur með 300.000 kr. kreditkortanotkun á mánuði, í Platínium og Eignastýringu, með bílalan, viðbótarlífeyrissparnað og tryggingar hjá Sjóvá, safnar um 70.000 punktum á ári.

SKRÁÐU ÞIG NÚNA!

Þeir sem skrá sig fyrir 17. júní fá 10.000 Glitnispunkta strax!



VILDAR
KLÚBBUR
GLITNIS

PUNKTARNIR
SNÚAST UM ÞIG

NÝJUNG Í BANKAVIÐSKIPTUM

Vildarklúbbur Glitnis er nýtt tryggðarkerfi fyrir viðskiptavinum í Vildarþjónustu Glitnis.* Meðlimir safna verðmætum Glitnispunktum fyrir það eitt að vera í viðskiptum við Glitni og samstarfsaðila.

Vildarklúbbur Glitnis margborgar sig ... punktur!

* Viðskiptavinir í Vild, Gullvild, Platinum og Námsvild.

SVONA SAFNAR ÞÚ GLITNISPUNKTUM

- Kreditkortanotkun
- Viðskiptavinir í Vildarþjónustu*
- Bílalán hjá Glitni Fjármögnun
- Viðbótarlífeyrissparnaður
- Eignastýring
- Einkabankþjónusta
- Tryggingar hjá Sjóvá og margt fleira

GLITNIR

Kynntu þér málið á www.glitnir.is, í næsta útibúi eða hjá Þjónustuveri í síma 440 4000.

KOSNINGAR 2007

Fjölbreytt mannlíf á fallegum kjördegi

Sólin skein en napur norðanvindurinn beit í kinnar á höfuðborgarsvæðinu í gær. Risar, hestar og menn voru á ferli; hestar og menn fóru á kjörstaði en risarnir höfðu öðrum hnöppum að hneppa. Almennt var létt yfir fólki sem flest beið spennu eftir úrslitum kosninganna.

Kaus fyrst fyrir 65 árum:

Hefur kosið það sama í 21 skipti

Skúli Skúlason er orðinn 88 ára gamall og hefur kosið 21 sinni í alþingis- og sveitarstjórnarkosningum. „Ég kaus fyrst árið 1942 og hef alltaf kosið sama flokkinn, Sjálfstæðisflokkinn,“ segir Skúli.



SKÚLI SKÚLASON

Skúli hefur marga fjöruna sopið og þykir ýmislegt hafa breyst við kosningar hérlendis frá árinu 1942. Þrátt fyrir það vill hann ekki meina að hátíðleikinn á kjördegi hafi minnkað merkjanlega.



Nýjum Íslendingum fjölgaði á kjörskrá frá síðustu kosningum:

Kusu í fyrsta sinn til Alþingis

Fjölmargir kusu í Hagaskóla í gærmorgun, þeirra á meðal margir nýir Íslendingar sem fá nú að taka afstöðu til þess hverjir þeir telja að muni best hlúa að þeirra hagsmunum.

Í kringum tvö þúsund manns sem nú hafa kosningaaldur hafa hlotið íslenskt ríkisfang frá síðustu kosningum, og geta nú í fyrsta sinn kosið fulltrúa til setu á Alþingi Íslendinga, nýrra sem aldinna.



SETIÐ Í SÓLINNI Linda, Steinþór, Ásta og dóttir þeirra Katla nutu lífsins á kosningadeginum.


Fara alltaf í kosningakaffi á kjördag:

Nutu dagsins

Þær Linda Vilhjálmsdóttir og Ásta Vilhjálmsdóttir sátu í sólinni fyrir framan kosningaskrifstofu Samfylkingarinnar í Reykjavík og gæddu sér á vöflum og kaffi. „Við erum búnar að kjósa og að sjálfsögðu kusum við Samfylkinguna,“ segir Linda.

Linda og Ásta leggja það í vana sinn að setjast niður í kosningakaffi eftir heimsókn á kjörstað. „Það er gott að vera með sínum mönnum og njóta dagsins,“ segir Linda.

„Reyndar er maðurinn minn í framboði fyrir Samfylkinguna þannig að þetta er eini staðurinn sem ég vil vera á.“



MIKILL ÁHUGI Sjaldan hefur stakur listviðburður vakið jafnmikla athygli hérlendis og ævintýrið um risessuna. Gjörnurinn er partur af menningarhátíðinni „Pourquoi pas?“ – Franskt vor og Listahátíð í Reykjavík.

Franska risessan bjargaði Reykvíkingum:

Óvæntur endir

Fjölmenni fylgdist með ferðum risessunnar í gær og leit hennar að föður sínum. Margir í áhorfendaskaranum voru á leið á kjörstað þó svo að yngsta kynslóðin hafi haft mun meiri áhuga á átta metra háu strengjábúðinni en framgangi kosninganna.

Fyrsta verk risessunnar í morgunsárið var að fara í sturtu. Síðan hófst leitinn að pabba og bar hún árangur er feðginin mættust á Skothúsvegi við Tjörnina upp úr hádegi.

Risessan lokkaði föður sinn niður að höfn en ekki vildi hann fylgja henni úr landi. Hún tók því ferðatösku sína og sigldi á brott á meðan pabbi sat eftir reiður og úrillur á hafnarbakkanum.

En dagar hans voru taldir og greip risavaxinn krani um höfuð hans, reif það upp og henti út í sjó. Reykvíkingar þurfa því ekki að hafa áhyggjur af því framar að bílar þeirra verðir klipptir í tvennt í skjóli nætur.



RIÐIÐ Á VAÐIÐ Í Vatnsendahverfinu er hefð fyrir því að riða á kjörstað. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Fjörutíu hestamenn fjölmenntu í Salaskóla:

Riðið á kjörstað

Hópur rúmlega 40 reiðmanna reið á kjörstað í Vatnsendahverfi í gær. Þetta er í þriðja skiptið sem efnt er til hópreiðar í tilefni kosninga, en í fyrsta skiptið sem ferðinni er heitið í Vatnsendaskóla.

„Fyrst var enginn kjörstaður hér svo við þurftum að riða upp í Salaskóla þannig að það varð skemmtitúr í kringum það,“ segir Ásta Björnsdóttir, ein reiðkvennanna. „Síðan varð þetta að hefð. Nú þurfum við reyndar að fara svo stutt að við tökum aukahring kringum vatnið til að gera almennilega ferð úr þessu.“

Edda Björg Eyjólfsdóttir:

Gott að breyta til

Edda Björg Eyjólfsdóttir er ekki sátt við hversu litla áherslu flokkarnir settu á menningarmálin fyrir þessar kosningar. „Það er enginn flokkanna með skýra stefnu í menningarmálunum,“ segir Edda. „Til dæmis er Þjóðleikhúsið okkar að drabbast niður.“

Edda er ekki ein af þeim sem ákveða sig er komið er inn í kjörklefann. „Ég var búin að ákveða mig núna en ég kys alls ekki alltaf sama flokkinn,“ segir Edda. „Það er gott að breyta til og ég held að við þurfum á breytingu að halda.“

Tryggvi Gunnlaugsson:

Alltaf trúr sínum flokki

Meðal þeirra sem lögðu leið sína á kjörstað í gær var Tryggvi Gunnlaugsson, betur þekktur sem Tryggvi á hjólinu. „Ég hef reynt að kjósa sem oftast síðustu 30 árin en það er ekkert allt of oft,“ sagði Tryggvi þar sem hann beið í röð eftir að komast inn í kjörklefa.

Líkt og margir er Tryggvi trúr sínum flokki og segist hann ekki ætla að bregða út af vananum nú. Hann vill hins vegar ekki gefa upp hvaða flokk hann kys. „Nei, ég vil sem minnst segja um það hvern ég kys. Ég er bara tryggur mínum flokki. Það má orða það þannig,“ sagði Tryggvi.

Magnús P. Lúðvíksson:

Kaus fyrst í miðjum prófum

Magnús Þorlákur Lúðvíksson, 18 ára forseti Framtíðarinnar í MR og spurningakeppnakeppa, kaus í fyrsta sinn í Hagaskóla í gærmorgun.

Magnús liggur ekki á skoðunum sínum. „Ég kaus Samfylkinguna,“ segir hann. „Ég vil sjá breytingar í velferðar-, atvinnu- og menntamálaum á Íslandi.“ Magnús naut ekki lífsins á Listahátíð í Reykjavík í gær. „Ég fór beint á Bókhöðuna eftir að ég kaus, og verð að læra í allan dag [í gær].“ Hann sagðist ekki gera ráð fyrir að horfa á Eurovision-keppninni, en hugðist fylgjast spenntrú með kosningasjónvarpi.



BEINT Í KASSANN Magnús var glaðbeittur á svip þegar hann skilaði sínu fyrsta atkvæði í kjörkassann.

FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

www.oryggi.is

Hver vaktar þitt heimili?

Hinn og hat / S/A

Hringdu í **530 2400** og fáðu Heimaöryggi í áskrift!



Eldri borgarar 60+

Byrjendur

30 kennslustunda byrjendánámskeið. Engin undirstaða nauðsynleg, hæg yfirferð með reglulegum endurtekningum í umsjá þolinmóðra kennara.

Aðalmarkmið námskeiðsins er að gera þátttakendur færa að nota tölvuna sjálfstætt, m.a. til að skrifa texta og prenta, nota Internetið sér til gagns og gamans, taka á móti og senda tölvupóst.



Kennsla hefst 16. maí og lýkur 11. júní. Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl. 13-16.

Verð kr. 19.500,- Vegleg kennslubók innifalin.

Framhald I

30 kennslustundir. Hentar þeim sem lokið hafa byrjendánámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu.

Byrjað er á upprifjun áður en haldið er lengra í ritvinnslu í Word. Framhaldsæfingar á Internetinu og í allri meðferð tölvupósts.

Kennsla hefst 15. maí og lýkur 7. júní. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13-16.

Verð kr. 19.500,- Vegleg kennslubók innifalin.



TÖLVUSKÓLINN ÞEKING

FAXAFEN 10 | GLERÁRGATA 36 | WWW.TSK.IS | SÍMI: 544 2210
108 REYKJAVÍK | 600 AKUREYRI | SKOLI@TSK.IS

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ



Ráðherra friðlýsti æskuslóðir og fæðingarstað Jónasar Hallgrímssonar:

Fólkvangur verður í Öxnadal

UMHVERFISMÁL Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra friðlýsti í fyrradag hluta jarðarinnar að Hrauni í Öxnadal. Þar verður fólkvangur og fræðasetur. Ráðherrann friðlýsti einnig hverastrýtur á botni Eyjafjarðar, Arnarnesstrýtur.

Friðlýsta svæðið á Hrauni nær yfir 2.286 hektara. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda svæðið til útivistar og náttúruskoðunar en verndargildi svæðisins tengist ekki síður bókmenntaarfi þjóðarinnar því Jónas Hallgrímsson er fæddur á Hrauni.

Friðlýsingin tók gildi í fyrradag, tveimur dögum fyrir alþingiskosningarnar, en að sögn Guðmundar



HRAUN Í ÖXNADAL Það á vel við að gera Hraun að fólkvangi í ár þegar 200 ár eru liðin frá fæðingu Jónasar Hallgrímssonar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

Sigvaldasonar, sveitarstjóra í Hörgárbyggð, hefur verið unnið að málinu lengi. „Við byrjuðum að funda með landeigendum í haust og send-

um erindið til Umhverfisstofnunar í janúar,“ segir Guðmundur. Eigandi jarðarinnar er Menningarfélagið Hraun í Öxnadal ehf. og undanfarin misseri hefur verið unnið markvisst að uppbyggingu á Hrauni. Þar stendur til að koma á fót minningarstofu um skáldið og fræðasetri fyrir fræðimenn og listamenn. Að sögn Guðmundar er friðlýsing svæðisins þáttur í þessari uppbyggingu.

Hverastrýturnar á botni Eyjafjarðar sem friðlýstar voru í gær eru einstök náttúrufrýrbrigði. Með friðlýsingunni eru togveidar, netalagnir og línuveiðar bannaðar við svæðið og í jafri þess.

- þo

Páfi messar yfir hundruðum þúsunda Brasilumanna:

Munkur tekinn í dýrlingatölu

BRASILÍA, AP Benedikt XVI páfi hélt í fyrradag áfram ferð sinni um Brasilíu, þar sem yfir 120 milljónir kaþólskra búa. Hann messaði yfir ungu fólki á troðfullum íþróttaleikvangi og hvatti það til að standast freistingar auðs, valda og aðrar „gildir hins illa“ og sagði því að „styðja lífið frá upphafi til náttúrulegra loka þess“.

Páfi vísaði með þessum orðum sínum til banns kirkjunnar við fóstureyðingum og líknardrápi, í fyrstu stóru ræðu sinni eftir komuna til Brasilíu á fimmtudag.

Um morguninn mættu hundruð þúsunda manna til að hlýða á páfa messa á flugvelli við Sao Paulo. Í messunni lýsti hann brasilíska 18. aldar munkinn Antonio de Sant'Anna Galvao dýrling, en trúaðir telja hann eiga heiðurinn af yfir 5.000 kraftaverkalækningum. Að því er fullyrt var í fréttum sjónvarpsstöðvarinnar Globo TV var um ein og hálf milljón manna viðstödd útímessuna.

Galvao er fyrsti maðurinn sem fæddur er í Brasilíu og kemst í dýrlingatölu.

„Gerirðu þér grein fyrir því hvað þetta er stór viðburður?“ spurði Herminia Fernandez, einn messu-



PÁFA FAGNAÐ Gríðarlegur mannfjöldi fagnaði páfa og hann kom á páfabílum á messustaðinn á flugvelli við Sao Paulo í fyrradag.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

gesta, er mannfjöldinn fagnaði páfa og veifaði fánunum frá öllum löndum Suður-Ameríku.

- aa

Ný hugsun. Nýr lífsstíll.
Nýtt hverfi.
15. maí.

Þú átt heima hér

URRIÐAHOLT

EKKI LÁTA ÞAU GANGA OF LANGT:

ÞÚ VEIST AÐ ÞAÐ BORGAR SIG AÐ VERA Í VILDARKLÚBBI ICELANDAIR

ISENSKA SÍULS ICE 7012 05/07



Þú safnar Vildarpunktum í viðskiptum við Icelandair, Flugfélag Íslands, hjá Icelandair hótelnunum og öðrum samstarfsaðilum Vildarklúbbs Icelandair.

- Þú notar Vildarpunktana þína til þess fara út heim í áætlunarflugi Icelandair – börn að 16 ára aldri fljúga á helmingspunktum
- Þú notar Vildarpunktana til greiðslu fyrir gistingu á yfir 100 hótelnunum víðs vegar um heim og fyrir bílaleigubíla.
- Sérhver félagi í Vildarklúbbi Icelandair safnar að meðaltali á hverju ári Vildarpunktum sem samsvara greiðslu fyrir flugfari til Evrópu með Icelandair.
- Þú getur notað Vildarpunktana þína sem greiðslu að hluta fyrir flugfar og greitt afganginn með peningum.
- Þú getur einnig notað Vildarpunktana þína hvenær sem er og fyrir hvern sem er.

SKRÁÐU ÞIG Í VILDARKLÚBB ICELANDAIR OG NJÓTTU FRÁBÆRRA FRÍÐINDA OG GLÆSILEGRA FERÐATILBOÐA.

+ Nánari upplýsingar á www.vildarklubbur.is



Vildarklúbbur

NJÓTIÐ VEL!

POKASJÓÐUR VEITIR STYRKI TIL **UMHVERFIS-, MENNINGAR-, ÍPRÓTTA-** OG **MANNÚÐARMÁLA**. SJÓÐURINN SKIPTIST Í SAMEIGNARSJÓÐ, SEM POKASJÓÐUR VEITIR STYRKI ÚR, OG SÉREIGNASJÓÐ SEM HVER AÐILDAR-FÉLAGI FYRIR SIG VEITIR ÚR. FRÁ UPPHAFI HEFUR POKASJÓÐUR ÚTHLUTað MEIRA EN 700 MILLJÓNUM.

ÚTHLUTUN ÚR POKASJÓÐI 2007 HEFUR FARIÐ FRAM OG VAR RÍFLEGA **100 MILLJÓNUM** ÚTHLUTað TIL STYRKAR MARGVÍSLEGUM UPPBYGGI-LEGUM MÁLEFNUM EINS OG ÚTHLUTUNARLISTINN SÝNIR.



POKASJÓÐUR

STYRKÞEGAR 2007

Íþróttir og útvíst

Nikulás	400.000	Nikulásarmót í knattspyrnu fyrir 12 ára börn og yngri
Landsamband hestamanna	500.000	Skráning og flokkun reiðvega
Æskulýðsnefnd Sórla	100.000	Kaup á endurskinsmerkjum til forvarna fyrir börn
Vélahjólaiþróttaklúbburinn	500.000	Gróðursetn. og fegrn á aksturssvæði klúbbsins á Bolaöldum
Porsteinn Sturla Gunnarsson	300.000	Kaup á hjólastólshjól
Raggagarður	500.000	Fjölskyldugarður Vestfjarða, leiksvæði og útvistarsvæði
Ungmennasambandið Úlfjótur	500.000	Unglingalandsmót, vímulaus fjölskylduskemmtun
Íþróttasamband fatlaðra	1.500.000	Sumarbúðir fatlaðra á Laugarvatni
Íþróttasamband fatlaðra	1.000.000	Alþjóðaleikar Special Olympics 2007
KFUM og KFUK Húsavík	200.000	Hvetja unglínga til útvistar
Ferðafélag Íslands	300.000	Gönguleiðir úr botni Hvalfjarðar, leiðalýsing og kort
Ferðafélag Íslands	150.000	Stækkun tjaldstæða við skála FÍ í Botnum á Emstrum
Ferðamálasamtök Suðurnesja	1.000.000	Stíkun fornra þjóðleiða á Reykjanesi, kort af Reykjanesi
Landsamtök hjólréiðamanna	200.000	Námskeið í umferðaröryggi o.fl.
Útillfsmiðstöð skáta Úlfjótuvatni	4.000.000	Uppbygging útillfsmiðstöðvar á Úlfjótuvatni
Samtals í íþróttir og útvíst	12.050.000 kr.	

Listir og menning

Leikhópurinn Lotta	100.000	Uppsetning á Dýrunum í Hálsaskógi
Hafstraumar	100.000	Fjöllistaveislan Hafstraumar 2007
Vitinn verkefnastofa	500.000	Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda 2007
List án landmæra	500.000	Lista og menningarhátíðin List án landmæra
Halaleikhópurinn	300.000	Uppsetning á leikriti og tengd leiklistarstarfssemi
Endurgerð Kútters Sigurfara	500.000	Endurgerð og varðveisla Kútters Sigurfara á Akranesi
Síldarminjasafn Íslands	500.000	Uppbygging Síldarminjasafnsins
Sænautesel	800.000	Gamli tíminn í Sænauteseli
Félag eldri borgara	1.500.000	Umhverfisbætur við hús eldri borgara á Flateyri
Menningarsetrið að Útskálum	1.000.000	Menningar- og atvinnusaga Útskála á margmiðl. form
Unglingagospelkór Garðasóknar	500.000	Unglingagospelkór Jóns Víðalíns í Garðasókn
Stykkishólmskirkja	500.000	Nýtt pípuorgel í Stykkishólmskirkju
Menningarmiðstöð Hornafjarðar	250.000	Sýning á verkum Svavars Guðnasonar
Jöklaasetur á Höfn	500.000	Fræðsludagskrá á vegum Jöklaaseturs

Fjölmenn Akureyri	100.000	Myndlistarsýning á Amtsbókasafninu
Helena M Eyjólfsdóttir	400.000	Tónleikar vegna 50 ára söngafmælis
Ingibjörg Aldís Ólafsdóttir	300.000	Hvað er svo glatt - söngdagskrá á vistheimilum aldraðra
Sverrir Heiðar Júlíusson	200.000	Unga fólkið og hlutverk þess í kúabúskapnum - námskeið
Sjálfseignastofnunin Tryggvaskáli	500.000	Endurbygging Tryggvaskála á Selfossi
Félag CP á Íslandi	400.000	Sumarhátíð fyrir hreyfihömluð börn og fjölskyldur þeirra
Sögusmiðjan	300.000	Vestfjarðarvefurinn - myndskreytt alfræðirit um vestfirði
Júlikvartettinn	400.000	Strengjakvartett leikur tónlist á dvalarheimilum aldraðra
Verslunarminjasafn á Hvammstanga	300.000	Lifandi sýning - Verslunarminjasafn á Hvammstanga
Léttsveitin Kvinnakór Reykjavíkur	100.000	Söngferð v/ menningarhát. á Seyðisfirði og Egilsstöðum
Ingibjörg Hanna Pétursdóttir	300.000	Auka menningarlegt gildi ísl. lambsullar og auka fjölbreytni
Dýragarðurinn Krossum	500.000	Fjölskyldugarður, dýr, leiktæki, samkomutjald o. fl.
Þingeyskur sagnagarður	500.000	Menningard., tónlistarflutn. og flygilkaupt í Þorgeirskirkju
Sinfóníuhljómsveit Norðurlands	450.000	Skólatónleikar hljómsveitarinnar í grunnskólum Norðurlands
Kirkjulistahátíð 2007	1.000.000	Kirkjulistahátíð í Reykjavík og Skálholti
Þórbergssetur	500.000	Miðla ævafornum menningararfi til nútíðar
Víkin - sjóminjasafnið í Reykjavík	500.000	Bryggjusýning - gamla höfnin lifað verslunar í 90 ár
Íslenskuskólinn	500.000	Menningarkortíð - íslensk börn um allan heim
Við Djúpið - tónlistarhátíð	500.000	Árleg tónlistarhátíð á Vestfjörðum
Haukur Guðlaugsson	500.000	Söfnun og útgáfa á orgelverkum fyrir verðandi organista
Tónlist fyrir alla	3.000.000	Skólatónleikar um land allt
Sinfóníuhljómsveit unga fólksins	500.000	Tónleikar hljómsveitarinnar
Sóknarnefnd Blönduóskirkju	500.000	Koma gömlu kirkjunni á Blönduósi í upprunalegt horf
Samtals í listir og menningu	19.800.000	

Mannúðarmál

RJF hópurinn	500.000	Stuðningsnefnd Arons Pálma Ágústssonar í Texas
SÁÁ	1.000.000	Námskeið fyrir börn alkóhólísta
ADHD samtökin	500.000	Fræðsla um skólagöngu barna með ADHD fyrir kennara o. fl.
Sjálfbjörg	500.000	Útvistarsvæði fyrir fatlaða við Elliðaavatn
Tölvumiðstöð fatlaðra	500.000	Námskeið fyrir fagfólk og foreldra fatlaðra barna
Lífið, samtök um líknandi meðferð	500.000	Gerð myndar um líknarmeðferð
Ferðafélagið Viðsýn	300.000	Ferðalög innanlands fyrir geðfatlaða á athvarfi Vinjar
Laugarneskirkja	500.000	Adrenalín gegn rasisma - vinna gegn fordómum



Vimlaus æska	5.000.000	Börnin okkar - forvarnar og sjálfsstyrkingarnámskeið
Styrktarfélag Geirs Þórissonar um spilafíkn	1.000.000	Aðstoð við Geir Þórisson fanga í USA Samtök áhugafólks
Dropinn, styrktarfélag barna með sykurs.	500.000	Forvarnarmyndband og stuðningur við spilasjúklinga
Beinvernd	250.000	Fræðslubúðir fyrir sykursjúka börn sumarið 2007
Blindrafélagið	1.000.000	Fræðsluþætti um áhættuþætti og úrræði gegn beinþynningu
Bergmál, líknar- og vínafélag	1.500.000	Sérstakir spilarar fyrir hljóðbækur til handa félagsmönnum
Ferðaklúbburinn Flækjufótur	300.000	Orlofsvikur fyrir krabbameinssjúka að Sóheimum
MS félag Íslands	500.000	Ferðaklúbbur sem gerir fótluðum kleift að ferðast um landið
Hestamiðstöð Reykjavíkur	500.000	Námskeið um sjúkdómminn fyrir nýgreinda og fjölskyldur
Sjónarhóll	2.200.000	Útgáfa á upplýsingabæklingi fyrir nýgreinda
HH Hátúnshópurinn	200.000	Áframhaldandi stuðningur við Sjónarhól
Fjölmennt	535.000	Opið hús á Hátúnssvæðinu þar sem flestir öryrkjar búa
Styrktarfélag vangefinna	700.000	Tækjakaup fyrir kennslu fatlaðra nemenda
Landssamtökin Þroskahjálp	500.000	Breyttur lífsstíll fyrir fólk með þroskahömlun og ofþyngd
Parkinsonssamtökin á Íslandi	250.000	Fjölskylduhátíð í Skagafirði - útgáfu starfsemi
Múlalundur vinnustofa SÍBS	500.000	Útgáfa á upplýsingabæklingi fyrir nýgreinda
Forma samtök átröskunarsjúkdóma	500.000	Kaup á lyftara og hækkanlegum borðum fyrir fatlaða
Systkinasmíðjan	350.000	Stuðningur og ráðgjöf, fræðsla og þrjústíðingur á samfélagið
Búsetu- og stuðningsþjón. f. geðfatlaða	500.000	Námskeið fyrir systkini barna með sérþarfir
KFUM og KFUK	250.000	Stofnkostnaður vegna löju fyrir geðfatlaða
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	750.000	Enginn eins, engum til meins - fræðsla á æskulýsstarfi
SAMAN hópurinn	2.000.000	Sumar- og helgardvöl í Reykjadal, Mosfellsbæ
Foreldra- og styrktarfélag Öskjuhl. skóla	500.000	Aukin samvera foreldra og barna - sameiginleg verkefni
Reykjalundur	4.000.000	Sumardvöl fyrir fótluð börn á höfuðborgarsvæðinu
Umferðarauglýsingar Pokasjóðs	4.000.000	Stuðningur við tækjakaup
Samtals í mannúðarmál	33.085.000	Sporna gegn hraðakstri

Umhverfismál		
Húsgull	3.000.000	Uppgræðsla Hólasands
Skálanesetun ehf	500.000	Öryggisúrþættir við Bjargbrún og bætt aðgengi að Skálanesi
Kvenfélagið Iðja, Miðfirði	200.000	Uppbygging útivistarsvæðis í Ásdísarlundi, Miðfirði
Fuglaverndarfélag Íslands	1.000.000	Uppbygging Friðlands í Flóa
Skógr.félag Reykjavíkur	2.500.000	Göngustígagerð í Esjuhlíðum

Landgræðslufélag Héraðsbúa	1.000.000	Stöðva jarðvegsrof og bæta ásýnd lands á Fljótsdalshéraði
Upprekstrar- og landbótafélag Vopnf.	300.000	Lokun rofabarða við Kálffell á Vopnafjarðarheiði
Fossá Skógræktarfélag	500.000	Aðkoma að skógræktarsvæðinu á Fossá
Ungmennafélagið Neisti	350.000	Fegrin útivistarsvæðis á Djúpvaggi
Skógr.fél og landvernarfélag. U. Jökli	200.000	Landgræðsla og skógrækt á milli Rífs og Hellissands
Landgr.félag við Skarðsheiði	1.000.000	Landbótarverkefni við Skarðsheiði - undir Hafnarfjalli
Hjallaskógur	250.000	Bæta aðengi að Hjallaskógi
Soroptimistaklúbbur Snæfellsness	100.000	Gróðursetning í lund félagsins í Tröð - Skógr.fél undir jökli
Gunnar Njálsson	170.000	Endurbætur á skógarstígum í Brekkuskógi í Grundarfirði
Byggðasafn Húsvetninga og Strandam.	500.000	Bætt aðgengi að Byggðasafni í tilefni 40 ára afmælis
Alviðra	500.000	kaup á kennslugögnum fyrir Alviðru
Skógr.félag A-Skaftafellssýslu	300.000	Lagfæring göngustíga í Haukafelli
Skógr.félag Stykkishólms	522.000	Gerð göngustíga og setja upp borð og bekkir
Menningamálanefnd Strandabyggðar	500.000	Merking gönguleiða og uppsetning söguskilta á Hólmavík
Skógr.félag Eyfirðinga	600.000	Bætt aðstaða fyrir gesti í Leyningshólum, Eyjafjarðarsveit
Helga Ingimarsdóttir	300.000	Útsýnispallur og gönguleið. Hafnir á Skaga
Sesseljuhús umhverfissetur	400.000	Sumarsýning Sesseljuhúss - endurnýtanlegir orkugjafar
Sauðfjársetur á Ströndum	300.000	Upplýsingaskilti um náttúru og umhverfi við Sauðfjársetrið
Skógr.félag skáta við Úlfjótuvatn	150.000	Skógrækt á skátasvæðinu á Úlfjótuvatni
Viðeyingafélagið	300.000	Hreinsun á fjöru og uppsetning leiktækja
Landgræðslufélag Biskupstungna	7.500.000	Uppgræðsla rofabarða og endurheimt landgæða í Biskupst.
Skógr.félag Íslands	4.000.000	Ræktunarverkefni á vegum aðildarfélaga Skógræktarfél. Ísl.
Fuglaverndarfélag Íslands	250.000	Garðfuglabæklingur - endurprentun
Ferðafélagið Útivist	250.000	Merking gönguleiða á Goðalandi
Ferðamálafélag Flóamanna	300.000	Merking gönguleiða í Flóahreppi
Landvernd	500.000	Fræðsla og áróður gegn akstri utan vega
Skógarmenn KFUM	750.000	Viðgerð á skógræktargirðingu Vatnaskógar
Profilum kvikmyndagerð	500.000	Í stuttu máli - heimildam. um Landgræðslu ríkisins í 100 ár
Ferðafélagið Útivist	2.000.000	Bæta aðstöðu ferðamanna í Þórsmörk
Hamrar útlífsmiðstöð skáta	500.000	Gerð útikennslustofu og umhverfisfræðslu
Sumarbúðir KFUM og K að Hólavatni	250.000	Skógrækt og stígagerð í landi Hólavatns
Ferðafélag Íslands	3.000.000	Bæta aðstöðu ferðamanna í Þórsmörk
Veiðifélag Skaftártungnamanna	400.000	Neysluvatnslögn, aðstað til sorpgeymslu, kortlagning o.fl.
Samtals í umhverfismál	35.642.000	
Samtals úthlutað 2007	100.577.000	

Kjösendur vildu vera með, betri einkunn er ekki hægt að hugsa sér.

Að loknum kosningum

JÓN KALDAL SKRIFAR

Í aðdraganda kosninganna í gær voru tvö umkvörtunarefni áberandi. Í fyrsta lagi þóttu skoðanakannir of margar og umræðan um þær svo plássfrek að sjálf málefnin lentu útundan. Skutu jafnvel upp kollinum hugmyndir um að banna ætti skoðanakannanir síðustu vikuna fyrir kjördag. Í öðru lagi var baráttan milli stjórnmálaflokkanna sögð daufleg, ef ekki beinlínis leiðinleg.

Þegar til kastanna kom voru kjösendur þó hreint ekki sammála, að minnsta kosti ekki því síðarnefnda.

Fólk kaus með fótunum eins og sagt er. Mætti á kjörstað, nýttí atkvæðarétt sinn og uppskeran var kjörsókn með besta móti um allt land.

Kjösendur vildu vera með. Og það er besta einkunn sem kosningar geta fengið.

Sannarlega voru þó hugmyndafræðileg átök þessarar kosningabaráttu með minnsta móti eins og margir af æðstuprestum almenningsálitsins héldu fram á bloggsíðum sínum og víðar.

Hvað var það þá sem dró kjösendur að kjörkössunum?

Kannski voru það skoðanakannanirnar sem hleyptu stuði í þetta eftir allt saman? Þær sýndu ríkisstjórnina ýmist standa eða falla, Framsóknarflokkinn skýndilega með þúls eftir að hann var kominn hálf leið til útfarastjórans, og Vinstri græn í frjálsu falli.

Það var sem sagt fullt að gerast. Og þar sem mikið er um að vera kemur fólk eins og sannaðist í gær.

Að banna skoðanakannanir í ákveðinn tíma fyrir kjördag er ekki góð hugmynd, þó ekki nema vegna þess að bönn eru almennt leiðinlegt fyrirbrigði. Stuðningsmenn bannhugmyndarinnar hafa sagt að kannanir geti haft óæskileg áhrif á hvernig fólk kys, að sumir vilji alltaf vera í sigurliði og kjósi því þá sterkustu.

Þetta er óþarfa vantraust á fólki. Þess utan er ekkert að því að láta stjórnast af könnunum ef fólk vill það. Út af fyrir sig getur til dæmis verið lýðræðislegt að nota atkvæði sitt til að freista þess að koma í veg fyrir að einn flokkur verði of stór.

Og að allt öðru því að þessarar helgar verður ekki aðeins minnst fyrir alþingiskosningar heldur líka vegna þess að þá steig listin út á götu og gekk um meðal fólksins. Sýning franska götulistahópsins Royale de Luxe á ævintýri risessunnar og föður hennar verður ógleymanleg öllum þeim aragrúa fólks sem kom í miðborgina til að fylgjast með ferðum þeirra.

Frábærir leikmunir hópsins komu í ljós þegar birtu af degi nokkra síðustu morgnana áður en sýningin hófst. Enginn þó snjallari en goshverinn sem hafði brotið sér leið í gegnum malbikið á bílplaninu við hliðina á Kaffi Reykjavík.

Um leið og Listahátíð Reykjavíkur og frönsku menningardagskránni „Pourquoi Pas“ er þökk að afbragðs skemmtun er hér með lagt til að Reykjavíkurborg kaupir goshverinn góða af Frökkunum og komi honum fyrir á góðum stað ef hann getur ekki verið þar sem hann er.

Þarna er loksins kominn gosbrunnur við hæfi í borg með nafnið Reykjavík.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson. AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir. FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvín Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir. FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871

Blóm á grafreiti

Tökum við pöntunum fyrir Hólavallagarð við Suðurgötu, Gufuneskirkjugarð Fossvogskirkjugarð og Kópavogskirkjugarð



Upplýsingar alla virka daga frá kl. 9 - 16 í síma 585 2700



FRÁ DEGI TIL DAGS

Breyttir tímar

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, bregður sér oft út fyrir landsteinana, líkt og rakið var í Fréttablaðinu í gær. Erindin eru af misjöfnu toga og ýmist opinber eða einka og áfangastaðirnir beggja vegna Atlantsála. Á fyrstu fjórum mánuðum ársins fór Ólafur Ragnar fjórum sinnum til Bandaríkjanna, tvisvar í einkaerindum og tvisvar til fundar við bandaríska ráðamenn. Er það álíka margar Bandaríkjaferðir og Vigdís Finnbogadóttir fór í á öllum sínum sextán ára forsetaferli. Vigdís var annað veiðifólk á faraldsfæti og þótti sumum nóg um; töldu það óþarfa og bruðl. En borið saman við Ólaf Ragnar verður

ekki annað sagt en að hún hafi verið heimakær.

Hvar er Gore?

Og fyrst minnst er á Ólaf Ragnar og Bandaríkin. Í einni ferðinni vestur um haf hitti forsetinn Al Gore, fyrrverandi varaforseta Bandaríkjanna, og bauð honum til Íslands. Var það í september síðastliðnum. Í tilkynningu frá forsetaskrifstofunni sagði að Gore hefði þegið boðið og kæmi „bráðlega í heimsókn“. Síðan eru liðnir tæpir átta mánuðir og Al enn ókominn.

Við erum bestir

Björn Bjarnason og Össur Skarphéðinsson voru



skemmtilega ósammála um frammi-stöðu flokksformannanna í Sjónvarpinu á föstudagskvöld. Björn skrifaði á heimasíðu sína „Ég er þeirrar skoðunar, að formenn stjórnaflokkanna hafi borið herðar yfir á þættinum, þar sem stefna þeirra var skýr og ótví-ræð.“ Össur skrifaði hins vegar á sína síðu „Ég er ekki hlutlaus, en mér fannst stjórna-andstaðan halda miklu betur á sínum hlut. Hún var að verja góða stöðu – en stjórna-herrarnir sem horfa framan í sterkar líkur á falli ríkisstjórnarinnar voru fjarri því að vera í sóknarhug.“

bjorn@frettabladid.is

Nú er lag

Tvönnar kosningar afstaðnar í vikunni sem var að líða og ástæða til að ætla þjóðin sé búin að fá nóg af pólitík og Eurovision, að minnsta kosti í bili. Dagskrá ríkisstjórnarvarpsins hefur verið með þeim hætti undanfarið að örlög þeirra sem þangað sækja afþreyingu sína og ekki hafa áhuga á stjórnmálamönnum eða evrópskum dægurlagasöngvurum eru skelfilegri en orð fá lýst. Þegar þetta er skrifað liggja úrslit Eurovision ekki fyrir en þó ljóst að við Íslendingar erum enn einu sinni ekki á meðal þátttakenda í úrslitum. Ástæðan augljós, við erum ekki Austurevrópuþjóð og eignum því ekki séns í þessu. Ég batt samt vonir við að vera okkar í Baltteska ráðinu myndi eitthvað nýtast okkur í atkvæðagreiðslunni, ekki langt síðan við vorum í formennsku þar, en laun heimansins eru og verða vanþakklæti. Til að losna úr þessari Austur-Evrópu klemmu hef ég heyrð þeirri hugmynd fleygt að hafa keppina tvíþætta, í öðrum hópnum keppi Nató-þjóðirnar og í hinum fyrrverandi þjóðir Varsjárbandalagsins. Fyrir andstæðinga Nató gæti þetta verið snúðugt, þar með myndi skapast andstaða við frekari fjölgun ríkja í sambandinu, stækkunin til austurs yrði ekki fýsileg. En sennilega er miklu snúðugra að við stofnum EFTA-vision með hinum þjóðunum sem mynda EFTA-stoðina í EES samstarfinu ásamt Sviss. Þar með minnka líkurnar á því að Norðmenn gangi í ESB því líkurnar á norskum sigri í Eurovision eru svipaðar og okkar Íslendinga, sem aftur eru þær sömu og að maður vinni í lottóinu þrátt fyrir að hafa ekki keypt miða.

Reyndar eigum við Norðurlandabúar marga góða tónlistarmenn, bæði í dægurlagatónlist og í sígildri tónlist. Abba vann eitt sinn Eurovision-ið og Björk er íslensk, Finnar eiga frábæra hljóm-sveitarstjóra og píanóleikarinn



ILLUGI GUNNARSSON Í DAG | Eftirmál

Leif Ove Andsnes er norskur svo nokkur dæmi séu nefnd. Ekki er síður um auðugan garð að gresja hjá Dönum. Það á ekki að koma á óvart að úr þeirra ranni kom einhver skemmtilegasti tónlistarmaður allra tíma, píanistinn Viktor Borge. Óborganlegur húmor hans og frábær tónlistargáfa fær fólk enn þann dag í dag til að veltast um af hlátri. Borge var mjög vel menntaður píanóleikari og lærði meðal annars undir handleiðslu Frederic Lamond í Berlín eftir fyrra stríð. Samnemandi hans þar var annar danskur píanisti, Gunnar Johansen en mig langar að segja frá honum í þessum pistli, því það veit sá sem allt veit að í dag langar mig alls ekki að skrifa um pólitík.

Ferill Gunnars er mjög einstakur og fyrir margra hluta sakir merkilgur. Hann varð frægur á einni kvöldstund eftir tónleika í New York, hann sókkti sér í vísindaiðk-an og einnig var hann ágætt tónskáld. Gunnar fæddist árið 1906 í Kaupmannahöfn. Faðir hans var fiðluleikari og Gunnar byrjaði snemma að læra á píanó. Eftir að námi lauk hjá Lamond, sem hafði lært hjá Franz Liszt fór hann í vist hjá Egon Petri sem meðal annars hafði lært hjá hinum ítalska Busoni. Gunnar var alla ævi mikill aðdáandi verka Busonis og spilaði verk hans víða.

En Gunnar Johansen varð skyndilega frægur í bandarísku

listalífi og víðar árið 1969. Í janúar það ár átti Peter Serkin að spila undir stjórn Ormandy útsetningu Beethovens á eigin fiðlu-konsert fyrir píanó. Stykkið var lítið þekkt og sjaldan spilað og þegar Serkin forfallaðist skyndilega, sumir segja að hann og Ormandy hafi ekki náð saman um túlkun, þá fannst hvergi píanisti sem hafði æft verkið. Góð ráð voru dýr því ekki voru nema 24 tímar þangað til tónleikarnir áttu að hefjast. Einhver sagði Ormandy frá því að í Wisconsin byggdi danskættaður píanisti sem væri frábærlega fljótur að æfa upp verk. Ormandy hringdi í Gunnar sem hafði aldrei æft verkið en féllst á að láta slag standa og koma til New York.

Ekki þarf að orörlengja það að á þessum 24 tímum tókst Gunnari að læra konsertinn og þrátt fyrir að varla hefði unnist tími fyrir eina æfingu með hljómsveitinni tókust tónleikarnir mjög vel. Afrek-ið þótti einstakt og vakti mikla athygli á Gunnari og nafn hans og þessi atburður eru mörgu áhuga-fólki um sögu píanóins vel kunn. Ferill Gunnars var annars einkar fjölbreyttur, hann stofnaði meðal annars akademíu, en þar áttu að starfa saman vísindamenn og hugsuðir úr ólíkum greinum vísinda og mennta. Gunnar lést í maí-mánuði árið 1991, 85 ára að aldri.

Rétt bara í lokin: Ég vona að í næstu kosningum verði ekki jafn ofboðslega miklum tíma varið í að ræða skoðanakannanir. Það fór endalaus tími hjá stjórnmálaleiðtogum landsins í að fjasu um þær og það er varla hægt að ímynda sér innantómara tal. Vandinn er að fjölmíðlarnir reyna að vekja athygli á skoðanakönnunum sínum til að auka áhorf eða lestur. Ég tel ólíklegt að svona mikil áhersla á skoðanakannanir síðustu dagana fyrir kjördag sé gagnleg fyrir lýðræðið í landinu.

Listahátíð nær nýjum hæðum

UMRÆÐAN

Listahátíð í Reykjavík

Óhætt er að segja að Listahátíð í Reykjavík hafi náð nýjum hæðum um helgina þegar götuleikhús Royal de Luxe lék listir sínar í miðborg Reykjavíkur. Sjálf naut ég þess að fylgjast með hverri einustu hreyfingu þessa undurfagra franska risamannvirkis, sem reyndist miklu áhrifaríkara en nokkur orð fá lýst. Í einni svipan breyttist Reykjavík í stórborg og börn á öllum aldri upplifðu stórkostlegt ævintýr. Viðbrögð fólks voru með þeim hætti að ég er þess fullviss að áhrifa þessa listræna uppnáms muni gæta með margvíslegum og ógrandi hætti um ókomna tíð.

Til þess að koma öllu heim og saman lögðust fjölmargir á eitt og unnu þrekvirkni en eins og skýrt hefur komið fram var hér á ferð samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík, Pourquoi Pas? – franska vorsins á Íslandi, Reykjavíkurborgar, lögreglu, slökkviliðs, Orkuveitunnar, Strætó bs. og fleiri sem saman ásamt fjölmörgum stuðningsaðilum tókst að leysa ótrúlega orku úr læðingi.

Ég verð líka að játa að glæsilega dagskrá Lista-



GUÐRÚN KRISTJÁNSDÓTTIR

hátíðar hef ég heldur ekki augum litið og hátíðin er bara rétt nýhafin. Samfelld veisla mun standa yfir til 26. maí. Hver áhugaverði listviðburðurinn mun reka annan þar til yfir lýkur. Þannig á líka Listahátíð í Reykjavík að vera.

Í mínu starfi sem kynningarstjóri Listahátíðar hef ég fengið tækifæri til þess að kynna mér ofan í kjölinn hverja einustu tónleika, myndlistarsýningu, leik-sýningu og uppákomu sem framundan er. Oft þegar ég er spurð hvað sé áhugaverðast stendur á svári frá mér því ég á bágt með að gera upp á milli viðburðanna, stórra og smærri. Byrja gjarnarn á að telja eitt-hvað upp en fyrr en varir er ég búin að segja frá þeim öllum. Það er einmitt mergurinn málsins að kynna sér ofan í kjölinn hvað Listahátíð hefur upp á að bjóða. Þannig nær listin inn að beini. Greinilegt er að margir hafa hrifist með að þessu sinni því aðgöngumiðasala á hátíðina hefur einnig náð nýjum hæðum.

Ég óska öllum gleðilegrar hátíðar!

Höfundur er kynningarstjóri Listahátíðar í Reykjavík.

Þú sparar 880 kr/kg

**35%
afsláttur**



1.635 kr/kg. áður 2.515 kr/kg.
Íslandsfugl kjúklingabringur

Þú sparar 328 kr/kg

**50%
afsláttur**



328 kr/kg. áður 655 kr/kg.
Ísfugl kjúklingur

Þú sparar 419 kr/kg

**30%
afsláttur**



979 kr/kg. áður 1.398 kr/kg.
Kryddlegið hrefnukjöt

Þú sparar 586 kr/kg

**37%
afsláttur**



999 kr/kg. áður 1.585 kr/kg.
Borgarnes grísakótilettur djúpkrýddaðar

Þú sparar 799 kr/kg

**40%
afsláttur**



1.199 kr/kg. áður 1.998 kr/kg.
Borgarnes víkinga lambalæri m/karrí og kókoskr.

Þú sparar 611 kr/kg

**40%
afsláttur**



916 kr/kg. áður 1.527 kr/kg.
Goða grísakótilettur



79 kr/stk.
Pepsi Max 2 ltr.

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 10. maí til 13. maí eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogi - Höfn

WALT WHITMAN (1819-1892)
FÆDDIST ÞENNAN DAG

„Verið forvitin, ekki dómhörð.“

Walt Whitman er eitt virtasta ljóðskáld Bandaríkjanna. Hann er þekktastur fyrir ljóðabókina *Leaves of Grass*.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 13. MAÍ 1955

Elvis veldur uppþotum

Á þessum degi árið 1955 var markað spor í sögu dægurmenningar. Á tónleikum Elvis Presley í Jacksonville í Flórída brutust í fyrsta skipti út óeirðir vegna popptónleika. Aldrei hafði tónlistarmaður dregið að sér jafnmikinn fjölda unglinga og Elvis gerði strax í upphafi ferils síns.

Þetta var á bernskuárum unglíngamenningarinnar. Í fyrsta skipti í sögunni hafði svona stór hópur ungs fólks fáum skyldum að gegna öðrum en mæta í skóla og læra heima. Unglingana þyrsti í eitthvað nýtt sem gat aðgreint þá bæði frá börnum og fullorðnum. Elvis með sína brjáluðu rokkónlist og eggjandi hreyfingar var fullkominn til þess.

Elvis var rétt tæplega tvítugur að aldri þegar þetta gerðist og hafði eingöngu spilað opinberlega í tæpt ár. Það sem á eftir fylgdi vita allir. Hann er ein frægasta persóna tuttugustu aldar-



ELVIS PRESLEY Olli uppþotum í Jacksonville í Flórída.

innar og lagði að mörgu leyti línurnar fyrir það sem á eftir kom í tónlistarsögu aldarinnar.

MERKISATBURÐIR

- 1888 Prælahald var bannað í Brasilíu.
- 1917 María mey birtist þremur sveitabörnum við bæinn Fatíma í Portúgal. Fatíma er síðan orðinn einn vinsælasti pílagrímsstaður kaþólikka.
- 1968 Friðarviðræður hefjast á milli Bandaríkjanna og Vietnam í París eftir langvinnt og afar óvinsælt stríð.
- 1966 Undirritaðir voru samningar um kaup ríkisins á Skautafelli í Öræfum undir þjóðgarð. Jörðin, sem er einn hundraðasti af flatarmáli Íslands var afhent 1967 og þjóðgarðurinn opnaður ári á eftir.

ÓLAFUR JÓHANSSON: STENDUR FYRIR ENDURFUNDUM HAGASKÓLA

Hagaskólanemendur hittast

„Þetta hefur ekki verið gert í fimmtán ár og við ætlum núna að bjóða fimmtán árgöngum, öllum sem voru í Hagaskóla á árunum 1950 til 1965,“ segir Ólafur Jóhannsson, sem stendur fyrir endurfundum gamalla Hagaskólanna ásamt Guðjóni B. Hilmarsyni. „Það verða tvær gamlar skólahljóm-sveitir að spila, Sweet Dreams og



BEKKJARMYND - 3.H ÚR HAGASKÓLA ÁRGANGUR '54 Hér má meðal annars þekkja Gunnlaug Guðmundsson stjórnumspeking, Ernu Einarsdóttur, sviðsstjóra starfsmannasviðs Landspítalans, Helgu Bragadóttur arkitekt, Guðmund Gíslason hjá Fangelsismálastofnun og Mariu Guðmundsdóttur, upplýsinga og fræðslufulltrúa Samtaka ferðapjónustunnar.

Cogito; þetta verður mjög skemmtileg veisla.“

Ólafur og Guðjón komu báðir að tónlistar- og skemmtanalífinu á þessum árum. Guðjón trommar einmitt í báðum hljómsveitunum sem spila um kvöldið.

Margir sem hafa síðar orðið þjóðþekktir Íslendingar gengu í Hagaskóla á þessum árum. Meðal þeirra eru Bogi Ágústsson fréttamaður, sem verður ræðumaður kvöldsins, Sigrún Hjálmtýsdóttir, Diddú, stórsöngkona, Davíð Oddsson seðlabankastjóri og-

Eggert Þorleifsson leikari.

„Við munum standa fyrir ýmsum óvæntum uppákomum í tengslum við þetta í vikunni en það er allt saman leyndarmál enn sem komið er. Gamli kennarar munu líka mæta á svæðið.“

Veislan verður haldin daginn fyrir uppstigningardag, á miðvikudag, í Félagsheimili Seltjarnarness. Ekki verður beðið um nafnskírteini við innganginn og Ólafur hvetur alla gamla Hagaskólanema til að mæta. Miðasala fer fram í Blómagalleríinu á Hagamel. jara@frettabladid.is



Ástkær faðir okkar, bróðir og afi,

Eymundur Kristjánsson,
Bleikugróf 13, Rvík, áður til heimilis að
Lundagötu 17B, Akureyri,

lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 5. maí sl. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík laugardaginn 19. maí kl. 11.00.

Börn, systkini og barnabörn.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginnmanns míns, föður og tengdaföður,

Gísli Sigurðar Guðjónssonar
prentara, Ofanleiti 17.

Auður Fanney Jóhannesdóttir

Reynir Sigurður Gíslason Sigríður Edda Hafberg.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, fösturfaðir, tengdafaðir og afi,

Gunnleifur Kjartansson
fv. lögreglufulltrúi, Glitbergi 7,
Hafnarfirði,

sem lést laugardaginn 5. maí, verður jarðsönginn frá Víðistaðakirkju, Hafnarfirði, miðvikudaginn 16. maí kl. 15.00.

Þórunn Christiansen
Sævar Geir Gunnleifsson
Lárentsinus Gunnleifsson
Gunnleifur Vignir Gunnleifsson
Kristín Thoroddsen
Atli Thoroddsen
Hrafn Thoroddsen
Halla Thoroddsen
Helga Thoroddsen
tengdabörn og barnabörn.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Lilju Kristinsdóttur
Skólbraut 5, Seltjarnarnesi.

María Jóna Gunnarsdóttir
Soffía Kristín Sigurðardóttir
Kristín Elínborg Sigurðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Jóhann Bergmann
Kjartan Tryggvason
Kristján Gissurarson



ENDURFUNDIR GAMALLA HAGASKÓLANEMENDA Guðjón B. Hilmarsyni og Ólafur Jóhannsson skipuleggja endurfundi nemenda úr Hagaskóla. [FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI](http://frettabladid.is)



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Kristján Guðlaugsson
málarameistari, Goðheimum 26,
Reykjavík,

verður jarðsönginn frá Langholtskirkju þriðjudaginn 15. maí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans, er bent á líknarstofnanir.

Ástriður Ólafsdóttir
Fríða Kristjánsdóttir
Helga Kristjánsdóttir Ólafur Hreiðarsson
barnabörn og barnabarnabarn.



Rúnar Gelmundsson



Sigurður Rúnarsson



Elís Rúnarsson



Þorbergur Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • runar@utfarir.is



Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990



Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


Blóm á grafreiti

Tökum við pöntunum fyrir Hólavallagarð við Suðurgötu, Gufuneskirkjugarð Fossvogskirkjugarð og Kópavogskirkjugarð



Upplýsingar alla virka daga frá kl. 9 - 16 í síma 585 2700





HALIFAX
29.900 kr.*
 eða 25.000 Vildarpunktur
 (50% punktaafsláttur)**

GAUTABORG
21.900 kr.*
 eða 19.000 Vildarpunktur
 (50% punktaafsláttur)**

OSLÓ
21.900 kr.*
 eða 19.000 Vildarpunktur
 (50% punktaafsláttur)**

STOKKHÓLMUR
21.900 kr.*
 eða 19.000 Vildarpunktur
 (50% punktaafsláttur)**

BERGEN
21.900 kr.*
 eða 19.000 Vildarpunktur
 (50% punktaafsláttur)**

FRÁBÆRT TILBOÐ TIL FIMM BORGNA –Í PENINGUM EÐA VILDARPUNKTUM

Takmarkað sætaframboð - sölutímabil 12.-15. maí

Halifax - Ferðatímabil 17. maí-24. sept. (síðasta heimkoma)

Osló, Bergen, Stokkhólmur, Gautaborg - ferðatímabil 24. maí-3. sept. (síðasta heimkoma)

SUÐURNESJAMENN

Icelandair verður með kynningu á freistandi ferðamöguleikum austan hafs og vestan á sýningunni
 Fristundasumarið í Reykjaneshöllinni í Reykjaneshænum núna um helgina, á laugardag og sunnudag.

+ Nánari upplýsingar á www.icelandair.is

07 | **70ÁR Á FLUGI**

Vildarpunktur



Ferðaávisun gildir



WWW.ICELANDAIR.IS

* Innifalið: Flug, flugvallarskattar og eldsneytisgjald; lágmarksdvöl er aðfaranótt sunnudags. ** Innifalið: Flug. Greiða verður sérstaklega flugvallarskatta og eldsneytisgjald, 11.380 kr. til Halifax, 7.120 kr. til Osló og Bergen, 7.370 kr. til Gautaborgar og 7.570 kr. til Stokkhólms. Hægt er að bóka í síma 50 50 100 gegn 2.000 kr. þjónustugjaldi.



HVERNIG VERÐUR AÐ VAKNA? Benni Hemm Hemm vonar að hann vakni við nýja ríkisstjórn en Ásgeir Kolbeins er hæstánægður með Sjálfstæðisflokkinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Viljum styttu af Jóni Páli

Vinur **Benna Hemm Hemm** hefur tekið þátt í fegurðarsamkeppni og orðið herra Vesturland. **Ásgeiri Kolbeins** finnst mjög gaman að fara á Sirkus en segir allra augu þar vera á sér. **Júlía Margrét Alexandersdóttir** ræddi við kappana um staðaltýpur og eftirminnilega Íslendinga.

Á RÖKSTÓLUM

Nú eruð þið báðir Reykvíkingar, Ásgeir alinn upp í Breiðholti og þú Benni í Norðurmýrinni. Var Breiðholtið algjört gettó og Norðurmýrin Bronx Reykjavíkur? Skelja-sandshús og rónar?

Benni: Norðurmýrin skiptist, eins og kjördæmin, í tvennt. Landasallinn, rónarnir og strákurinn sem átti klámbliðin var allt í norðurhlutanum á meðan allt var með frekar kyrrum kjörum hjá okkur í Suðurkjördæmi. Og Rauðarárstígurinn var jú rónaland. En ég hef heyrt rosalegar sögur um Breiðholtið, gengjaslagsmál, íkveikjur og læti. Samt þekki ég engan sem hefur séð þessa atburði með eigin augum og á þó vini þar. Eru þessar sögur réttar Ásgeir?

Ásgeir: Það var alltaf meira skraf að um þetta og meira gert úr látunum en þau raunverulega voru, en ég var að vísu í Skógahverfinu, sem er frekar rólegt. Maður heyrir aftur á móti að Breiðholtið sé á sumum stöðum orðið svolítið svakalegt í dag. Ég heyrði til dæmis að Bónusverslun í Fellunum hefði verið lokað um daginn því starfsfólki þar var einfaldlega ekki óhætt fyrir lýð sem var með leiðindi. Þannig að það er spurning hvort Breiðholtið sé að verða núna eins og sögusagnir sögðu áður.

Búandi hvor í sínum enda bæjarins, hafið þið hist áður? Hver er ykkar fyrsta minning um hvorn annan?

Ásgeir: Nei. En ég held að ég hafi séð Benna fyrst á tónlistarverðlaununum.

Benni: Ég sá Ásgeir fyrst í spurningakeppni í einhverju blaði.

Ásgeir: Já, það hefur verið í Hér og nú. Kallaðist „spurningakeppni fræga fólksins“. Eins kjánalega og það nú hljómar.

Benni: Ég var sem sagt látinn skoða blaðið mjög samviskusamlega þar sem einhverjum vinum mínum fannst svo fáránlegt að ég vissi ekki hver Ásgeir Kolbeins

var. En málið er að ég er bara með Ríkissjónvarpið og veit því lítið hvað er að gerast á öðrum stöðum. Ég hef því ekki séð sjónvarpsþættina hans Ásgeirs, varstu á Stöð 2? **Ásgeir:** Nei, Sirkus. En ég var að klára síðasta þáttinn og ákvað að taka mér smá frí út úr fjölmiðlapakkanum. Er komin til Sambíóanna núna og mun starfa sem markaðsstjóri þar. En ég hef hlustað á tónlistina hans Benna og haft mjög gaman af. Þó ég hlusti mikið á „mainstream“ stöðvar þá er alltaf skemmtilegt þegar maður dettur inn á tónlist sem er ekki mikið í spilun á aðalstöðvunum.

Hver er eftirminnilegasti Íslendingurinn að ykkar mati?

Ásgeir: Fyrirverandi forseti okkar, Ásgeir Ásgeirsson, hefur alltaf verið ofarlega á mínum lista enda fannst mér afar merkilegt þegar ég var yngri að það hefði verið til forseti sem hét Ásgeir.

Benni: Mér dettur helst í hug fólk sem er núna að gera eitthvað og mun verða eftirminnilegt. Eins og til dæmis Megas. Mér finnst afar merkilegt að vera uppi á sama tíma og hann sést gangandi upp Skólavörðustíginn. Ég er hreinlega montinn af því að vera uppi um leið og hann. Alveg eins og ég öfunda mömmu af því að hafa verið uppi á þeim tíma sem Þórbergur Þórðarson sást á vappi. Það er svo magnað. Að geta sagt börnunum mínum að ég hafi gengið um göturnar á sama tíma og Megas.

Ásgeir: Þegar maður þekkir þetta marga þekktu Íslendinga er erfitt að fara að gera upp á milli þeirra. Það verður örugglega ekki fyrr en maður fer að fletta blöðum með börnunum sínum í framtíðinni og þau segja: „Vá, þekktir þú þennan“ að maður áttar sig á hver setti mark sitt á þjóðfélagið. En mér dettur samt Jón Páll í hug. Og maður saknar þess að þessir stóru merku Íslendingar fái ekki einhverja styttu af sér. Eins og Jón Páll, sem þekktur er úti um allan heim og var sterkasti maður heims, hann ætti að vera með styttu af sér einhvers staðar á góðum stað.

Benni: Mér finnst hugmyndin mjög góð að gera styttu af Jóni Páli. Hlutfallið af stjórnmálamönnum og embættismönnum á þessum stöllum er svolítið hátt – flokksbræðurnir hafa verið duglegir í gegnum tíðina að láta útbúa minnismerki hver af öðrum.

Fyrst minnst var á fyrirverandi forseta. Nú leið yfir þann núverandi, og Dorrit datt á skíðum – haldið þið að forsetahjónin séu að ofgera sér? Þurfum við að hafa dhyggjur af þeim?

Benni: Er ekki bara svona mikið fjör hjá þeim?

Ásgeir: Forsetaembættið hefur aldrei verið stressandi í mínum huga. Jú, jú, það hlýtur oft að vera mikið stúss í kringum þetta. Hlýtur að vera þreytandi að vera á eilífu ferðalagi. En ég get ekki sagt að þetta sé álagsstarf, þú ert með þína dagskrá og allt það en það er ekkert verið að bóka hann á einhverjar opnanir með hálf tíma fyrirvara.

Benna: Án þess að ég viti eitthvað hvað hann gerir yfir daginn get ég ímyndað mér að það sé samt svolítil ásókn í hann. Það hlýtur að vera löng röð af fólki að bögga hann.

Ásgeir: Þetta er svona stúss. En við erum jú með forseta sem hefur lítil völd, þó svo að hann sé mikið tákn fyrir land og þjóð, þannig að maður gerir ekki beint þá kröfu til hans að hann sé á spani allan daginn.

Og út fyrir landsteinana: Mektarmenn hið ytra. Hvað segir þið við afsögn Tony Blair? Á BBC var sagt að Íraksstríðið ætti eftir að liggja eins og mara á annars skemmtilegum ferli hans. Erud þið sammála því og hvar vorud þið fyrir tíu árum þegar Tony Blair og félagar tóku við stjórn landsins?

Benni: Það var eitthvað vonarljós í kringum hann þegar hann byrjaði og maður trúði því að hann myndi gera eitthvað verulega frá-

bært. En þegar maður gerir svona rugl eins og hann er búinn að vera að gera, þá held ég að fólk muni ekkert mikið eftir neinu öðru. Því miður. Ætli ég hafi ekki verið í MH að tromma í raphljómsveit þegar hann tók við.

Ásgeir: Og ég með útvarpsþátt á Bylgjunni. En þetta er eins og með allt: Ef þú ferð á veitingastað og desertinn er vondur – þá manstu eftir honum en ekki því sem á undan kom. Fólk man þetta Íraksdæmi mjög sterkt og þetta er í höndum fjölmiðla: Hvort þeir muni minna fólk á fyrri tíma eða staldra bara við Íraksstríðið.

Benni: Það sem er líka svo sorglegt er að hann virtist vera með svo sterka réttlætiskenn og eins og hann væri laus við að vera undir einhverjum haug af pólitískum þrýstingsaðilum og í klíkskap. En svo lendir hann í því að láta undan Bandaríkjunum og maður missti smám saman trú á honum. Að hann væri eitthvað að reyna að bjarga heiminum.

Að brunanum mikla. Sjáid þið á eftir húsunum sem brunnu og af hverju? Og hvert ferð þú eftir að Pravda brann Ásgeir?

Ásgeir: Mér finnst mjög fyndið að vera kenndur við Pravda. Það var til dæmis grein í Fréttablaðinu um daginn um að ég hefði skrifað mig á undirskriftalista um að vilja fá Pravda aftur.

Ekki það að ég hefði svo sem alveg stutt það að reisa skemmtistað þarna aftur en ég skrifaði aldrei sjálfur undir neinn lista, það hefur einhver annar sett nafnið mitt þar. Jú, jú, maður var svo sem þarna stundum, sérstaklega eftir að aðrir staðir lokuðu, en ég fer út um allt. Ég fer mikið á staði eins og Oliver, Vegamót og oft á Prikkið og jafnvel Nasa. Svo finnst mér líka mjög gaman að fara á Sirkus og Kaffibarinn. Það getur verið mjög gaman fyrir mig að koma inn á Sirkus því þar eru ansi mörg augu sem finnst það greini-

lega mjög furðulegt að sjá mig þarna inni.

Benni: En ekki neikvæð athygli, er það?

Ásgeir: Nei, nei. Meira bara svona forvitnar spurningar um hvað ég sé að gera þarna. Það er oft mjög skemmtilegt fólk inni á Sirkus og dæmir eftir því. Útlitsfordómarnir eru þarna til staðar.

Benni: Ég man einmitt eftir því þegar GSM-símarnir voru að koma að þá vorum við fyrst með það á hreinu að það væru bara „tjokkó“ sem ættu slíka síma. Og það var einn strákur sem var svona fyrsti í okkar hópi sem átti GSM. Síminn hringdi, hann svaraði og við grýttum hann.

En að brunanum ...?

Benni: Fólk er kannski hrætt við að fá einhvern tuttugu hæða við-bjóð þarna en voru þetta einhver ómetanleg byggingarverðmæti? Eins og Pravdahúsið – það var eitthvað skítamix að manni skilt. Mér finnst það ekkert upp á líf og dauða að endurgera þau nákvæmlega, en maður vill samt engin glerháhy.

Ásgeir: Ég vil endilega bara láta reisa skemmtistað þarna aftur, bara einhvern enn betri. En það er alltaf leiðinlegt þegar hús brenna, nema ef vera skyldi Hverfisgatan. Hún mætti alveg brenna fyrir mér.

Benni: Ég fer lítið á skemmtistaði þessa dagana og það er mjög, mjög langt síðan ég hef farið á Sirkus. Ég vinn mjög mikið og finnst margt meira spennandi en að leita að besta skemmtistaðnum.

Verðið þið glaðir ef þið vaknið á sunnudagsmorgni og sjáid að allt líti út fyrir að sama ríkisstjórn muni sitja áfram?

Benni: Nei. Síður en svo. Ég vil ekki styðja stríðið í Írak, ég vil ekki her á Íslandi og ekki fleiri álver.

Ásgeir: Ég yrði glaður. Allir stjórnmálaflokkar hafa margt gott til brunns að bera og annað slæmt. Okkar ríkisstjórn hefur einfaldlega fleiri plúsa en galla þó maður sé ekki endilega sammála öllu. En endilega sömu stjórn áfram.

„Ég var sem sagt látinn skoða blaðið mjög samviskusamlega þar sem einhverjum vinum mínum fannst svo fáránlegt að ég vissi ekki hver Ásgeir Kolbeins var.“

SKRIFSTOFU- OG ÞJÓNUSTUSTARF

Capacent IT Services ehf. óskar eftir að ráða starfsmann í fjölbreytt og krefjandi skrifstofu- og þjónustustarf.

Starfssvið

- Innkaup og samskipti við birgja
- Móttaka og forgangsroðun verkbeiðna
- Notendabjónusta í gegnum síma og tölvupóst
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Skrifstofu- eða bókhaldsmenntun
- Menntun á sviði upplýsingatækni kostur
- Reynsla af sambærilegum verkefnum mjög æskileg
- Skipulagshæfni og nákvæmni í starfi
- Framúrskandi þjónustulund

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 20. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Lögfræðingur

Landssamband Íslenskra Útvegsmanna óskar eftir að ráða lögfræðing. Um er að ræða starf sem felur í sér fjölbreytt verkefni tengd sjávarútvegi á ýmsum sviðum lögfræði. Framhaldsnám og starfsreynsla er kostur en ekki skilyrði.

Umsjón með ráðningu hefur **Hilmar Garðar Hjaltason hjá Capacent**. Umsóknnum skal skila inn til **Capacent, Borgartúni 27**.

Umsóknarfrestur er til og með 15. maí 2007



Landssamband Íslenskra Útvegsmanna eru heildarsamtök útvegsmanna. Viðfangsefni samtakanna eru fjölpætt og felast m.a. í að:

- Vera málsvari félagsmanna í almennum hagsmunamálum.
- Vinna að framförum í sjávarútvegi.
- Stuðla að sjálfbærri og hagkvæmri nýtingu fiskistofna og vinna að umhverfismálum.
- Gera kjarasamninga fyrir hönd útvegsmanna.
- Taka þátt í alþjóðasamstarfi og vinna með stjórnvöldum í tengslum við samninga við önnur ríki.
- Vera í forsvari við rekstur mála fyrir dómi og gagnvart stjórnvöldum í málum er snerta sérstaklega réttindi félagsmanna.

LANDSSAMBAND ÍSLENSKRA ÚTVEGSMANNA

KÍKTU Á CAPACENT.IS

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar www.capacent.is.

Starfsmenn Capacent Ráðninga starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð. Ráðgjafarnir búa yfir viðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

- Capacent Ráðningar móttækur skráningar í gagnagrunn og umsóknir um ákveðin störf
- Ráðgjafi hefur samband við umsækjanda telji hann viðkomandi koma til greina í það starf sem í boði er
- Umsækjanda er ráðlagt að fylgjast með auglýstum störfum á heimasíðu Capacent
- Umsækjendum gefst kostur á að fylgja umsókn / skráningu eftir með því að panta viðtal hjá ráðgjafa
- Hægt er að fylgjast með framvindu auglýstra starfa á vef Capacent
- Ráðgjafi fær samþykki umsækjanda til að senda ferilskrá til fyrirtækis
- Umsagna er ekki leitað hjá þriðja aðila nema að fengnu samþykki umsækjenda
- Öllum umsækjendum um auglýst störf er svarað þegar gengið hefur verið frá ráðningu í starfið

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Byggingarverkfræðingur Byggingartæknifræðingur

Verkfræðistofan Viðsjá leitar eftir starfsmanni í krefjandi starf.

Starfssvið:

- Hönnun burðarvirkja fyrir flestar gerðir húsa

Hæfniskröfur:

- Menntun í byggingarverkfræði eða byggingartæknifræði
- Reynsla í sambærilegu starfi kostur
- Haldbær þekking á AutoCAD nauðsynleg
- Haldbær almenn tölvuþekking æskileg
- Þekking og skilningur á íslensku máli
- Hæfni til góðrar samvinnu er skilyrði
- Um krefjandi starf er að ræða
- Um reyklausan vinnustað er að ræða.

Umsóknarfrestur er til og með 20. maí nk.
Viðkomandi þarf að getað hafið störf sem fyrst.

Fyrirspurnum um starfið er eingöngu svarað hjá Ráðningarþjónustunni.

Áhugasömum er bent á að leggja inn umsókn á heimasíðu Ráðningarþjónustunnar www.radning.is og sækja þar sérstaklega um starfið.

Umsjón með starfinu hefur
María Jónasdóttir, maria@radning.is



RÁÐNINGAR ÞJÓNUSTAN

Krókháls 5a • 110 Reykjavík • Sími: 588 7700 • Fax: 588 8700 • www.radning.is • radning@radning.is

Tæknimaður

JARN&GLER

Járn og Gler ehf leitar að tæknimanni sem gæti sinnt uppsetningum, viðhaldi og viðgerðum á rafdrifnum opunar- og lokunarúnaði fyrir hurðir og glugga.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af sambærilegum störfum æskileg
- Sjálfstæð og nákvæm vinnubrögð
- Drifkraftur og jákvæðni

Fyrirspurnum um starfið er eingöngu svarað hjá Ráðningarþjónustunni.

Áhugasömum er bent á að leggja inn umsókn á heimasíðu Ráðningarþjónustunnar www.radning.is og sækja þar sérstaklega um starfið.

Umsjón með starfinu hefur
María Jónasdóttir, maria@radning.is



RÁÐNINGAR ÞJÓNUSTAN

Umsóknarfrestur er til og með 20. maí nk.

Krókháls 5a • 110 Reykjavík • Sími: 588 7700 • Fax: 588 8700 • www.radning.is • radning@radning.is

Grunnskóli Seltjarnarness Mýrarhúsaskóli – Valhúsaskóli

Laus eru til umsóknar eftirfarandi störf

Umsjónarkennari

Umsjónarkennara vantar á yngsta stigi eða miðstigi.

Danskennari

Danskennara vantar í 1.-6. bekk. Í skólanum er frábær parketlagður danssalur og áralöng hefð fyrir vinsælli danskennslu.

Smiðakennari

Kennara vantar í upplýsinga- og tækni-mennt (smíði), í 1.-6. bekk. Skólinn hefur upp á að bjóða mjög góða kennsluáæstöðu.

Upplýsingar gefur Marteinn Már Jóhannsson, aðstoðarskólalastjóri, í síma 5959-200.

Heimilisfræði

Kennara vantar í hlutastarf í heimilisfræði.

Upplýsingar gefur Sigfús Grétarsson, skólalastjóri í síma 5959-200/5959-250.

Sérkennsla

Lausar eru stöður þroskajálfa og stuðningsfulltrúa.

Upplýsingar gefur Edda Óskarsdóttir, deildarstjóri sérkennslu í síma 5959-200/5959-250.

Á Seltjarnarnesi eru um 640 nemendur í heildstæðum grunnskóla. Skólinn er rekinn í tveimur starfstöðvum; Mýrarhúsaskóla fyrir nemendur í 1. - 6. bekk og Valhúsaskóla fyrir nemendur í 7. - 10. bekk.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags.

SELTJARNARNESBÆR
Skólaskrifstofa

www.grunnskoli.is



Leikskólar á Fljótsdalshéraði –lausar stöður

Leikskólinn Hádegishöfði, Fellabæ:

Netfang: vala@fell.is
• Leikskólakennarar

Leikskólinn Tjarnarland, Egilsstöðum:

Netfang: adalbjorg@egilsstadir.is
• Deildarstjóri
• Leikskólakennarar

Leikskólinn Skógarsel, Hallormsstað:

Netfang: disa@egilsstadir.is
• Leikskólakennari

Leikskólinn Skógarland, Egilsstöðum:

Netfang: hanna@egilsstadir.is
• Deildarstjóri
• Leikskólakennarar

Umsóknarfrestur er til 29. maí

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um störf. Umsóknir berist til leikskólafulltrúa Fljótsdalshéraðs, Lyngási 12, 700 Egilsstöðum, merkt viðeigandi leikskóla.

Fáist ekki leikskólakennarar til starfa verða ráðnir starfsmenn með aðra uppeldismenntun og/eða reynslu af því að vinna með börnum.

Nánari upplýsingar eru veittar hjá leikskólafulltrúa s. 4 700 700, netfang: olof@fljotsdalsherad.is og hjá leikskólalastjóra hvers leikskóla. Sjá ennfremur á www.fljotsdalsherad.is og www.job.is.

Fljótsdalshérað



fljotsdalsherad.is



SKRIFSTOFUSTARF ÍSAFIRÐI

Staða skrifstofumanns hjá Vegagerðinni á Ísafirði er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og SFR.

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Starfssvið

- Afgreiðsla og símavarsla
- Bókhaldsvinna
- Ritarastörf, ritun og frágangur skjala, skjalavarsla

Menntunar- og hæfniskröfur

- Stúdentspróf, verslunarpróf eða önnur sambærileg menntun
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Sigurður J. Eysteinnsson (sigurdur.eysteinnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 27. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



FLOKKSTJÓRI BORGARNESI

Staða flokksstjóra hjá þjónustustöð Vegagerðarinnar í Borgarnesi er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og Starfsgreinasambands Íslands.

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Starfssvið

- Vinna við viðhald vega t.d. slitlög, stikur, umferðarmerki, ræsi o.fl.
- Skráning verkefna, magntaka og skýrslugerð
- Eftirlit með ástandi vega
- Eftirlit, skráning og stjórnun í vetrarþjónustu

Menntunar- og hæfniskröfur

- Réttindi til að aka bifreið sem er meira en 3.500 kg að heildarþyngd
- Tölvukunnátta
- Réttindi til að stjórna vinnuvélum
- Herbergisþjónur

Senda skal inn umsóknir og ferilsskrár á íslensku eða ensku á

Radisson SAS 1919 Hótel

Pósthússtræti 2, 101 Reykjavík
eða í tölvupósti á
sigrídur.valdimarsdóttir@radissonsas.com
fyrir 24.05. 2007

Tæknimenn - Vélhönnuðir

Skaginn hf er leiðandi og metnaðarfullt fyrirtæki sem framleiðir hátæknibúnað fyrir matvælaíðnað. Meðal verkefna hjá fyrirtækinu eru uppsjávarkerfi, krapakerfi, roðkælikerfi, frystar og ýmisleg önnur spennandi verkefni. Í dag starfa ca. 60 manns hjá fyrirtækinu og stór hluti framleiðslunnar er fyrir erlendan markað. Vegna aukinna verkefna óskum við eftir starfsfólki á tæknideild fyrirtækisins.

Tæknimaður - Vélhönnuður

Fyrirtækið leitar að hugmyndaðiknum og duglegum tækni-
manni sem er tilbúinn til að takast á við krefjandi verkefni.

- Kunnátta á Inventor og AutoCad nauðsynleg.
- Ensku kunnátta nauðsynleg og æskilegt að viðkomandi hafi vald á einu norðurlandamáli.
- Vera tilbúinn til að taka að sér verkefnastjórnun, jafnt innan- sem utanlands.

Tækniteiknari - Vélfræðingur

Fyrirtækið leitar að skipulögðum starfsmanni á tæknideild.

- Kunnátta á Inventor og AutoCad nauðsynleg.
- Ensku kunnátta kostur.

Umsóknarfrestur er til 22. maí og skulu umsóknir berast til:

Skaginn hf.

Bakkatúni 26, 300 Akranesi eða grimur@skaginn.is

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá hjá Grími Garðarssyni í síma 430-2000. Heimasíða Skagans er www.skaginn.is



Laus störf hjá Olíudreifingu ehf.

Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða áhugasama og vandvirka einstaklinga í eftirtalin störf í Reykjavík.

Um framtíðarstörf er að ræða.

Störfin standa báðum kynjum til boða.

Rafvirkja

Leitað er að rafvirkjum til starfa á þjónustudeild. Um fjölbreytt starf er að ræða við nýlagnir, uppsetningu á tækjabúnaði tengdum eldsneytisafgreiðslu, viðhaldi búnaðar og almenn rafvirkjastörf. Starfsvettvangur er allt landið, æskilegt er að starfsmaður geti farið út á land þegar þannig háttar.

Iðnnemar

Til greina kemur að ráða nema sem búnir eru með grunnnámi.

Allar nánari upplýsingar veita:
Árni Ingimundarsson 550 9940
Birgir Pétursson í síma 550-9957

Olíudreifing ehf. sér um dreifingu á fljótandi eldsneyti fyrir N1 og Olís. Félagið hefur starfað frá 1. janúar 1996.

Sjá nánari upplýsingar um fyrirtækið á www.olíudreifing.is

Tannlæknastofa

Aðstoð óskast á tannlæknastofu. Fullt starf eða hlutastarf. Viðkomandi þarf að vera góð í mannlegum samskiptum og geta unni sjálfstætt. Góð laun í boði fyrir rétta manneskju.

Umsóknir sendist á jaxlar@simnet.is.



KÓPAVOGSBÆR

Hvammshús sérúrræði

Hvammshús er skólaúrræði í Kópavogi fyrir nemendur 9.- og 10. bekkjar, sem af ýmsum ástæðum hafa átt erfitt með að aðlagast hefðbundnu skólastarfi. Í Hvammshúsi fer fram fjölbreytt nám bæði bóklegt og verklegt í góðum tengslum við atvinnulíf og nánasta umhverfi.

Hvammshús er undir stjórn Fræðsluskrifstofu Kópavogsbæjar, en dagleg umsjón er í höndum deildarstjóra úrræðisins.

- Fyrir næsta skólaár vantar fjölhæfan kennara í fullt starf.

Upplýsingar veitir Tómas Jónsson, sérfræðipjónustu grunnskóla Kópavogs s. 570 1600 tomas@kopavogur.is Umsóknarfrestur er til 21. maí, 2007 Laun samkvæmt kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga og KÍ.

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

www.kopavogur.is - www.job.is

www.ellingsen.is

Hjá Ellingsen er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsuefingar, heiðareika í samskiptum, snýrtimennsku og fagleg vinnubrögð.

Umsækjendur þurfa að búa yfir ríkrí þjónustuund, vera stundvísir, reglusamir og heiðarlegir í samskiptum.

Sölumaður ferðatækja

Ellingsen óskar eftir að ráða duglegan og áhugasaman sölumann til sölu á ferðatækjum og vélsleðum í stórverslun Ellingsen að Fiskislóð 1.

Helstu verkefni:

- Sala á ferðatækjum og vélsleðum – leiðbeiningar og ráðgjöf
- Tilboðsgerð
- Aðstoð við fjármögnun

Æskileg þekking og reynsla:

- Reynsla af sölumennsku
- Áhugi á útvist og notkun ferðatækja
- Færni í notkun excel

Umsóknir berist í tölvupósti til RBG@ellingsen.is fyrir 20. maí

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is

Ellingsen
– fullt hús ævintýra



Reykjavíkurborg

Velferðarsvið

Sumarstörf

Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða óskar eftir að ráða starfsmenn í sumarfléysingar í félagsmiðstöðina Bólstaðarhlíð 43 frá 1. júní til 10. ágúst nk.

Aðstoðarmaður í eldhúsi

Helstu verkefni:

- Aðstoð við móttöku og sölu á aðsendum mat
- Aðstoð við kaffisölu
- Almenn eldhússtörf þ.m.t. frágangur í matsal og eldhúsi

Hæfniskröfur:

- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Sveigjanleiki

Nánari upplýsingar veitir Jóna Þ. Vernharðsdóttir í síma 535 2760, netfang: jona.th.vernhardsdottir@reykjavik.is

Félagsleg heimaþjónusta

Helstu verkefni:

- Aðstoð við heimilishald
- Félagslegur stuðningur

Hæfniskröfur:

- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Sveigjanleiki og sjálfstæð vinnubrögð

Starfsmenn fá stuðning og aðlögun í starfi

Nánari upplýsingar veitir Guðrún Jóna Melsted í síma 535 2760, netfang: guðrun.jona.melsted@reykjavik.is

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Eflingar stéttarfélags.

Umsókn um ofangreind störf skal skilað á félagsmiðstöðina Bólstaðarhlíð 43 fyrir 29. maí.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

Sérfræðingur á Lyfjapróunarsviði Research Associate

Starfslýsing: Sérfræðingur á Lyfjapróunarsviði vinnur að rannsóknum á tjáningu og virkni gena sem finnast við meingenaleit. Meðal verkefna eru klónun, PCR, ræðgreining, rafdráttur, frumuræktun sem og þróun aðferða við leit að lyfjásameindum. Öll störf á Lyfjapróunarsviði eru unnin í hópum sem starfa saman að ákveðnum verkefnum, og í samvinnu við aðra vísindamenn Lyfjapróunarsviðs í Reykjavík, Woodridge og Bainbridge Island í Bandaríkjunum.

Hæfniskröfur: Háskólapróf (B.Sc. eða M.Sc.) í sameindalíffræði, lífefnafræði eða skyldum greinum. Reynsla af störfum á rannsóknarstofu er æskileg. Við leitum að duglegum og röskum einstaklingi sem er sjálfstæður, skipulagður og á auðvelt með að vinna með öðrum.

Umsækjendur eru beðnir um að láta stutt yfirlit um reynslu af rannsóknarstörfum fylgja umsókn, þ.m.t. aðferðir sem notaðar voru, auk lýsingar á áhugasviði ásamt upplýsingum um meðmælendur.

Öryggis- og gæðastjóri á upplýsingatækisviði Information Security and Quality Manager

Starfslýsing: Öryggis- og gæðastjóri ber ábyrgð á viðhaldi og eftirliti með upplýsingaöryggiskerfum Íslenskrar erfðagreiningar sem og gerð verklagsreglna. Verkefni Öryggis- og gæðastjóra felast m.a. í að skipuleggja og framkvæma gæðaúttektir (Sarbanes-Oxley, CLIA og FDA) og að veita kerfisstjórum ráðgjöf varðandi öryggismál. Síðast en ekki síst þarf Öryggis- og gæðastjóri að fylgjast vel með breytingum á reglugerðum og fylgja þeim eftir innan fyrirtækisins.

Hæfniskröfur:

- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun (t.d. í hugbúnaðargerð eða breytingastjórnun).
- Reynsla af vinnu við gæðakerfi er nauðsynleg.
- Reynsla og hæfni í samskiptum við úttektaraðila.
- Þekking á rekstri tölvukerfa, gagnagrunna og/eða fjármálakerfa.

Við leitum að ábyrgum og samvisskusömum starfsmanni sem sýnir frumkvæði og er tilbúinn að tileinka sér nákvæm og öguð vinnubrögð. Starfið krefst góðrar enskukunnáttu, bæði í töluðu og rituðu máli.

Umsækjendur eru beðnir um að skila umsóknum á umsóknavef á heimasíðu Íslenskrar erfðagreiningar, www.decode.is, fyrir 29. maí. Nánari upplýsingar veitir Sigríður E. Guðlaugsdóttir í síma 570 1900 eða í tölvupósti: careers@decode.is

Íslensk erfðagreining er líftækni-fyrirtæki sem notar niðurstöður erfðarannsóka til að þróa greiningarpróf og ný lyf við mörgum af alvarlegustu sjúkdómum samtímans. Fyrirtækið hefur náð einstökum árangri og vísindamenn þess vinna m.a. að prófunum á nýjum lyfjum sem beint er gegn hjartaaföllum, blóðtappamyndun og astma. Hjá fyrirtækinu starfa nú yfir 300 manns í fullu starfi á Íslandi.

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

Íslensk erfðagreining Sturlugata 8 101 Reykjavík 570 1900 www.decode.is www.decode.com

0 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25



Láttu okkur mæla með **þér!**

HAGVANGUR
– við ráðum

SKÓGARHLÍÐ 12 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 520 4700 • WWW.HAGVANGUR.IS

Saman náum við árangri

SAMSKIP

> ÖFLUGIR EINSTAKLINGAR ÓSKAST

FORSVARSMÆÐUR Í VÖRUHÚSI

Við leitum að dugmiklum og samviskusömum starfsmanni til starfa sem forsvarsmæður í vöruhúsi. Um er að ræða verkstjórn við móttöku og afhendingu á vörum sem tilheyra vöruhúsi. Einnig þarf viðkomandi að skrá í tölvukerfi, sjá um daglega stýringu og hafa samskipti við viðskiptaþjónustu, akstur og aðrar deildir fyrirtækisins.

Hæfniskröfur

- Góð almenn menntun og haldgóð reynsla
- Almenn tölvukunnátta
- Reynsla af verkstjórn kostur en ekki skilyrði
- Gerð er krafa um frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæð vinnubrögð
- Umsækjandi skal hafa fagaða framkomu, lipurð í mannlegum samskiptum og ríka þjónustulund

SKRÁNINGARFULLTRÚÍ Í MÓTTÖKU OG LESTUN ÚTFLUTNINGSVÖRU

Starfssvið

- Skráningar í upplýsingakerfi Samskipa
- Frágangur skjala og önnur verkefni
- Móttaka flutningsfyrirmæla
- Samskipti og þjónusta við innri og ytri viðskiptavinum félagsins
- Önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur

- Góð almenn menntun
- Reynsla af skrifstofustörfum
- Almenn tölvufærni
- Nákvæmi í vinnubrögðum
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Lipurð í mannlegum samskiptum og þjónustulund

STARFSMÆÐUR Í BÍLAPORTI

Starfssvið

- Umsjón með losun og lestum gáma
- Afgreiðsla bíla til viðskiptavina
- Samskipti við innri og ytri viðskiptavinum
- Önnur tilfallandi verkefni í bílaporti

Hæfniskröfur

- Góð almenn menntun
- Lyftarapróf kostur en ekki skilyrði
- Almenn tölvufærni
- Þjónustulund og jákvætt viðmót

Áhugasamir

Áhugasamir vinsamlegast fyllið út umsókn á vef Samskipa, www.samskip.is. (Veljið „viðeigandi starf – auglýst staða“) fyrir **19 maí**. Rúnar Sigurðsson, forstöðumaður veitir allar nánari upplýsingar í síma 458 8600, netfang runar.sigurdsson@samskip.com.



> Fyrirtækið

Samskip hf. eru ört vaxandi flutningafyrirtæki sem bjóða viðskiptavinum sínum upp á alhliða flutninga og tengda þjónustu hvert sem er og hvaðan sem er í heiminum. Samskip starfrækja skrifstofur og dótturfélög beggja vegna Atlantshafsins og starfa þannig á alþjóðlegum flutningamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa nú tæplega 1400 manns á 56 skrifstofum í 23 löndum. Markmið Samskipa er að vera í fararbroddi í uppbyggingu og þróun flutningastarfsemi og veita viðskiptavinum sínum bestu mögulegu þjónustu og ráðgjöf.

ENNEVI / SA

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Guðrún vonast til að foreldrar setji hollustupáttinn á oddinn og hvetji börn sín til að koma í Vinnuskólann. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hollara að vinna úti en hanga inni

Vinnuskóli Reykjavíkurborgar byrjaði að taka á móti umsóknum nemenda um síðustu mánaðamót. Búið er að ráða flesta kennara og leiðbeinendur.

Með hækkandi sól fara nemendur að leita sér að vinnu fyrir sumarið. Slagurinn um starfskrafta unga fólksins er harður og fyrir því hefur Vinnuskóli Reykjavíkur fundið. Umsóknum hefur fækkað síðustu ár en Guðrún Þórsdóttir, skólastjóri Vinnuskólans, býst við því að annað verði uppi á teningnum í ár. „Við vonumst til þess að foreldrar setji hollustupátt barna sinn á oddinn og hvetji þau til að taka þátt í vinnuskólanum,“ segir Guðrún. „Það er miklu hollara að vinna úti en hanga yfir peningakassa allt sumarið.“

Sumarstarfsmenn Vinnuskólans eru á þriðja hundrad og búið er við að nemendur verði um þrjú þúsund. Af er það sem áður var að sumarstarf á vegum borgarinnar væri einungis unglingsla vinna. Nú er meiri áhersla

lögð á fræðslupáttinn, enda um eiginlegan skóla að ræða. „Flokksstjórar og yfirmenn eru allir afskaplega gott og vandað fólk sem flest hefur mikla reynslu,“ segir Guðrún. „Kennaranemar flykkjast til okkar og við erum búin að fylla flestar leiðbeinendastöður með afskaplega hæfu fólki.“

Grunnpáttur þeirrar fræðslu sem fram fer í Vinnuskólanum er áherslan á umhverfi nemenda og reynt er að vekja áhuga þeirra á mikilvægi grenndarsamfélagsins. Fræðslan snýr að mörgum lífsleikniþáttum svo sem viðnámi gegn vímuefnum, jafnrétti, fjölmenningu, lýðheilsu og samgöngum. Einnig fá nemendur tækifæri til rökræðna og fræðslu um neytlusamfélagið og um endurnýtingu. Til viðbótar þessari fræðslu fá Íslendingar af erlendu bergi brotnir sértæka þjálfun og fræðslu í málrækt.

Vinnuskólinn byrjaði að taka á móti umsóknum nemenda síðustu mánaðamót en allar nánari upplýsingar er að finna á www.vinnuskoli.is. tryggvi@frettabladid.is

Úttekt og úrbætur á vinnuumhverfi

VINNUVERND BYÐUR UPP Á ATHUGANIR Á VINNUAÐSTAÐUM OG KEMUR MEÐ TILLÖGUR TIL ÚRBÓTA.

Fyrirtækið Vinnuvernd gerir kerfisbundnar athuganir á vinnuumhverfi þar sem aðstæður starfsfólks eru greindar.

Ferlið hefst með sameiginlegum kynningarfundum fyrir starfsmenn áður en úttektin hefst.

Síðan er vinnuástaða og líkamsbeiting starfsmanna skoðuð og gert er mat á umhverfispáttum og áhrifum þeirra á heilsu starfsmanna.

Stjórnendum er síðan veitt ráðgjöf og starfsmenn fá fræðslu um álagseinkenni tengd vinnu, orsakir þeirra og leiðir til úrbóta.

Rík áhersla er lögð á það sem starfsmaðurinn getur gert sjálfur til að bæta vinnutækni og nota þann búnað sem til staðar er á æskilegan máta.

Niðurstöður úttektarinnar eru síðan kynntar stjórnendum ásamt tillögum til úrbóta.



Fyrirtækið Vinnuvernd gerir úttekt á vinnuumhverfi og kemur með tillögum um úrbætur.

Atvinna.is Sími: 552-9300
Starfsráðgjafar • Ráðgjöf

Starfsmannastjórar !

Eru starfsmannamálin í klemmu?

Láttu okkur aðstoða þig



Atvinna.is veitir fyrirtækjum snögga og góða þjónustu. Hægt er að senda okkur tölvupóst á netfangið atvinna@atvinna.is

þar sem leitinn hefst

IsoTech

IsoTækni. Dalshrauni 9, 220 Hafnarfj.
Sími: 555 6200,
isotech@isotech.is, www.isotech.is

Kona óskast,

viljum ráða konu 25 ára og eldri til lagerstarfa, þökkun o.fl. fyrir Raf og Málmíðnað. Vinnutími 8:15 - 16:45 virka daga. Hæfniskröfur: skipulag og snyrtimennska.

IsoTech

IsoTækni. Dalshrauni 9, 220 Hafnarfj.
Sími: 555 6200,
isotech@isotech.is, www.isotech.is

Maður óskast,

laghentur nákvæmur og skipulagður maður óskast til starfa við samsetningu, viðgerðir o.fl. á rafmagnsbúnaði. Hæfniskröfur: grunnþekking á rafmagn og vélbúnaði. Vinnutími 8:15 - 16:45 virka daga.

IsoTech

IsoTækni. Dalshrauni 9, 220 Hafnarfj.
Sími: 555 6200,
isotech@isotech.is, www.isotech.is

Rennismiður óskast,

rennismiður eða ungur maður sem hefur grunnþekkingu á rennismiði óskast til starfa. Erum með sjálfvirkar og hálf sjálfvirkar CNC vélar.



Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri

Kerfisstjóri á tölvu- og upplýsingatæknideild

Laus er til umsóknar staða kerfisstjóra á tölvu- og upplýsingatæknideild FSA. Um er að ræða 100% starf. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Næsti yfirmaður er forstöðumaður tölvu- og upplýsingatæknideildar.

Í starfinu felst meðal annars almenn umsjón með netkerfi FSA, rekstur, uppsetningar og uppfærslur á MS netstjórum, Cisco samskiptabúnaði og sérhæfðum hugbúnaðar-kerfum ásamt rekstri á Oracle og MS-SQL gagnagrunnum.

Umsækjendur skulu hafa góða kunnáttu á þessu sviði. Að auki er UNIX þekking æskileg. Nauðsynlegt er að umsækjendur búi yfir góðri hæfni til mannlegra samskipta, lipurð og ríki þjónustulund.

Háskólamenntun í tölvunarfræðum ásamt að minnsta kosti eins árs starfsreynslu í kerfisstjórnun er nauðsynleg eða margra ára starfsreynsla sem kerfisstjóri.

Launakjör eru skv. kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra.

Á tölvu- og upplýsingatæknideild starfa 5 manns í fjölbreyttu starfsumhverfi.

Umsóknir á þar til gerðum eyðublöðum sem fást á skrifstofu FSA skulu sendar Oddnýju Snorráðottur forstöðumanni tölvu- og upplýsingatæknideildar, Fjórðungs-sjúkrahúsínu á Akureyri, Eyra-landsvegi, 600 Akureyri. Umsóknir má einnig senda í tölvupósti á netfangið odda@fsa.is (tryggt skal að allar sömu grunnupplýsingar og eru á umsóknareyðublöðum komi fram í rafrænni umsókn).

Nánari upplýsingar um starfið veitir Oddný í síma 463 0277. Umsóknarfrestur er til og með 28.maí. Öllum umsóknum verður svarað.

FSA er reyklaus vinnustaður.



Já, okkur vantar söluráðgjafa

Vegna aukinna söluverkefna vantar okkur söluráðgjafa til starfa í Reykjavík. Söluráðgjafar kynna vörur og þjónustu Já fyrir íslenskum fyrirtækjum, fyrst og fremst er um að ræða auglýsingar á Netinu og í Símaskránni.

JÁ óskar eftir traustum og kraftmiklum starfsmönnum. Hjá JÁ starfar samheldinn hópur hæfileikaríks starfsfólks sem hefur gildin traust, hraða, fróðleiksrátt, nýsköpun og umhyggju að leiðarljósi í öllum störfum sínum.

Starfið felur í sér:

- Samskipti við núverandi og nýja viðskiptavini Já
- Eftirfylgni verkefna

Ráðgjafar þurfa að búa yfir hæfni í mannlegum samskiptum, vera jákvæðir, skipulagðir og búa yfir almennri tölvuþekkingu. Reynsla af sölustörfum er kostur.

Umsjón með störfunum hafa Sigurður J. Eysteinnsson og Auður Bjarnadóttir hjá Capacent Ráðningum og Dagný Laxdal hjá Já. Umsóknarfrestur er til og með 27. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á vef Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Nánari upplýsingar er hægt að fá með tölvupósti, dagny@ja.is eða í síma 522 3217.

Já

Stórhöfða 33 110 Reykjavík www.ja.is



KÓPAVOGSBÆR

LAUS STÖRF

Skólahljómsveit Kópavogs:

- Tölvur og tónlist (Acid/Reason) u.þ.b. 50% starf
- Slagverkskennsla 100% starf
- Klarinett- og saxófónkennsla u.þ.b. 80-100% starf

Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn:

- Ræsting, sumarvinna

Fjármála- og stjórnsýslusvið:

- Forvarnfulltrúi

Framkvæmda- og tæknisvið:

- Deildarstjóri hönnunardeildar
- Lóðaskrárritari

Hvammshús:

- Kennari við sérúrræði

Félagsstarf aldraða:

- Gjábakk, matráður 80% sími 554 3400 kl. 10-11

Félagsþjónusta Kópavogs:

- Rekstrarfulltrúi
- Liðveitandi/persónulegur ráðgjafi og tilsjón
- Aðstoð við heimilisstörf
- Stuðningsfjölskyldur
- Roðasali, sambýli og dagþjálfun fyrir heilabílaða:
- Sjúkraliði 100% starf
- Sjúkraliðanemi í hlutast. með námi
- Starfsmaður til aðhlyningar

Íþróttamiðstöðin Versalir:

- Baðv/afgr. karla, helgarvinna
- Baðv/afgr. kvenna helgarvinna
- Baðv/afgr. karla 100% vaktavinna

Sundlaug Kópavogs:

- Afgr./laugarv./baðvarsla kvenna 100%

LEIKSKÓLAR KÓPAVOGS:

Baugur, NÝR LEIKSKÓLI

- Leikskólastjóri
- Dalur: 554 5740
- Matráður
- Leikskólakennari
- Deildarstjóri 100%
- Efstihjalli: 554 6150

Fífusalir: 570 4200

- Leikskólakennarar
- Deildarstjóri
- Grænátún: 554 6580

Kópahvoll: 554 0120

- Leikskólakennari 100%
- Marbakk: 564 1112
- Leikskólakennarar
- Aðstoð í eldhúsi, kl. 9-14 (í byrjun ágúst)
- Núpur: 554 7020

- Leikskólakennarar
- Starfsmaður í sérkennslu

Rjúpnahæð: 570 4240 (í byrjun ágúst)

- Leikskólakennarar
- Sérkennsla
- Ræsting 50% frá 1. júní nk.
- Smárahvammur: 564 4300
- Sérkennsla – starfsmaður í stuðning
- Urðarhóll – Heilsuleikskóli: 554 7789
- Deildarstjóri
- Leikskólakennarar

GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

Digranesskóli:

- Umsjónarkennari á yngra stig

Hjallaskóli:

Lausar stöður fyrir skólaárið 2007-2008:

- Umsjónarkennari á yngsta stig
- Umsjónarkennari á miðstigi

Kársnesskóli:

- Gangavörður/ræstir 100%, nú þegar
- Laus staða skólaárið 2007-2008:

- Stærðfræðikennari á unglíngastigi

Kópavogsskóli:

- Tónmenntakennari næsta skólaár
- Dægradvöl 50%

Lindaskóli:

- Enska á eldra stigi
- Tölvukennari
- Heimilisfræðikennari

Salaskóli:

- Umsjónarkennari á yngsta stig
- Skólasafnskennari
- Íþróttakennari
- Námsráðgjafi
- Húsvörður 100%

Smáaskóli:

- Íþróttakennari 100%

Snælandsskóli:

- Umsjónarkennari á unglíngastigi
- Umsjónarkennari á miðstigi
- Dægradvöl 50%

Vatnsendaskóli:

Lausar stöður skólaárið 2007-2008:

- Smíðakennari
- Íþróttakennari 50%
- Umsjónarkennari í 5.-6. bekk
- Stuðningsfulltrúi 100%
- Starfsfólk í Dægradvöl 50 – 60%

Nánari upplýsingar á:

www.kopavogur.is
og www.job.is



» Ráðningarþjónusta

Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

Vinnusparnaður

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

Markviss leit

Nýr hugbúnaður gerir leit mjög markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn til starfsins.

Enginn auglýsingakostnaður

Við sjáum um að auglýsa starfið eins og þörf krefur án þess að til komi aukakostnaður.

Þriggja mánaða ábyrgð

Ef starfsmaður hættir eða er sagt upp störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

HH Ráðgjöf, Ráðningarþjónusta • Fiskilóð 81 • 107 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is



HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

Óskum eftir að ráða:

Múrarmeistara
í verkstjórn

Leitað er eftir kraftmiklum einstaklingi sem er tilbúinn að takast á við fjölbreytt starf. Þarf að geta unnið sjálfstætt og vera stundvís. Við leggjum áherslu á frumkvæði og lípurð í mannlegum samskiptum.

Tækjamann
með meirapróf

þarf að geta unnið sjálfstætt, vera stundvís, hafa þekkingu og reynslu í sínu fagi. Við leggjum áherslu á frumkvæði og lípurð í mannlegum samskiptum.

Múrara

þurfa að geta unnið sjálfstætt, vera stundvísir, hafa þekkingu og reynslu í sínu fagi. Við leggjum áherslu á frumkvæði og lípurð í mannlegum samskiptum.

Umsóknir berist til:
Flotgölf ehf. Miðhrauni 13, 210 Garðabæ, merkt "Atvinna"
eða á flotgolf@flotgolf.is fyrir 20 maí n.k.

Flotgölf ehf. var stofnað árið 2000 og hefur verið leiðandi á sínu sviði. Fyrirtækið býður upp á alhliða múrverktakastarfssemi innan sem utanhúss og hefur sérhæft sig á öllum sviðum múrverks s.s. flisalögnum, gífspússingu, flötlognum, steiningu o.s.frv

Fyrirtækið býr yfir vel þjálfuðum starfsmönnum, besta fánlega búnaði til múrframkvæmda og eru rekstraraðilar þess frumkvöðlar í vélvæðingu í múrverki. Hjá fyrirtækinu starfa um 80 manns.



Flotgölf ehf. - Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ - Sími 555 6888 - Fax 565 2918 - flotgolf@flotgolf.is
www.flotgolf.is



Reykjavíkurborg
Umhverfissvið



Heilbrigðisfulltrúi - Matvælaeftirlit

Umhverfissvið Reykjavíkurborgar auglýsir laust til umsóknar starf heilbrigðisfulltrúa hjá Matvælaeftirliti, Heilbrigðiseftirliti og vöktun. Næsti yfirmaður er deildarstjóri Matvælaeftirlits.

Leiðarljós Matvælaeftirlits Reykjavíkur er að tryggja, sem kostur er, að neysluvatn og matvæli borgarbúa séu örugg og heilnæm. Enn fremur, að gætt sé þeirra meginsjónarmiða, er koma fram í Staðardagskrá 21, um verndun þeirra gæða sem felast í ómenguðu neysluvatni og matvælum.

Starfið felst m.a. í þjónustu við íbúa og fyrirtæki borgarinnar og ábyrgð á:

- Reglubundnu eftirliti með matvælum og neysluvatni.
- Skráningum og skýrslugerð, sinna kvörtunum og annast fræðslu.
- Sinna öðrum verkefnum samkvæmt gildandi starfslýsingu fyrir heilbrigðisfulltrúa og samkvæmt fyrirætlum deildarstjóra.
- Samstarf og samvinna við aðrar deildir Heilbrigðiseftirlits og vöktunar.

Menntunar og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðisvísinda, raunvísinda, eða sambærilega menntun.
- Hæfni í mannlegum samskiptum er afar mikilvæg sem og geta til að leiða og taka þátt í uppbyggilegu hópstarfi.
- Jákvæðni og vilji til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni.
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulagningu í starfi
- Réttindi til að mega starfa sem heilbrigðisfulltrúi æskileg.

Launakjör fara að kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага og Reykjavíkurborgar.

Nánari upplýsingar veita Óskar Í. Sigurðsson, deildarstjóri Matvælaeftirlits og Árný Sigurðardóttir, forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits og vöktunar, hjá Umhverfissviði Reykjavíkurborgar, Skúlagötu 19, frá kl. 9-16 í síma 411 8500.

Umsóknir skulu berast til Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar eigi síðar en 28. maí nk. merktar "Heilbrigðisfulltrúi - Matvælaeftirlit".

Við ráðningar í störf vilja borgaryfirvöld stuðla að því að þau flokkist ekki í sérstök kvenna- eða karlastörf og hvetja því það kynið sem er í minnihluta í viðkomandi starfsgrein að sækja um. Konur er því hvattar til þess að sækja um starfið.

Reykjavík 10. maí 2007.

Umhverfissvið Reykjavíkurborgar

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is. Hjá slmaveri Reykjavíkurborgar 411 1111 fást allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar.

Umhverfissvið Reykjavíkurborgar er eitt af sjö fagsviðum Reykjavíkurborgar. Helstu verkefni Umhverfissviðs eru: heilbrigðis- og mengunvarnareftirlit, náttúruvernd og garðyrkja, sörp-hirða frá heimilum, dýraeftirlit, Vinnuskóli Reykjavíkur, Staðardagskrá 21 og stefnumótun og þróunarverkefni á sviði umhverfis- og samgöngumála. Sjá nánar www.umhverfissvid.is



Sérfræðingur óskast

Umhverfisstofnun óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa á sviði matvælamála, framhaldsmenntun mikilvæg.

Starfið felst m.a. í eftirfarandi:

- verkefnum varðandi neysluvatn, kjöt og kjötvörur, mjólk og mjólkurvörur, og matvælaeðlugerð
- samskiptum við fyrirtæki og stofnanir innanlands
- samskiptum við erlendar stofnanir, einkum á Norðurlöndunum og á Evrópska efnahagssvæðinu (EES)

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Framhaldsmenntun á sviði matvælafræði eða sambærileg menntun er nýtist í starfi
- Færni í a.m.k. einu Norðurlandamáli og ensku er nauðsynleg
- Góð íslenskukunnátta er skilyrði
- Samstarfshæfni og færni í framkomu
- Sjálfstæði, frumkvæði og metnaður í starfi
- Nákvæmni og skipulagshæfileikar
- Þarf að geta unnið undir álagi
- Æskilegt er að umsækjandi hafi þekkingu á gæðamálum.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum ríkisstarfsmanna.

Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknum með upplýsingum um menntun og fyrri störf skal skilað til Umhverfisstofnunar fyrir 27. maí 2007.

Nánari upplýsingar veita Elín Guðmundsdóttir, forstöðumaður matvælasviðs og Brynhildur Briem fagstjóri.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Við ráðningar í störf við Umhverfisstofnun er tekið mið af jafnræðisstefnu stofnunarinnar.

Boðið er upp á vinnustað skipaðan sérfræðingum á sviði umhverfismála á mjög breiðum grunni. Nýr sérfræðingur mun, ásamt öðrum starfsmönnum stofnunarinnar, taka þátt í endurskoðun á starfsemi Umhverfisstofnunar með það að markmiði að gera góða stofnun enn betri í þágu umhverfismála á landsvísi.

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík
Sími 591 2000

Hlutverk Umhverfisstofnunar er að stuðla að velferð almennings með því að beita sér fyrir heilnæmu umhverfi, öruggum neysluvörum og verndun og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Starfsemi Umhverfisstofnunar skiptist í 6 svið. Sjá nánar: www.ust.is

» Ráðningarþjónusta

Ert þú í
atvinnuleit?
Fjöldi starfa í boði.

» Skrifstofustörf

» Lagerstörf

» Verslunarstörf

» Bókhaldsstörf

» Ræstingarstörf

» Sérfræðistörf

» Útkeyslustörf

» Sölustörf

» Stjórnunarstörf

» Störf við kerfisstjórn

» Störf við forritun

» Framleiðslustörf

» Iðnstörf

» Þjónustustörf

» Kannaðu málið á

www.hhr.is

HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

HH Ráðgjöf • Fiskilóð 81 • 101 Reykjavík
Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is



Proskapjálfi.

Grandaskóli óskar eftir þroskajálfa skólaárið 2007-2008:
Um er að ræða 60 - 100% starfshlutfall.

Umsóknarfrestur er til 21. maí næstkomandi.

Nánari upplýsingar gefa Börkur skólastjóri
borkur@grandaskoli.is og Inga aðstoðarskólastjóri
inga@grandaskoli.is,
sími 5611400

Grandaskóli stendur við sjávarsiðuna í vesturbæ Reykjavíkur.
Nemendur eru um 310 talsins í 1. - 7. bekk og við skólann starfa
um 50 starfsmenn. Mikill stöðugleiki hefur verið í starfsmannahaldi
skólans og í hópnum ríkir fagmennska og metnaður.

Framleiðsla á múrvörum

BM Vallá óskar eftir að ráða verkmenntil starfa í múrvöru-
framleiðslu fyrirtækisins í Garðabæ.

Um er að ræða almenn framleiðslustörf og stjórnun véla.
Æskilegt er að viðkomandi hafi lyftararéttindi.

Allar nánari upplýsingar veitir Ólafur Pétursson í síma 860
5077.

Verkstæðismenn

BM Vallá óskar eftir að ráða bifvélavirkja eða vanan verk-
stæðimann á verkstæði fyrirtækisins. Verið er að leita að
mönnum vönum viðgerðum á stórum bílum og tækjum.

Mikil vinna framundan.

Verkstæði BM Vallá er til húsa að Bíldshöfða 7, Reykjavík og
það þjónar öllum starfsstöðvum fyrirtækisins.

Allar nánari upplýsingar veitir Gylfi Þór Helgason í síma 860
5092. Einnig er hægt að senda inn umsóknir til Gylfa Þórs
Helgasonar, gylfi@bmvalla.is



ERTU AÐ LEITA?



Ráðningarþjónustan er framsækið fyrirtæki, á traustum grunni, sem sérhæfir sig í
persónulegri þjónustu á sviði ráðninga, jafnt til fyrirtækja sem og umsækjenda.

Hjá Ráðningarþjónustunni starfa ráðgjafar með sterkan faglegan bakgrunn á sviði
mannauðsfræða sem og viðtæka reynslu af íslenskum vinnumarkaði.

Atvinnurekendur

Kynnið ykkur þjónustu okkar á heimasíðunni www.radning.is
og hafið samband þegar við getum orðið ykkur að liði.

Umsækjendur

Kynnið ykkur úrval áhugaverðra starfa í boði og fyllið út umsókn á
heimasíðu okkar www.radning.is



Krókháls 5a • 110 Reykjavík • Sími: 588 7700 • Fax: 588 8700 • www.radning.is • radning@radning.is

ATVINNA FRAMTÍÐARSTARF

Vegna aukinna verkefna óskar Bílabúð Benna
eftir að ráða starfsmenn í eftirfarandi störf:

Skrifstofa 50%

Starfið felst í umsjón með söluuppgjöri, skráningu önnur skrifstofu-
störf. Við leitum að talnaglöggum og samviskusömum einstaklingi
með reynslu af skrifstofustörfum. Vinnutími samkvæmt samkomulagi.

Starfsmenn í verslun og varahlutadeild - fjölbreytt starf

Starfið felur í sér að vinna við afgreiðslu í verslun, sölu á varahlutum og
við sérpantanir.

Æskilegt er að umsækjandi hafi áhuga og þekkingu á bifreiðum og
varahlutum. Leitað er að samviskusömum og þjónustulundum
einstaklingi.

Dekkjaverkstæði: Verkstjóri Dekkjadeildar

Starfið felur í sér daglega umsjón með rekstri dekkjaverkstæðis
Bílabúðar Benna.

Umsækjendur þurfa að hafa reynslu af verkstæðisrekstri,
vera skipulagðir og með góða þjónustulund.

Standsetning og þvottur

Starfið felst í að þvo og standsetja nýjar bifreiðar auk þvottar notaðra
bifreiða. Umsækjendur þurfa að hafa bílpróf.

Sumarafleysing í Bílaleigu

Fjölbreytt störf í sumar við bílaleigu. Sækja og senda, ásamt þrifum
ofl. Umsækjendur þurfa að hafa bílpróf.

Sumarafleysing á skiptiborð og í verslun

Óskum eftir að ráða í afleysingu á skiptiborð og til aðstoðar í verslun
í sumar.

Umsóknir berist til Inga Más ingi@benni.is fyrir 21. maí 2007.



Vagnhöfða 23 - S: 590-2000

Bílabúð Benna ehf er 30 ára þjónustufyrirtæki bílaáhugamannsins.
Fyrirtækið flytur inn og selur vara- og fylgihluti í allar tegundir bifreiða.
Bílabúð Benna ehf er umboðsáðili nýrra bíla frá Porsche, Chevrolet og SaangYong.

Vilt þú vinna með Halldóri Laxness, Arnaldi Indriðasyni og Van Gogh?

Hjá **Eymundsson** vinnur frábær hópur fjölhæfra
og skemmtilegra einstaklinga – en okkur vantar fleiri.
Laust er í eftirfarandi stöður á höfuðborgarsvæðinu:

Starfsmaður í bókaverslun

Hæfniskröfur:

Reynsla af þjónustu og sölu
Hæfni í mannlegum samskiptum
Góð almenn tölvukunátta
Þjónustulund
Brennandi áhugi á bókum

Deildarstjóri myndlistardeildar

Hæfniskröfur:

Þekking á myndlistarvörum
Reynsla af þjónustu og sölu
Hæfni í mannlegum samskiptum
Góð almenn tölvukunátta
Þjónustulund

Nánari upplýsingar veitir Borgar Jónsteinsson rekstrarstjóri, borgar@eymundsson.is
Áhugasamir eru vinsamlega beðnir um að sækja um á eymundsson.is

Flügger

Sölumaður!

Óskum að ráða 2 sölumenn til starfa í verslunum okkar. Þekking á málningu og verslunarstörfum er kostur en ekki skilyrði. Þurfa að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknarfrestur til 20. maí nk.

Upplýsingar veitir Karl Jóhann í síma 820 7777.

Áhugasamir sendi umsókn á: kajo@flugger.com eða á heimilisfang okkar.



Kleppsvegi 64, 104 Reykjavík.

Halló !! Halló!!

Ertu búin/n að fá þér vinnu í sumar? Okkur vantar gott og duglegt starfsfólk til að sinna umönnunarstörfum.

Unnið er á vöktum. Ýmsir vakamöguleikar eru í boði. Starfshlutfall er samkomulag.

Endilega hafðu samband sem fyrst.

Upplýsingar gefur Aðalheiður Vilhjálmstöttir, hjúkrunarforstjóri (alla@skjol.is) í síma 5225600



Stóru-Vogaskóli

Sveitarfélagið Vogar

Kennarar athugið

Kennarar óskast til starfa fyrir komandi skólaár.

Meðal kennslugreina er íslensku- og stærðfræðikennsla á unglingsstigi, bekkjarkennsla á yngsta- og miðstigi, sérkennsla, textilkennsla og tónmenntakennsla. Einnig er óskað eftir námsráðgjafa (50%) og deildarstjóra yngsta stigs (50%).

Stóru-Vogaskóli er ört vaxandi skóli í blómlegu sveitarfélagi og þar er unnið ótulllega að skólaþróun. Kynnið ykkur skólann og skólastarfið á heimasíðunni okkar, <http://www.storuvogaskoli.is/>.

Frekari upplýsingar veita skólastjóri og aðstoðarskólastjóri í síma 424-6655.

Auk þess má hafa samband við skólastjóra í síma 896-6583. Netfang skólans er skoli@vogar.is.

Umsóknarfrestur er til 4. júní.

Umsóknir berist Stóru-Vogaskóla, Akurgerði 2, 190 Vogum.

Skólastjóri

TIL SÖLU

ATVINNUTÆKIFÆRI

Til sölu fyrirtæki í innflutningi, heildsölu og smásölu. Góð álagning. Falleg, hrfandi og auðseljanleg vara. Verð ca. 12 m.

Svar merkt: „Uppgrip“ sendist á netfangið: galle@isl.is

ATVINNUTÆKIFÆRI

Til sölu fyrirtæki í innflutningi, heildsölu og smásölu. Góð álagning. Falleg, hrfandi og auðseljanleg vara. Verð ca. 12 m.

Svar merkt: „Uppgrip“ sendist á netfangið: galle@isl.is

TILKYNNINGAR

Aðalfundur IBBY á Íslandi

verður haldinn fimmtudaginn 24. maí, kl. 17.00 í Lækjarbrekku við Bankastræti.

Á dagskrá verða venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin



Samvinnunefnd Aðaldælahrepps, Norðurþings, Skútustaða-hrepps Þingeyjarsveitar og Skipulagsstofnunar um svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum boðar til opins almenns kynningarfundar um gerð svæðisskipulags fyrir háhitasvæði í Þingeyjarsýslum. Þar verður kynnt staða mála við vinnslu skipulagstillögunnar og umhverfismats hennar. Sérstaklega er óskað eftir ábendingum og athugasemdum vegna verksins. Fundurinn verður haldinn að Ydölum í Aðaldal mánudaginn 14. maí kl. 20:30.

Samvinnunefndin



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbær · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

Myndlistarmenn

Menningarmálanefnd Mosfellsbæjar auglýsir eftir myndlistarmönnum sem hafa áhuga á að sýna í Listasal Mosfellsbæjar.

Listasalur Mosfellsbæjar er fjölnota salur í Bókasafni Mosfellsbæjar og er vettvangur fjölbreytts sýningarhalds listamanna sem vinna að framþróun myndlistar á Íslandi. Samhliða því er listafólki úr Mosfellsbæ veitt sérstakt tækifæri til að koma sér á framfæri.

Umsóknir fyrir næsta starfsár (sept. 2007 – júní 2008) verða að berast/póstleggjast til menningarmálanefndar b/t Listasalar & Bókasafns Mosfellsbæjar, Kjarna, Þverholti 2, 270 Mosfellsbær, fyrir kl. 18 þann 15. júní 2007.

Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á vefsíðu Bókasafns Mosfellsbæjar (undir Listasalur Mosfellsbæjar) www.mos.is/bokasafn. Nánari upplýsingar og starfsreglur fást í Bókasafni Mosfellsbæjar, sími 566 6822.

ÚTBOÐ

ÚTBOÐ

F.h. Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar, skrifstofu gatna- og eignaumsýslu:

Álftamýrarskóli, utanhússviðgerðir, útboð nr. 7514.

Útboðsgögn eru seld á kr. 3.000, í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur, frá og með þriðjudeginum 15. maí 2007.

Opnun tilboða: 29. maí 2007 kl 14:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur.

10981

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod



Reykjavíkurborg
Þjónustu- og rekstrarsvið

Innkaupa- og rekstrarskrifstofa
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is



Útboð nr. 14148 -Áætlunarflug

Áætlunarflug Reykjavík - Vestmannaeyjar 2007 - 2009

Ríkiskaup fyrir hönd Vegagerðarinnar óska eftir tilboðum í rekstur á áætlunarflugi á flugleiðinni:

Vestmannaeyjar - Reykjavík v.v.

Um er að ræða útboð á endurgreiðslu kostnaðar að frádrögnum tekjum vegna farþegaflutninga í áætlunarflugi á framangreindri flugleið.

Hægt verður að nálgast útboðsgögn á vef Ríkiskaupa <http://www.rikiskaup.is> frá og með mánudeginum 14. maí kl. 14.00. Skila skal tilboðum til Ríkiskaupa, Borgartúni 7, 105 Reykjavík fyrir kl. 11.00 mánudaginn 11. júní nk. og verða tilboð opnuð þar sama dag eða 11. júní kl. 11.00.



ÚTBOÐ

F.h. Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar, skrifstofu gatna- og eignaumsýslu: Viðhald raflagna í fasteignum Reykjavíkurborgar - Hverfi 1, 2 og 3.

Útboðsgögn eru seld á kr. 3.000, í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur, frá og með þriðjudeginum 15. maí 2007.

Opnun tilboða: 29. maí 2007 kl 10:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur.
10980

Viðhald raflagna í fasteignum Reykjavíkurborgar - Hverfi 4 og 5.

Útboðsgögn eru seld á kr. 3.000, í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur, frá og með þriðjudeginum 15. maí 2007.

Opnun tilboða: 30. maí 2007 kl 10:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur.
10982

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod



Reykjavíkurborg
Þjónustu- og rekstrarsvið

Innkaupa- og rekstrarskrifstofa
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

Útboð

Húsfélagið að Laugarnesvegi 106 - 110 óskar eftir tilboðum í verkið:

Laugarnesvegur 106 - 110
Viðgerðir og viðhald utanhúss

Verkið felst í að fjarlægja forsteypt handrið og setja ný stálhandrið í staðinn, steypuviðgerðir á svölum og veggjum, endurnýja tréverk, endurnýja gler og máln hússins.

Helstu magntölur eru:

- Niðurbrot forsteypra handriða 24 stk
- Niðurbrot svalagólfa og veggja 80 m²
- Svalahandriðsgrindur og handlistar 24 stk
- Endurnýjun gluggafaga 45 stk
- Endurnýjun glers og lista 95 m²
- Endurmáln veggja 950 m²
- Endurmáln þaks 700m²

Lokaskiladagur verksins er 1. júlí 2008.

Útboðsgögnin verða seld hjá Verkfræðistofunni Hnit hf, Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík frá og með þriðjudeginum 15. maí n.k. á 5.000 kr hvert eintak.

Tilboð verða opnuð á sama stað föstudaginn 1. júní 2007 klukkan 11:00.



BJÖRGUN OG BYGG sf.

Útboð

Byörgun og Bygg sf. óska eftir tilboðum í rif húsa við Vesturvör í Kópavogi. Útboðið nefnist:

Rif húsa við Vesturvör 6 og 8

Helstu magntölur:

- Steypuhlutar: 600 m³
- Burðarvirki úr stál: 67 tonn
- Bárújarnsklæðning: 2400 m²
- Timbur: 30 m³

Útboðsgögn verða seld á skrifstofu Almennu verkfræðistofunnar hf. að Fellsmúla 26, 4. hæð, 108 Reykjavík, frá og með þriðjudeginum 15. maí n.k. á 3.000 kr. hvert eintak. Tilboð verða opnuð á sama stað miðvikudaginn 30. maí n.k. kl. 11:00.



Hvað er að fréttu?



Beint í farsímann eða í vefpósti_



www.visir.is

Hlýleg 3ja herbergja íbúð við Arnarsmára með fallegu útsýni.



Vel skipulögð 3ja herbergja, 83 fm, íbúð við Arnarsmára í Kópavogi. Fallegt útsýni er til norðurs, yfir Snæfellsnes og Esjuna. Tvö rúmgóð svefnherbergi, stofa með útgengi út á svalir, eldhús með borðkrók, baðherbergi og sér þvottaherbergi í íbúð. Íbúðin er miðsvæðis á Höfuðborgarsvæðinu og stutt í alla þjónustu, skóla og verslanir.

Allar frekari upplýsingar veitir Albert Björn Lúðvígsson sölumaður Húsakaupa í síma 8 8.



Guðrún Árnadóttir
lögg. fasteignasali

Albert Björn Lúðvígsson
sölumaður, s. 840 4048



- sími 530 1500 - heimasíða www.husakaup.is -

FASTEIGNAKAUP

Ármúli 15 - Sími: 515 0500 - www.fasteignakaup.is

Opið hús í dag Stuttárbotnar 26 í landi Húsafells



Afar glæsilegt finnskt bjálkarhús frá Vulkatti með einstöku útsýni á besta stað við Stuttárbotna 26 í landi Húsafells. Eignin sem er 120fm og þar af gestahús. Allt í húsinu er sérstaklega vandað og í mikið í lagt. Stór verönd u.þ.b 150fm. Heitur pottur. Lóðin er 0.5 hektara leigulóð skógi vaxinn og er bústaðurinn vel varin umferð. Einstakt útsýni er úr bústaðnum. Verð 41,5 millj.

Allar nánari upplýsingar veitir sölustjóri Fasteignakaupa Páll Höskuldsson í síma 864 0500.

Eigendur Ásdís Rósa og Kristinn símar 895 7784 og 825 6177 sýna bústaðinn í dag á milli 16 og 18. Sjón er sögu ríkari.

Erna Valsdóttir lögg. fasteigna-, skipa- fyrirtækjasali



Sigurberg Guðjónsson hdl. og Hrafnhildur Bridde, lögg.fasteignasali Póroddstaðir, Skógarhlíð 22, 105 Reykjavík. Sími: 534-2000 - Fax: 534-2001

LAUS FLJÓTLEGA! EFSTIHLJALLI, KÓP. 3JA HERB. Á 1. HÆÐ



Rúmgóð 91,6 fm íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Tvö svefnherb., stofa og eldhús. Sérþvottahús í íbúð. Gengið er beint inn þ.e. enginn stigi. Verð 21,7 millj.



Viðar BSSvarason víðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali Þjónustusími síðumanna eftir lokun 894 1401

Skeljanes 4 Opið hús í dag frá kl. 14-15.



3ja herbergja m. sérinngang. Notaleg og falleg íbúð á tveimur hæðum. Á efri hæð er eldhús, björt stofa og svefnherbergi. Neðri hæð m. svefn og baðherbergi og aðgang að sameiginlegu þvottahúsi. Verð 20,9 millj. 7519

Laugavegi 170, 2. hæð • Opið virka daga kl. 9:00-17:00 Sími 552 1400 • Fax 552 1405 • www.fold.is • fold@fold.is



Hafnarfirði, Fjarðargötu 17 Sími 520 2600, Fax 520 2601 Netfang as@as.is Heimasíða www.as.is Kári Halldórsson, lögg. fasts. Opið virka daga kl. 9-18

JÖRÐ TIL SÖLU



Falleg lítil jörð í Saurbæ. 180 km akstur á malbikuðum vegi frá Reykjavík. Lítilsháttar veiðihlunnindi úr Staðarhólsá. Nokkarar litlar tjarnir eru á jörðinni og mikið fuglalíf. Grasgefin tún sem ekki hafa verið slegin um árabil. Einstakt tækifæri. Verð 16,9 millj. Fyrstur kemur fyrstur fær.

Allar nánari upplýsingar veitir Jón Örn Kristinsson, lögg. fasteignasali hjá Ás símar 520 2600 og 898 4588.



36.000.000

Opið hús í dag
sunnudaginn 13.maí
frá kl 15-16

Óðinsvellir 17, Reykjanesbæ

Vel staðsett 226 m2 einbýlishús með stórum bílskúr. Skemmtileg og rúmgóð eign sem býið er að endurnýja að stórum hluta. Nánari uppl. gefur Sævar í s.894-2252.



SÍMI 533 4040 FAX 533 4041

OPÍÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17 Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali

Ármúli 21, Reykjavík • kjoreign@kjoreign.is • www.kjoreign.is

OPÍÐ HÚS Í DAG sunnudag kl. 14 - 16



ÁRSALIR 3, 201 Kópavogi

Glæsileg og fullbúin 4ra herbergja íbúð á 1. hæð um 122,0 fm. Sér verönd og garður í suður. Íbúðin er huggulega innréttað með innréttingum frá Brúnás.

Laus fljótlega. VERÐ: 29,9 MILLJ.

Páll og Lilja taka á móti áhugasömum í dag kl. 14-16.

OPÍÐ HÚS Í DAG sunnudag kl. 14 - 16



SÓLEYJARRIMI 7, 112 Rvík. LYFTUHÚS: FYRIR 50 ÁRA OG ELDRI.

Rúmgóð og huggulega innréttað 3ja til 4ra herb. íbúð á 2. hæð. Stærð íbúðar 101,2 fm. Tvennar svalir. Sérinngangur. Stæði í bílgeymslu. Frábært útsýni.

Laus fljótlega. Verð: 27,8 millj.

Ólafur tekur á móti áhugasömum í dag kl. 14 - 16.

Kristinn Valur Wiium Sölumaður, sími: 896 6913

Ólafur Guðmundsson Sölustjóri, sími: 896 4090



LÖGHEIMILI EIGNAMIDLUN Sími: 512 3600
HELAGI FASTEIGNASALA

Skipholti 15 - 105 Reykjavík - www.logheimili.is

LÖGHEIMILI EIGNAMIDLUN kynnir snotra íbúð í vinsælu hverfi. Eign sem býður upp á marga möguleika. Íbúðin er 73,2 fm. Eignin skiptist í forstofu, svefnherbergi, hol, 2 stofur, baðherbergi og geymslu. Eldhús með nýlegri innréttingu. Parket er á gólfum. Baðherbergi er flísalagt og fylgir ný baðinnrétting með. Á baðherbergi er sturta og þvottaástaða. Eignin getur verið laus við kaupsamning. Eign sem vert er að skoða.

EIKJUVOGUR
 Opið hús í dag Eikjuvogur 22 milli 14:00-14:30 **17.900.000**


Stærð: 73 m² Byggingarár: 1959
 Fjöldi herbergja: 2-3 Brunabótamat: 10.500.000

Heimir Bergmann
 Framkvæmdastjóri
 Beinn sími 512 3600
GSM: 822 3600
 E-mail: heimir@logheimili.is

Jónas Örn Jónasson
 Löggiltur fasteignasali
 Lögmaður
GSM: 698 3600
 E-mail: jonas@logheimili.is







LÖGHEIMILI EIGNAMIDLUN Sími: 512 3600
HELAGI FASTEIGNASALA

Skipholti 15 - 105 Reykjavík - www.logheimili.is




LÖGHEIMILI EIGNAMIDLUN kynnir glæsilega 3-4 herbergja enda íbúð við Kristnibraut. Lýsing komið er inn í hol með náttúruflisum góður fataskápur. Þvottahús á vinstri hönd. Rúmgott hjónaherbergi og barnaherbergi með skáp. Baðherbergi með baðkari og sturtu flísalagt í hólf og gólf. Eldhús með borðkrók er með eikar innréttingum og AEG tækjum í burstuðu stáli. Borðstofu með hornplugga með útsýni til vesturs yfir hafid. Vestur svalir með útsýni. Eikarparket er á gólfum nema baði forstofu og eldhúsi. Glæsileg íbúð í alla staði. Opið hús í dag milli 16:30-17:00.

KRISTNIBRAUT
 Opið hús í dag Kristnibraut 59 milli 16:30-17:00 **27.900.000**

Stærð: 113,5 m² Byggingarár: 2004
 Fjöldi herbergja: 3-4 Fasteignamat: 22.490.000

Heimir Bergmann
 Framkvæmdastjóri
 Beinn sími 512 3600
GSM: 822 3600
 E-mail: heimir@logheimili.is

Jónas Örn Jónasson
 Löggiltur fasteignasali
 Lögmaður
GSM: 698 3600
 E-mail: jonas@logheimili.is


LÖGHEIMILI EIGNAMIDLUN Sími: 512 3600
HELAGI FASTEIGNASALA

Skipholti 15 - 105 Reykjavík - www.logheimili.is

LÖGHEIMILI EIGNAMIDLUN kynnir glæsilega 3-4 herbergja enda íbúð við Kristnibraut. Lýsing komið er inn í hol með náttúruflisum góður fataskápur. Þvottahús á vinstri hönd. Rúmgott hjónaherbergi og barnaherbergi með skáp. Baðherbergi með baðkari og sturtu flísalagt í hólf og gólf. Eldhús með borðkrók er með eikar innréttingum og AEG tækjum í burstuðu stáli. Borðstofu með hornplugga með útsýni til vesturs yfir hafid. Vestur svalir með útsýni. Eikarparket er á gólfum nema baði forstofu og eldhúsi. Glæsileg íbúð í alla staði. Opið hús í dag milli 16:30-17:00.

KRISTNIBRAUT
 Opið hús í dag Kristnibraut 59 milli 16:30-17:00 **27.900.000**

Stærð: 113,5 m² Byggingarár: 2004
 Fjöldi herbergja: 3-4 Fasteignamat: 22.490.000

Heimir Bergmann
 Framkvæmdastjóri
 Beinn sími 512 3600
GSM: 822 3600
 E-mail: heimir@logheimili.is

Jónas Örn Jónasson
 Löggiltur fasteignasali
 Lögmaður
GSM: 698 3600
 E-mail: jonas@logheimili.is






550 5600

Hringdu ef blaðið berst ekki



FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið



ELÍAS HARALDSSON
SÖLUSTJÓRI



REYNIR BJÖRNSSON
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI



INGA DÓRA KRISTJÁNSD.
SÖLUFULLTRÚI



BRYNDÍS KNÚTSDÓTTIR
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI



SÓLVEIG REGÍNA BIARD
RITARI



BORGARTÚNI 29 - 105 REYKJAVÍK
 Sími: 510-3800 - FAX: 510-3801
 WWW.HUSAVIK.NET

HÚSAVÍK FASTEIGNASALA HEFUR FLUTT STARFSEMI SÍNA Í NÝTT OG GLÆSILEGT HÚSNÆÐI Í BORGARTÚNI 29



HÚSAVÍK FASTEIGNASALA - ÞAR SEM GOTT ORÐSPOR SKIPTIR MÁLI

Til hamingju
með daginn
mamma



Mæðradagurinn er í dag

NEXT

Kringlunni sími 551 3200

Bloggið nær sannleikanum

Í Íran er hópur kvenna sem berst fyrir auknum réttindum. Blaðamaðurinn og bloggariinn **Parastoo** er ein þeirra. Blogginu hennar hefur þrisvar verið lokað og hún einu sinni fangelsuð. *Hanna Björk Valsdóttir* spjallaði við Parastoo um málfrelsi, lýðræði, mótmæli, fótoltaleiki og yfirheyrslur yfir kaffibolla í Teheran.

Parastoo er einn vinsælasti bloggari Írans. Hún er blaðamaður en öllum blöðum sem hún hefur unnið á hefur verið lokað. Hún hefur lagt áherslu á að skrifa um samfélagsmál og kvenréttindamál, hún tekur líka virkan þátt í kvenréttindabaráttunni og berst til dæmis fyrir því að konur megi horfa á fótoltaleiki. Það er henni mikið kappsmál þrátt fyrir að hafa lítinn áhuga á fótoltu. „Þetta snýst um að konur hafi sama rétt og karlar. Það eru engin lög sem ákveða að konur megi ekki fara á fótoltaleiki. Þetta er bara eitthvað sem stjórnin ákvað.“ Á blogginu skrifar hún um allt milli himins og jarðar. Blogginu hennar hefur þrisvar verið lokað en hún heldur alltaf áfram á nýjum stað. Hún hefur verið handtekin fyrir að sýna samstöðu með öðrum baráttukonum sem voru dregnar fyrir rétt og var sleppt eftir þrjár sólarhringa í fangelsi. Samt sem áður heldur þessi unga kona áfram. Hún lítur á það þannig að einhver verði að gera þetta.

Mikilvægt að blogga

„Ég byrjaði að blogga árið 2002, þá voru þegar nokkur hundruð bloggari í Íran. Það eru mjög margir sem blogga hérna en ekki jafnmargir sem eru virkir. Aftur á móti lesa mjög margir blogg. Netið öðlast fljótt mikið samskiptagildi í Íran og bloggið varð strax mjög mikilvægur miðill vegna þess að fjölmiðlar eru svo takmarkaðir hér í Íran og málfrelsið mjög takmarkað. Það er aðalástæðan fyrir því að bloggið er svona vinsælt.“

Netið í Íran er mjög ritskoðað af ríkisstjórninni og algengt að aðgangi að vefsíðum sé lokað eins og Parastoo hefur þrisvar lent í. „Í Íran færðu aldrei að vita hina raunverulegu ástæðu fyrir því að eitthvað er bannað. Ég hef aldrei fengið að vita hvers vegna blogginu mínu var lokað. En ég held að það sé vegna þess hversu margir lesa það. Mig grunar að ef að lesendafjöldinn fer yfir ákveðið mark þá loka þeir blogginu vegna þess að þeir eru hræddir um að þessi manneskja sé farin að hafa of mikil áhrif. Ef einhver verður

of vinsæll gæti fólk farið að taka mark á þeirri manneskju sem gæti hugsanlega komið einhverri bylgu af stað.“

Parastoo á bannlista

Parastoo lætur ekkert stoppa sig og hefur opnað nýtt blogg á nýjum stað í hvert sinn sem blogginu er lokað, enda mjög vinsæll og með dyggan lesendahóp sem skráir sig á póstlista svo hún geti sent þeim tölvupóst um hvar nýja bloggið sé að finna.

„Í fyrsta sinn sem blogginu mínu var lokað var ég erlendis og fólk sendi mér póst um að bloggið mitt væri lokað en ég trúði því varla. Það var mjög sjokkerandi að koma aftur til Íran og sjá tilkynninguna um að vefsíðunni hefði verið lokað. Ég skildi ekki af hverju. Af hverju fólk mátti ekki lesa það sem ég skrifaði. Ég hélt að ástæðan væri kannski sú að á sama tíma voru mótmæli í Teher-

an sem ég hvatti fólk til að mæta á. Þessi mótmæli enduðu frekar illa og lögreglan beitti ofbeldi.“

Parastoo byrjaði að blogga aftur á nýjum stað en þremur vikum seinna var blogginu aftur lokað. „Þá vissi ég að það var ekki ástæðan, þeir voru bara á móti blogginu mínu. Punktur. Ég var mjög óhress með þetta og reyndi að fá svör en eftir nokkra tölvupósta og bréf fékk ég svarið að þetta væri skipun frá dómstólum og þeir gætu ekki svarað af hverju. Ég fæ aldrei neitt svar.“

Parastoo skrifar um allt sem henni dettur í hug á blogginu og lesendur taka virkan þátt í umræðunni. „Ég skrifa um allt. Eða næstum allt.“ leiðrétir Parastoo. „Málafni kvenna og ungs fólks í Íran, mitt daglega líf, bíómyndir, tónlist og svo framvegis. Ég skrifa líka mikið um blogg og af hverju það er mikilvægt fyrir okkur að halda áfram að blogga í Íran. Ég gat

ekki fundið sjálfa mig í venjulegum fjölmiðlum, það var ekki pláss fyrir mínar skoðanir eða málefni sem ég vildi skrifa um. Allir fjölmiðlar í Íran eru ríkisfjölmiðlar og þeir eru svo ritskoðaðir.“

Barist fyrir lýðræði

Parastoo byrjaði blaðamannafélagin fyrir átta árum og starfaði á dagblöðum þangað til í fyrra. Öll blöð sem hún hefur unnið á hafa verið bönnuð og þau lögð niður. „Það er mjög erfitt að starfa sem blaðamaður í Íran. Sérstaklega þegar maður skrifar um samfélagsmál eins og ég gerði. Maður verður að flytja fréttir en má samt varla skrifa um það sem er að gerast. Fólk þarf að læra að lesa á milli línanna. Það er mjög algengt að blaðamaður skrifi grein sem er svo heiftarlega ritskoðuð af ritstjóranum og útgefandanum sem vilja ekki að blaðinu verði lokað. Þannig endar heil grein oft sem lítil klausa þegar búið er að taka allt í burtu.“

En hvað kom til að hún fór að taka virkan þátt í kvennabaráttunni? „Það var á minni könnu að skrifa um þetta málefni. Ég hef mjög mikinn áhuga á samfélagsmálum og sérstaklega málefnum kvenna og ungs fólks í Íran. Eftir að hafa skrifað um þetta málefni í nokkur ár fannst mér ég geta lagt meira af mörkum. Ég gat hvort er ekki skrifað um hvað var raunverulega að gerast. Það ytti við mér. Hugmyndin um siðmenningu og lýðræði sem við gætum mjög auðveldlega haft í Íran er eitthvað sem er mér mjög ofarlega í huga og ég trúi því að við eigum að berjast fyrir þannig samfélagi.“

Stelpur í fótoltu

Fyrsta herferðin sem Parastoo tók þátt í og skipulagði voru mótmælin fyrir utan fótoltaleikvöllina en konur í Íran er bannað að horfa á fótoltaleiki. Íranska myndin Offside, um nokkrar stelpur sem klæða sig upp sem stráka til að reyna að komast á fótoltalandsleik, hefur farið sigurför um heiminn og þar sést líka í Parastoo mótmæla fyrir utan. „Það langar mjög margar ungar stelpur mikið til að fara á leik. Rétt eins og að fara í bíó. Þetta er almenningssvæði og við ættum að hafa aðgang að því. Fyrir mér snýst þetta ekki um fótoltaleik heldur um ranglætið við að aðskilja kynin á almenningssstöðum.“

Fyrsti leikurinn sem þær mættu



” En lögreglan mætti á staðinn og við vorum eltar uppi, lamdar og smalað í rútu og settar í fangelsi. Það var bundið fyrir augun á okkur og við settar tvær til þrjár saman í einangrunarklefa. Það var varla pláss til að anda eða hreyfa sig.





BLÁDAMAÐURINN OG BLOGGARINN PARASTOO: Það er mjög erfitt að starfa sem blaðamaður í Íran. Sérstaklega þegar þú skrífir um samfélagsmál eins og ég gerði. Maður verður að flytja fréttir en má samt varla skrifa um það sem er að gerast. Fólk þarf að læra að lesa á milli línanna."

„Á til að mótmæla var vinaleikur milli Írans og Þýskalands fyrir þremur árum. „Við keyptum miða og reyndum að komast inn en gátum það ekki. Þýskum konum var hleypt inn en ekki okkur og það var mjög erfitt fyrir okkur að horfa á eftir þeim vera hleypt inn. Þetta var ekki bara mismunur kynjanna heldur þjóða líka. Ástæðan sem þeir gáfu var að þeir gætu ekki ábyrgst öryggi okkar en þegar við spurðum af hverju þýsku konurnar væru öruggar vorum við lamdar. Þeir hafa engin svör, bara barsmíðar.“

Síðan hafa þessar konur haldið áfram að reyna að komast inn á alla landsleiki.

„Einu sinni var okkur hleypt inn. Þetta var tveimur vikum fyrir forsetakosningarnar og þeir gerðu allt til að safna atkvæðum. Við vorum 30 konur með hvítar slæður og það var hellingur af alþjóðlegum blaðamönnum á staðnum. Við mættum fyrir utan með mótmælaspjöld og stóðum þar í þrjá tíma og okkur var svo hleypt inn í seinni hálfleik. Ég var ótrúlega glöð af því að mér fannst mótmæli okkar hafa skilað árangri. Okkur fannst við hafa unnið sigur. En okkur hefur aldrei aftur verið hleypt inn – þetta var bara út af kosningunum.“

Handtaka og fangelsí

Parastoo var ein af þeim 33 konum sem voru handteknar í byrjun mars fyrir að mótmæla fyrir utan dómhús þar sem réttað var fimm konum. Málið fékk mikla athygli í vestrænum fjölmiðlum og þótti halla mjög á stjórn Írans. Konurnar eru sakaðar um að stofna þjóðaröryggi í hættu og að vera með áróður gegn stjórninni, en þessar konur taka allar þátt í herferð um



að breyta lögum sem mismuna íbúnum.

„Við vorum um 50 konur sem ákváðum að fara og sýna samstöðu. Við vorum ekki með mótmælaspjöld og áttum ekki von á neinum vandræðum. En lögreglan mætti á staðinn og við vorum eltar uppi, lamdar og smalað í rútu og settar í fangelsi. Það var bundið fyrir augun á okkur og við settar tvær til þrjár saman í einangrunarklefa. Það var varla pláss til að anda eða hreyfa sig.“

Þarna var þeim haldið í þrjá sólarhringa og þær yfirheyrðar reglulega. „Þeir voru að reyna að hræða okkur. Þegar ég var yfirheyrð fyrst var stólum snúið upp að vegg eða bundið fyrir augun á mér. Þeir reyndu að telja okkur trú um að við værum að stofna almenningsi í hættu og töluðu mikið um þjóðaröryggi. Aðalástæðan fyrir þessum fyrirslætti var líklega að fá okkur til að hætta að mótmæla. Þegar ég var aftur yfirheyrð var

búið að prenta út færslur af blogg-inu mínu og ég var spurð út í af hverju ég væri að skrifa um þetta og hitt. Ég var spurð út í ferðalög mín erlendis og tengsl við útlendinga. Síðan var mér sagt að mér yrði sleppt en mér var samt haldið þarna í þrjá daga.“

Framtíð í Íran

„Ég veit ekki hvað mun gerast,“ svarar Parastoo eins og flestir í Íran þegar þeir eru spurðir um nánustu framtíð. „Ég veit bara að við erum með mjög góða hreyfingu núna fyrir réttindum kvenna. Samfélagið okkar er svo langt á undan lögunum; það þarf að breyta þeim. Vandamálið er að stjórnin hefur enga trú á lýðræði. Lífs-gæðin eru alltaf að aukast hér en það sem vantar er að fólk sé meðvitaðra. Stærsti hluti þjóðarinnar á eftir að vera menntaður í framtíðinni og það á eftir að breyta almenningssáliti vona ég.“

hannabjork@gmail.com



ENNEW / SIA

Elisabeth Alba Valdimarsdóttir
Sommelier ársins
Verður fulltrúi Íslands
á heimsmeistaramóti
vínþjóna á Rhodos í maí.

Sigurvegarar á VOX

Sommelier ársins og barþjónn ársins starfa á VOX

Við óskum Elisabeth Ölbu og Rafni til hamingju með Íslandsmeistararitla sína. Við erum stolt af árangri þeirra og vitum að þau verða glæsilegir fulltrúar Íslendinga á heimsmeistaramótum vín- og barþjóna síðar á þessu ári.

V O X
RESTAURANT / BISTRO

www.vox.is

VOX Restaurant 18.30 - 22.30 Opíð þri. - lau.	VOX Bistro 11.30 - 22.30 Opíð alla vikuna	Nordica hotel Suðurlandsbraut 2 Sími 444 50 50 vox@vox.is
---	---	--



Rafn Þórisson
Barþjónn ársins
Verður fulltrúi Íslands
á heimsmeistaramóti
barþjóna í Taívan í
nóvember.

Landnámssetrið eins árs

Ár er nú liðið frá opnun Landnámssetursins í Borgarnesi og af því tilefni eru aðdáendur afmæla og einkum þeir yngstu boðnir sérstaklega velkomnir í setrið.

Leikritið Mr. Skallagrímsson eftir Benedikt Erlingsson var frumsýnd þennan dag fyrir ári og gengur það enn fyrir fullu húsi. Síðan hafa tvær leiksýningar bæst við, Svona eru menn með þeim KK og Einari Kárasyni og Mýramaðurinn eftir Gísla Einarsson. Báðar þessar sýningar hafa verið sýndar frá því um áramót við mikinn fögnuð. Sýningum verður haldið áfram í maí og júní. Einnig er stefnt að því að fleiri listamenn láti til sín taka á Söguloftinu og hefur nafn Brynhildar Guðjónsdóttur leik konu verið nefnt í því samhengi.

Mikil aðsókn hefur einnig verið að Landnámsýningunni og Egilsýningunni. Um tuttugu þúsund gestir hafa heimsótt setrið þetta fyrsta starfsár. Sýningarnar höfðu til fólks á öllum aldri. Gengið er í gegnum sýningarrýmið með sérstakri hljóðleiðsögn sem fánleg er á fimm tungumálum auk sérstakrar barnarásar á íslensku.

Gestir undir tólf ára aldri fá ókeypis aðgang á Landnámsýninguna í dag en nánari upplýsingar um starfsmena má finna á heimasíðunni www.landnamssetur.is.



MR. SKALLAGRÍMSSON HORFIR ÚT Sýningin um orðhákin önguglynda hefur trekk vel allt frá opnun Landnámssetursins.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

10 11 12 13 14 15 16

Sunnudagur

TÓNLEIKAR

- 16.00 Vortónleikar **Kórs Áttahagafélags Strandamanna** verða haldnir maí í **Árbæjarkirkju**. Þar syngur kórinn undir stjórn **Krisztínu Szklenár** en meðleikari á píanó er **Judith Þorbergsson**.
- 16.00 Vortónleikar **Regnbogakórsins** verða haldnir í **Fella- og Hólakirkju**. Stjórnandi og einsöngvari er **Natalía Chow Hewlett** en meðleikari á píanó er **Julian Hewlett**.
- 16.00 Vortónleikar í **Grafarvogskirkju**. **Kór Grafarvogskirkju** undir stjórn **Hilmars Arnar Agnarsdóttur** og **Krakkakórinn** undir stjórn **Gróu Hreinsdóttur** koma fram. **Barna- og unglíngakórinn** flytur söngleikinn **Sekkur jörðin** ásamt einsöngvurum, röppurum og hljóm-

sveit. Stjórnandi er **Svava Kristín Ingólfssdóttir**. Ókeypis aðgangur.

- 20.00 Kanadíski háskólakórinn, **University of Alberta Concert Choir**, heimsækir Ísland og heldur tónleika í **Skálholtskirkju**. Stjórnandi er **Dr. Debra Cairns**.

SÝNINGAR

- 13.00 **Handverkssýning og uppákomur á Vítorgi**. Sýndir verða listmunir sem gestir hafa unnið í félagsmiðstöð Vítorgs að undanfögnu auk þess sem **Vítorgskórinn** og **Vítorgsbandið** troða upp og skemmta gestum. Félagsmiðstöðin er öllum opin óháð aldri.

OPIÐ HÚS

- 14.00 **Gamli bærinn í Laufási** verður opinn í tilefni af **vinnuhjúaskildeggi**. Í tilefni þessa merkisdags og sumaropnun Gamla bæjarins í Laufási munu **STÖÐVINIR** Minjasafnins flytja fróðleiksmola um vinnuhjúaskildaginn og kveðnar verða rímur í baðstofunni. Kaffi, kakó og lummur í **Gamla prestssetrinu**.

Viðburðir Landnámsseturs í maí

mi.16.kl. 16 - Mr. Skallagrímsson aukasýning - örfá sæti laus
mi.16.kl. 20 - Mr. Skallagrímsson Uppselt
fö. 18. kl. 20 - Mýramaðurinn
lau.19. kl.20 - Mr. Skallagrímsson Uppselt
sun. 20. kl. 20 - KK og Einar laus sæti
fö. 25. kl. 20 - Mr. Skallagrímsson Uppselt
lau 26. kl. 20 KK og Einar laus sæti
má. 28. kl.20 Mýramaðurinn



LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS

Nánari upplýsingar um sýningar í maí á www.landnamssetur.is
 Miðapantanir í síma 437 1600

ÁST Í samstarfi við Vesturport
 13. maí kl. 20 Uppselt
 19. maí kl. 20 Uppselt
 20. maí kl. 20 Uppselt
 25. maí kl. 20 Uppselt
 26. maí kl. 20 Uppselt
 31. maí kl. 20 Uppselt
 SÖNGLEIKUR EFTIR
 GÍSLA ÖRN GARDARSSON
 OG VÍKING KRISTJÁNSSON
 Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

Vinstrihreyfingin – grænt framboð þakkar stuðninginn og öllum þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem lögðu hönd á plóginn. Fyrir græna framtíð, velferð, kvenfrelsi og frið.

ALLT ANNAD LÍF!
 – með vinstri grænum

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

ÞÚ HVÍLIST HVERGI BETUR EN Á LANZAROTE

Aflslöppun, rómantík og góður matur í heimsins besta veðri!

Princesa Yaiza ★★★★★

(með morgunmat)



Lúxus hótél fyrir vandláta - einstakar svítur í boði

1 vika: 24. júní - 1. júlí

Frá **66.048,-**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn. M.v. 2 fullorðna: 78.321,-

Stórkostlegt 5 stjörnu lúxushótél á Playa Blanca sem hefur slegið í gegn. Án efa eitt glæsilegasta hótél sem staðið hefur íslenskum ferðamönnum til boða. Svítur og fjölskyldusvítur. Barnaland hótelsins er frábært.

Playa Flamingo ★★★



Frábært fjölskylduhótél

1 vika: 24. júní - 1. júlí

Frá **49.297,-**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn. M.v. 2 fullorðna: 58.957,-

Flamingo er frábært fjölskylduhótél við Playa Flamingo ströndina á Playa Blanca. Ferjuhöfnin og miðbær Playa Blanca er í göngufæri með fjölda veitingastaða og verslana. Nóg er af leiktækjum bæði yfir börn og fullorðna.

Farðu inná www.sumarferdir.is eða hringdu í síma 575 1515.

SUMAR FERÐIR
 – ERU BETRI EN AÐRAR!



Innifalið: Flug, gisting, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bóknargjald 2.500,- fyrir hvern farþega.

Sumarferðir Laugavegi 26 (gengið inn Grettisgötumegin)

Mæðginin taka glöð á móti gestum

Miðborg Reykjavíkur er þekkt fyrir urmul af kaffihúsum en eitthvað minna hefur farið fyrir þeim á landsbyggðinni. Nú hefur Rúna Esradóttir opnað fyrsta kaffihúsið á Súðavík í félagsheimilinu og það er allt brjálað að gera.

„Ég er að fara að kenna í haust og er nýkomin úr barneignarleyfi þannig að mig vantaði eitthvað að gera í sumar,“ segir Rúna Esradóttir. Hún var í óða önn að gera allt klárt fyrir opnun dagsins og sagðist vera bæði stressuð og spennt yfir því hvernig þetta allt ætti eftir að ganga þegar Fréttablaðið náði tali af henni.

Rúna nýtur liðsinnis frá Kaffitári og fær kaffi frá versluninni auk sérstakrar kaffivélar. Þá hyggst hún bjóða upp á lummur og döðlubrauð sem hún bakar sjálf og er að eigin sögn alveg rosalega gott með smjöri. Þar að auki verður boðið upp á flatkökur og sígilda súkkulaðiköku þótt kaffið verði að sjálfsgöðu í aðalhlutverki. „Við notumst við það besta úr kaffibauninni og ég er að reyna finna hinn fullkomna espressóbolla. Þetta snýst ekki bara um að kveikja á kaffivélinni heldur eru þetta einhvers konar trúarbrögð,“ segir Rúna sem verður þó ekki ein í afgreiðslunni því hún nýtur liðsinnis sonar síns Eldars. „Hann mun blikka viðskiptavinina þegar svo á við úr barnavagninum,“ segir Rúna.

Kaffihúsið er hið fyrsta sinnar tegundar á Súðavík en í bænum má finna veitingastaðinn Jóa Indíafara sem sér um „hefðbundinn“ skyndibitamát á borð við hamborgara og pylsur. Og Rúna hyggst ekki



TRÚARBRÖGÐ AÐ HELLA UPPÁ Rúna tekur sig vel út við kaffivélina sem hún fékk að láni hjá Kaffitár.

FRÉTTABLAÐIÐ/BB.IS

bara bjóða upp á kökur og kaffi því hún er að undirbúa sögusýningu um Súðavík sem verður varpað upp á veggina með þar til gerðum myndvarpa. „Og ef ekkert verður að gera og það verður drepleiðlegt hérna fer ég sennilega út í það að hanna heimasíðu,“ bætir Rúna

við. Heimatökin ættu síðan að vera hæg hjá Rúnu ef það skyldi vanta tónlistaratriði því hún er unnusta tónlistarmannsins Arnar Elíasar Guðmundssonar sem betur er þekktur sem Mugison. „Hann fer nú samt eiginlega bara á sjó þegar platan kemur út, verður bara ekk-

ert heima. En hann mun hjálpa til þegar tími gefst,“ útskýrir Rúna. „Enda er honum varla stætt á öðru,“ segir hún í gríni og skellihlær, bætir því síðan við að fjöldi fólks hafi haft samband við hana og boðist til að leggja henni lið þegar fram líða stundir. - fgg



LILY ALLEN Fékk hjálp frá Moss.

Moss bjargaði Lily Allen

Breska söngkonan Lily Allen segir fyrirsetuna Kate Moss hafa bjargað sér úr slagsmálum sem hún lenti í. Þetta gerðist á Glastonbury-hátíðinni síðasta sumar eftir að Allen var ranglega sökuð um að hafa stungið undan stúlku nokkurra. „Þetta var martröð, ég fékk til dæmis glóðaraugu á bæði augun. En svo mætti Kate og bjargaði mér. Hún er hetja,“ segir Lily.

Frumgreinadeild Keilis:

Tækifæri til háskólanáms

Frumgreinadeild

Nám í frumgreinadeild veitir nemendum góðan undirbúning undir háskólanám og er próað í samstarfi við Háskóla Íslands í samræmi við inntökukröfur hans samkvæmt samstarfssamningi Keilis við HÍ.

Námið er tvískipt. Hægt er að ljúka því á 2 öðrum, fyrir þá sem ætla sér að stunda nám í félags- og hugvísindum. Einnig er hægt að ljúka því á 3 öðrum með sumarnámi. Slíkt er ætlað þeim nemendum sem vilja stunda háskólanám í tækni- eða raunvísindum.

Skilyrði

Inntökuskilyrði umsækjenda eru að þeir hafi lokið iðnnámi eða 2 1/2 – 3 árum á framhaldsskólastigi eftir því hvaða leið nemendur ætla sér. Umsækjendur sem orðnir eru 25 ára eða eldri eiga möguleika á að fá starfsreynslu sína metna til eininga.

Umsóknarfrestur er til 30. júní.



FÆKKAR FÖTUM Hin tvítuga Lindsay Lohan leikur fatafellu í væntanlegri mynd sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Lindsay Lohan fækkar fötum

Bandaríska leikkonan

Lindsay Lohan segir að hún sýni meira af líkama sínum en nokkru sinni áður í nýrri mynd sinni.

Lindsay Lohan hefur verið á allra vörum síðustu vikur og mánuði vegna ofdrykkju og eiturfjafa-neyslu. Nú vill hún snúa við blaðinu og minna á að hún sé líka frambærileg leikkona. Í nýrri mynd sinni leikur Lindsay fatafellu.

Þessi mynd Lindsay heitir Ég veit hver myrta mig og verður frumsýnd í lok júlí. Þar leikur hún fatafellu á súlustað sem er pyntuð og fótleggir hennar höggur af.

„Það er alveg klárt að þið fáið að

sjá miklu meira af mér en nokkru sinni fyrr,“ sagði Lindsay í viðtali við David Letterman. Lengi hafa aðdáendur hennar beðið þess að hún kastaði ímynd saklausu stúlunnar í kvikmyndum sínum; að Lindsay myndi leika persónu sem líktist henni sjálfri. Í nýju myndinni segist Lindsay ganga lengra en hún hefur nokkru sinni gert.

„Þetta er mjög myrk og hrollvekjandi mynd, mjög flott,“ segir hún. Hin tvítuga Lindsay segir að þótt hún skemmti sér vel og mikið vinni hún líka mikið. Draumurinn sé að vinna til Óskarsverðlauna fyrir leik sinn. „Mig langar að vera tilnefnd, alla vega. Það væri ekki slæmt að vera þekkt fyrir eitthvað annað og meira en að skemmta mér mikið.“



Fyrir hverja?

Námið í frumgreinadeild er krefjandi og hentar metnaðarfullum einstaklingum sem huga að háskólanámi, en hafa ekki lokið stúdentsprófi eða þurfa að styrkja grunn sinn til frekara náms.

Umsóknir

Með umsókninni þarf að fylgja:

- Starfsferilsskrá
- Afrit af prófseinkunnum
- Persónulegt bréf

Merki



Keilir
Atlantic Center
of Excellence

Sjá nánar á www.keilir.net

Sendist á keilir@keilir.net

Keflavíkurlflugvelli Sími 578 40 00 www.keilir.net

Nýtt í bió

havin zegers samale armstrong sharon osbourne

It's a boy girl thing

Hann reynir að komast úr nærbuxunum hennar...
...ekki í þær!

Með Samaire Armstrong úr O.C.

Fyrsta stórmynd sumarsins
HEIMSRUMSYNING
20.000 manns á
aðeins 8 dögum!

★★★★ LIB Top5.is
★★★★ T.V. KVIKMYNDIR.IS
★★★★ FGG - FBL

SPIDER-MAN 3

STÆRSTA ORRUSTAN ER INNRI BARÁTTAN

Með Samaire Armstrong úr O.C. Landsbankinn 10 LUXUS

SMÁRA BÍÓ	SÍMI 564 0000	REGNBÖGINN	SÍMI 551 9000	BORGARBÍÓ	SÍMI 462 3500
IT'S A BOY GIRL THING	kl. 1.30-3.45-5.50-8-10.10	IT'S A BOY GIRL THING	kl. 3-5.50-8-10.10	IT'S A BOY GIRL THING	kl. 4-8-10
SPIDERMAN 3	kl. 2-5-8-11	SPIDERMAN 3	kl. 2.30-5.30-8.30-11.20	SPIDERMAN 3	kl. 2-5-8-10.40
SPIDERMAN 3 SYND Í LUXUS	kl. 2-5-8-11	PATHFINDER	kl. 8	NEXT	kl. 6
NEXT	kl. 5.45	INLAND EMPIRE	kl. 2.30-5.45-9	ÚTI ER ÆVINTÝRI	kl. 2
PATHFINDER	kl. 8-10.15	HILLS HAVE EYES 2	kl. 10.15	ÚTI ER ÆVINTÝRI ISLENSKT TAL	kl. 3-6
HILLS HAVE EYES 2	kl. 10.30	ÚTI ER ÆVINTÝRI ISLENSKT TAL	kl. 3-6		
PERFECT STRANGER	kl. 5.30-8				
TMNT	kl. 1.30-3.30				
ÚTI ER ÆVINTÝRI ISLENSKT TAL	kl. 2-3.45				

450 kr. í bió!
Gildir á allar sýningar!
Skráðu þig á www.midi.is

Sími 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus

FYRSTA STÓRMYND SUMARSINS
20.000 MANNS Á AÐEINS 8 DÖGUM!

BEIÐGJAF
POWERSYNING KL. 10 Á
STÆRSTA THX
TJALDI LANDSINS

★★★★ FGG - FBL
★★★★ LIB - TOPP5.IS
★★★★ T.V. KVIKMYNDIR.IS

SPIDER-MAN 3

STÆRSTA ORRUSTAN ER INNRI BARÁTTAN

Sýnd kl. 1, 4, 7 og 10-POWERSYNING kl. 10

WALL-FISKA
SPEKIALEGGI
STEVE AUSTIN
VINNIE JONES
THE CONDEMNED

Sýnd kl. 2, 4 og 6

SHOOTER

Sýnd kl. 8 og 10.20 kl. 16

Sýnd kl. 2 og 4 MISLTALU

450 KR. Í BÍÓ
GILDIR Á ALLAR SÝNINGAR
MERKTAR MEÐ RAUÐU

HÁSKÓLABÍÓ

Stærsta kvikmyndahús landsins

STEVE AUSTIN VINNIE JONES

SVAKALEG HASARMYND MEÐ TÖFFARANUM VINNIE JONES.

THE CONDEMNED

TÍU MUNU BERJAST, NÍU MUNU DEYJA, ÞÚ FÆRÐ AÐ HORFA

FRUMSYNING / DAS LEBEN DER ANDEREN / LÍF ANNARRA

ÓSKARSVERÐLAUNIN 2007

BESTA MYND ÁRSINS
Í FLOKKI MYNDA Á ERLENDU TUNGUMÁLI

★★★★★ "ÓMISSANDI KVIKMYNDAPERLA!"
- S.V. MBL

the lives of others

★★★★★ Kvikmyndir.com

ATH: EKKERT HLÉ OG MIÐASÖLU LYKUR ÞEGAR SÝNING MYNDAR HEFST

NICOLAS CAGE

NEXT

HEIMAVÖLLUR ÍSLENSKRAR KVIKMYNDADAGERÐAR

KÖLD SLOÐ

MYRIN

2 FYRIR 1

HÁSKÓLABÍÓ

THE CONDEMNED	kl. 5.30-8-10.30	B.I. 16 ÁRA
THE LIVES OF OTHERS	kl. 5.30-8-10.30	B.I. 16 ÁRA
NEXT	kl. 8-10	B.I. 14 ÁRA
MYRIN 2 FYRIR 1	kl. 3.30-5.40-8	B.I. 12 ÁRA
KÖLD SLOÐ 2 FYRIR 1	kl. 3.40-5.50	B.I. 12 ÁRA
HOT FUZZ	kl. 10.10	B.I. 16 ÁRA
ÚTI ER ÆVINTÝRI ISLENSKT TAL	kl. 3.30	

HAGATORG www.haskolabio.is SÍMI 530 1919

Sími 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus

Ódýrt í bió

450 kr. á 1 og 2 sýningar



FEDGIN Coppola með dótturinni Sophiu.

Coppola sýnir í Róm

Fyrsta kvikmynd leikstjórans Francis Ford Coppola í tíu ár verður frumsýnd á kvikmynda-hátíðinni í Róm í október. Myndin nefnist Youth Without Youth og gerist í seinni heimsstyrjöldinni. Með aðalhlutverk fer Tim Roth. Leikur hann próffessor sem verður skotmark nasista eftir að hann kemst yfir formúlu fyrir ódauð-leika.

„Þessi kvikmynd ber vott um nýtt tímabil á mínum ferli þar sem ég ætla aðeins að búa til persónulegar myndir,“ sagði Coppola.



STAR WARS Stjórnustríðið hafði gífurleg áhrif á kvikmyndaheiminn.

Star Wars í efsta sæti

Star Wars hefur verið kjörin sú mynd sem hefur haft mest áhrif á tæknibrellur annarra mynda um árin. Star Wars, sem kom út 1977, hvatti marga til að starfa við tæknibrellur í kvikmyndum, að því er kemur fram í niðurstöðum könnunar Samtaka tæknibrellna í Bandaríkjunum.

Í öðru sæti í könnuninni lenti Blade Runner og á eftir henni í þriðja sæti komu í sameiningu 2001: A Space Odyssey og The Matrix. Jurassic Park lenti síðan í fjórða sæti.

ÓSKARSVERÐLAUNIN 2007

BESTA MYND ÁRSINS

Í FLOKKI MYNDA Á ERLENDU TUNGUMÁLI

DAS LEBEN DER ANDEREN LÍF ANNARRA
FRUMSYND 4. MAÍ SYND Í HÁSKÓLABÍÓ

Fyrir fall Berlínarmúrsins hlustaði austur-þýska leynilögrelan á þin leyndarmál

„Fullkomin kvikmynd; margbrotin, tvíræð, spennandi og afar skemmtileg!“
-Dana Stevens, Slate

EVROPSKU KVIKMYNDAVERÐLAUNIN
BESTA MYND ÁRSINS

EVROPSKU KVIKMYNDAVERÐLAUNIN
BESTI LEIKARI & BESTA HANDRIT

ÞÝSKU KVIKMYNDAVERÐLAUNIN
7 VERÐLAUN - M.A. BESTA MYNDIN

the lives of others

A Film By Florian Henckel Von Donnersmarck

KLIPPID HÉRI:

1 Ekkert hlé | 2 Minna af auglýsingum | 3 Engin trúflun

græna ljósið

FRÉTTABLAÐIÐ 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar gegn framvisun þessarar úrklippu.

www.graenaljosid.is - Skráðu þig í Biólúbbinn og þú færð sendan boðsmiðaköða á Miða.is alla frumsýningardaga

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

HILARY SWANK

FRÁ FRAMLEIÐANDA MATRIX, DIE HARD OG LETHALWEAPON

THE REAPING

SUMT ER EKKI HÆGT AD ÚTSKÝRA MED VÍSINDUM

STÓRSTJÖRNUR ÚR REAL MADRID...

GOAL II

hraðskreiðir bílar, súpermodel og party... þarf ekki eitthvað meira til að sanna að þú sért frábær leikmaður?

SPIDER-MAN 3

Stærsta orrustan er innri baráttan

VIP SALURINN ER BARA LUXUS

BLADES OF GLORY

BREACH

SHOOTER

WILD HOGS

MEET THE ROBINSONS

MR. BEAN'S HOLIDAY

SAMBÍO / ÁLFABAKKA			SAMBÍO / KRINGLUNNI			SAMBÍO / KEFLAVÍK			SAMBÍO / AKUREYRI					
THE REAPING	kl. 5:50 - 8 - 10:10	B.1.16	BREACH	kl. 5:50 - 10:30	B.1.12	GOAL 2	kl. 3:30-5:50-8:10-10:30	B.1.7	SPIDERMAN 3	kl. 2 - 5 - 8 - 10	B.1.10	GOAL 2	kl. 6 - 8	B.1.7
SPIDER MAN 3	kl. 12 - 3 - 6 - 9 - 10:30	B.1.10	MR. BEAN'S HOLIDAY	kl. 2 - 4	Leyfð	THE REAPING	kl. 6 - 8:10 - 10:20	B.1.16	BLADES OF GLORY	kl. 2 - 4 - 6	Leyfð	BLADES OF GLORY	kl. 6 - 8 - 10	B.1.12
SPIDER MAN 3 VIP	kl. 12 - 3 - 6 - 9		ROBINSON F... M/ ISL TAL	kl. 1:30 - 2 - 3:30 - 4	Leyfð	BLADES OF GLORY	kl. 2 - 4 - 8:10	B.1.12	NEXT	kl. 8	B.1.16	BREACH	kl. 10:10	B.1.12
BLADES OF GLORY	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	B.1.12	WILD HOGS	kl. 8	B.1.7	ROBINSON FJ... M/ ISL TAL	kl. 1:50 - 4	Leyfð				ROBINSON F... M/ ISL TAL	kl. 4	Leyfð
SHOOTER	kl. 8	B.1.16	BECAUSE I SAID SO	kl. 6	Leyfð	MEET THE... M/ ENSKU TALI	kl. 6:10	Leyfð				MR. BEAN'S HOLIDAY	kl. 4	Leyfð
						300...	kl. 10:20	B.1.16						

www.SAMBio.is ☎ 575 8900 www.SAMBio.is



KYLIE MINOGUE Segist ekki eiga í sambandi við kvæntum manni.

Ekki siðlaus

Ástralska söngkonan Kylie Minogue hefur vísað á bug fréttum um að hún sé í ástarsambandi með kvæntum manni. Kylie, sem er 38 ára, var ljósmynduð í Chile með kvikmyndaframleiðandanum Alexander Dahm, sem á von á barni með eiginkonu sinni.

„Ég hef aldrei haldið framhjá mínum kærustum og mér myndist það algjörlega siðlaust að vera í sambandi við kvæntan mann,“ sagði Kylie í yfirlýsingu sinni.

Kylie hitti Dahm í Suður-Ameríku vegna baðfatamynda sem voru teknar af söngkonunni fyrir verslunina H&M. Sást til þeirra í bátsferð saman og að snæða hádegisverð.



GREEN DAY Hljómsveitin Green Day verður í nýju Simpsons-kvikmyndinni.

Green Day í Simpsons

Bandaríska hljómsveitin Green Day kemur fram í gestahlutverki í kvikmyndinni The Simpsons sem kemur út í sumar eftir margra ára bið. Koma söngvarinn Billie Joe og félagar fram í stuttu atriði skömmu áður en myndin endar. Óskrar barþjónninn Moe á þá og biður um að spila ekki svona hátt.

„Þeir eru skemmtilegir strákar og við erum bæði að heiðra þá og gera grín að þeim,“ sagði höfundurinn Matt Groening, sem bætti þeim sjálfur inn í myndina, enda mikill aðdáandi sveitarinnar.

SÉRFERÐIR

Rómantik í París

7.-10. júní

Farastjóri Lilja Hilmarsdóttir

Rómantísk ferð til Parísar á yndislegum tíma. Skoðunarferð um borgina þar sem sögufrægir staðir verða heimsóttir undir íslenskri fararstjórn. Gönguferðir um Mýrarnar, sjötta hverfið, kaffihúsarölt, söfn og margrómuð veitingahús. Ef þú hefur ekki komið til Parísar, þá er þetta ferð fyrir þig. Og ef þú hefur komið til Parísar, þá er kominn tími til að fara aftur.

Verð á mann í tvíbýli

69.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum, akstur til og frá flugvelli, gisting með morgunverði á fjögurra stjörnu hóteli, skoðunarferð um borgina og íslensk fararstjórn.

» Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express Ferðir, Grímabæ, Elfstalandi 26, sími 5 900 100

Ferðakritíki í ögu Iceland Express

LÉTT BYLGJAN

967

Borðum meiri fisk!

uppskrift að ljúffengum fiskrétti fyrir alla fjölskylduna

Grillaður lax með sítrónukartöflum

(fyrir 4)

4 laxasneiðar (600 g)

Kryddlögur:

1/2 tsk. salt
1/2 tsk. pipar
1/2 tsk. fennikufra, steytt
1 msk. ferskt kóriander eða 1 tsk. þurrkað
1 msk. limónusafi
1 msk. sinnep
2 msk. matarolía

Hrærið saman öllu sem fer í kryddlöginn. Smyrjið laxasneiðarnar með kryddleginum. Grillið á vel heitu grilli í 2-3 mínútur á hvorri hlið.

Sítrónukartöflur:

700 g kartöflur, litlar
2 sítrónur
1 msk. edik
6 hvítlauksrif
4 msk. ólífuolía
1 búnt steinselja, smátt söxuð
1/2 tsk. salt
1 tsk. pipar

Sjóðið kartöflurnar. Útbúið kryddlöginn á meðan þær sjóða: Blandið saman sítrónusafa og ediki. Merjið hvítlaukinn og setjið í löginn ásamt olíu, steinselju og kryddi og blandið vel saman. Flysjið kartöflurnar og skerið í teninga og raðið á fat.

Hellið kryddleginum yfir kartöflurnar og berið fram með laxinum ásamt grænmetissalat.

Fleiri uppskriftir á lydheilsustod.is

SKÍFAN AUGLÝSIR VORBLÓT



1.718

Goran Bregovic
Tales And Songs From Wedings
And Funerals



2.148

Goran Bregovic
Underground / úr kvikmynd




1.976

Goran Bregovic
Music For Films



1.890

Goran Bregovic
Arizona Dream



1.890

Konono N1



1.890

Salsa Celtica



1.890

Tomm Tomm Tomm
Tómas R



KRINGLUNNI
SMÁRALIND • LAUGAVEGI



1.890

Nouvelle Vague

BT OFURVÉLIN

BT



17"



20.000 VERDLÆKKUN

TOSHIBA

PSPADE-00M00VNS
 TOSHIBA SATELLITE P100-454
 Intel® Core 2 Duo T5500
 17" WXGA HB TrueBrite
 - Upplausn 1440 x 900
 nVIDIA GeForce Go 7600 128MB
 2GB DDR Minni (Mest 4GB)
 100GB Harður diskur
 DVD skrifari Dual Layer
 Þráðlaust netkort
 Kortalesari 5 - 1
 Firewire - DV Ready
 Vökvaþolið lykklaborð
 Microsoft® Windows® Vista Premium
 Microsoft Works
 Microsoft® Office OneNote™ 2003
 2 ára alþjóðleg ábyrgð

159.999
~~179.999~~

Intel Core 2 Duo
 Nýjasta fartölvutækni frá Intel. Stóraúkin afkasta-geta, lengri rafhlöðuending og aukid öryggi.

nVidia GeForce Go 7600
 Afmikið skjá kort fyrir myndvinnslu og tölvuleiki. Gerðu kröfur um það besta.

2GB Vinnsluminni
 Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.

100GB Harður diskur
 Þú getur geymt ógrnini af kvmyndum, ljósmyndum og tónlist á 100GB hörðum disk.

Windows Vista Premium
 Nýja stýrikerfið frá Microsoft. Öruggara, einfaldara og flottara. Mikið af nýjum möguleikum með Vista.

LÁN™

14.691* 12 mánaða	8.238** 24 mánaða	5.937*** 36 mánaða
-----------------------------	-----------------------------	------------------------------

SKILADU GÖMLU TÖLVUNNI OG ÞÚ FÆRÐ AUKA 20.000 KRÓNA AFSLÁTT*



- 1.** 10.000 króna afsláttur af tölvu
- 2.** 5.000 króna gjafa-bréf uppi GSM síma að eigin vali
- 3.** 5.000 króna gjafa-bréf uppi prentara að eigin vali.

* tilboð gildir aðeins á auðgætum tölvum

FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

CCN:ISL-110103-001
 FSC AMILO PI CORE2 VISTA
 Intel Core 2 Duo T5500
 15.4" WXGA Crystal View
 ATI Mobility Radeon x1400 128MB
 1024MB DDR533 Vinnsluminni
 160GB SATA 5400rpm Harður diskur
 DVD skrifari Dual Layer
 Innbyggt þráðlaust skjá kort
 Firewire - DV Ready
 Kortalesari 4 - 1
 Microsoft Windows Vista Premium
 2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum



15,4"



20.000 VERDLÆKKUN

139.999
~~159.999~~

Intel Core 2 Duo
 Nýjasta fartölvutækni frá Intel. Stóraúkin afkasta-geta, lengri rafhlöðuending og aukid öryggi.

ATI Radeon X1400 512MB
 Afmikið skjá kort fyrir myndvinnslu og tölvuleiki. Gerðu kröfur um það besta.

1GB Vinnsluminni
 Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.

160GB Harður diskur
 Þú getur geymt ógrnini af kvmyndum, ljósmyndum og tónlist á 160GB hörðum disk.

Windows Vista Premium
 Nýja stýrikerfið frá Microsoft. Öruggara, einfaldara og flottara. Mikið af nýjum möguleikum með Vista.

LÁN™

13.912* 12 mánaða	7.614** 24 mánaða	5.515*** 36 mánaða
-----------------------------	-----------------------------	------------------------------



ÁSKRIFT: 515 6100 | VERSLANIR VODAFONE

JÓN ÁSGEIR TALAR OPINSKÁTT UM DÓMINN OG KOSNINGARNAR

SJÁLFSTÆTT FÓLK Í KVÖLD KL. 19:50



skemmtilegri

SILFUR EGILS KL. 12:25

VERÐUR NÝ STJÓRN MYNDUÐ
Í BEINNI ÚTSENDINGU?

FRÉTTIR KL. 18:30

FORMENN FLOKKANNA FARA
YFIR ÚRSLIT KOSNINGANNA



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 19.50

Sjálfstætt fólk - Jón Ásgeir Jóhannesson

Jón Ársæll á stefnumót við einn umtalaðasta mann Íslands, Jón Ásgeir Jóhannesson. Þeir nafnar átta stefnumót í Lundúnum þar sem þessi lykilmáður í íslensku útrásinni, sem er með yfir 70 þúsund manns í vinnu um allan heim, talar tæpingulaust um viðskipti sín í fortíð, nútíð og framtíð. Þá ræðir hann vitaskuld um Bausmálið og yfirvofandi fangelsisdóm sem hann hyggst mótmæla og áfrýja með kjafti og klóm. Síðast en ekki síst tjáir Jón Ásgeir sig í fyrsta sinn opinberlega um afstöðu sína til alþingiskosninganna og íslenskra stjórn mála almennt eins og þau koma honum fyrir sjónir í dag.



▶ Við mælum með THE L-WORD

Skjäreinn kl. 22.30

Fjórdá þáttaröðin um lesbíurnar í Los Angeles hefur nú göngu sína. Þættirnir hafa vakið mikið umtal í Bandaríkjunum og hlotið einróma lof fyrir frábæra frásögn og raunsæja mynd af samfélagi samkynkneigðra kvenna. Þegar áhorfendur skildu við stúlurnar síðast var mikið um að vera og Bette er nú á flotta undan yfirvöldum með dóttur sína. Cybill Shepherd bætist í leikarahópinn í þessari seríu.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

08.00 Morgunfréttir
08.05 Morgunandakt
08.15 Tónlist á sunnudagsmorgni
09.03 Framtíð lýðræðis
10.15 Lotta í Wetzlar og Weimar
11.00 Guðsþjónusta í Seltjarnaneskirkju
12.00 Hádegisútlarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Útvarpsleikhúsið: Ólafur og Ingunn
13.43 Sunnudagskonsert
14.10 Söngvámál
14.55 Listahátíð í Reykjavík 2007
16.00 Síðdegisfréttir
16.08 Veðurfregnir
16.10 Gyðjurnar og Óðinn

17.03 Listahátíð í Reykjavík 2007
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Auglýsingar
18.26 Seiður og hélog
18.52 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Frá Tónskáldþinginu í París
19.50 Óskastundin
20.35 Sagnaslóð
21.15 Laufskálinn
21.55 Orð kvöldsins
22.15 Listahátíð í Reykjavík 2007
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SYN

07.10 Veitt með vinum (Norðlingafljót)

07.40 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur

08.05 Landabankadeildin 2007

09.05 Landsbankadeildin 2007 Útsending frá leik ÍA og FH í 1. umferð Landsbankadeildarinnar í knattspyrnu.

10.55 Coca Cola deildin

13.00 PGA golfmótaröðin 2007

15.50 Landsbankadeildin 2007 (Valur - Fram) Bein útsending frá leik Reykjavíkurlíðanna Vals og Fram í Landsbankadeildinni í knattspyrnu. Framarar eru nýliðar í deildinni en Valsmenn hafa hins vegar verið í toppbaráttunni undanfarin tvö ár þó herslumuninn hafi vantað til þess að hreppa titilinn.

18.00 Spænski boltinn

19.40 PGA golfmótaröðin 2007 (The Players) Bein útsending frá lokadegi Players mótsins í golfi sem fram fer á TPC Sawgrass vellinum í Flórída.

23.00 Landsbankamörkin 2007

23.30 NBA - Úrslitakeppnin (NBA 2006/2007 - Playoff games)

01.30 Landsbankadeildin 2007 (Valur - Fram)

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.

21.00 Einbýlishús Ertu að leita að einbýlishúsi - þú finnur það hér!

22.00 Fjölbýli og hæðir Litlar og meðalstórar eignir sýndar.

23.00 Nýjar eignir e.

0.00 SMS eignir Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

DR 1

6.15 Dyrenes & 6.40 Vera með fleiri 7.10 Vindrene 7.25 F for Får 7.35 Yu-Gi-Oh! 8.00 Bonbon 8.30 Hannah Montana 8.55 Kurts Klamme krop 9.00 Den europæiske mand 9.30 lvarksætterne 10.00 TV Avisen 10.10 Boxen 10.25 OBS 10.30 Speedway: Europas Grand Prix 12.00 Gudstjeneste i DR Kirken 12.45 Ridesport: Keops Grand Prix 2007 13.45 Håndboldsøndag: Lada Togliatti - Slagelse DT 15.30 Sigurds Bjørnetime 16.00 Søren Ryge - Et liv på gule plader 16.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.10 Landsbyhospitalet 18.00 Kløvedal i Indonesien 19.00 21 Søndag 19.40 Søndagssporten med SAS liga 20.05 Dødens Detektiver 20.25 Tal til hende 22.15 OBS 22.20 Møde med

NRK1

6.01 Kalle og Molo 6.25 Bravo Bibbi! 6.40 Disneytímen 7.35 SvampeBob 8.00 Mánáid-TV - Samisk barne-tv 8.15 Dunder 8.45 Eurovision Song Contest 2007 12.00 Der fartøyt flyte kan 12.30 NRKs sportssøndag 13.00 Giro d'Italia 15.30 Åpen himmel 16.00 Freddie og Leos eventyr 16.25 Wummi 16.30 Newton 17.00 Søndagsrevyen 17.45 Sportsrevyen 18.00 Nürnberg - nazister til døms 19.00 Min beste venns bryllup 20.50 Sykkelveld fra Italia 21.00 Kveldsnytt 21.20 Dok1: Historien om Natascha Kampusch 22.10 EM-rally: Frankrike 22.35 Ingen grunn til begeistring 23.05 Larry Sanders-show

SVT 1

6.00 BoliBompa 6.01 Jolos sirkus 6.25 Pingu 6.35 The boy 7.00 Mánáid-TV 7.15 Disneydags 8.10 Evas funkarprogram 8.25 Lilla sportspeglén 8.50 Grand Prix 9.30 Eurovision Song Contest 12.55 The day I got the sack 13.20 Quirks 13.25 Leila, née en France 13.50 Sport mit Simone 13.55 Världen 14.55 När gräsrotterna tar över 15.25 Bamet och orden - om språk i förskolan 15.55 Anslagstavlan 16.00 Pippi Långstrump 16.30 Vi i femman 17.00 Pip-Larssons 17.30 Rapport 18.00 Hundkoll 18.30 Sportspeglén 19.15 Agenda 20.10 De skapade historia 20.40 Vetenskap - människan avslöjad 21.10 Rapport 21.20 Hunter 22.20 Sändningar från SVT24 4.00 Gomorron Sverige

Frá kr. 1.430.000

- ABS með ESP hendlavörn
- Innbyggð árekstrarvörn
- 240/977 ltr. farangursrými
- Geislaspilari / MP3 og 4 hátalarar
- Hiti í sætum (Getz Sport)
- Topplúga (Getz Sport)

Frá kr. 16.900 á mánuði*

Flottur er algjört skilyrði

Fáðu þér Getz og vertu á bíl sem uppfyllir öll skilyrði.



Frá kr. 16.900 á mánuði*

✓ Flottur
✓ Rúmgóður
✓ Öruuggur

✓ Hagstæður
✓ Traust bílaumboð
✓ Góð þjónusta




Með bílinn handa þér

Bíll á mynd: Getz GLS 5 dyra á 16" álfelgum. Bílasamningur miðast við 80% lánshlutfall af kr. 1.430.000 í 84 mánuði og í erlendra myntkórðu, JPY 50%, CHF 50%.

HYUNDAI www.hyundai.is

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

ÖLL GÖMLU GÓÐU LÖGIN ÞÍN
Á GULL BYLGJUNNI

Gull Bylgjan er á Suðvestur horninu á tíðinninni 90,9, á bylgjan.is og Digital Islandi.

GULL
BYLGJAN
909

- ÞESSI GÖMLU GÓÐU!



innritun nýrra nemenda fyrir haustönn 2007

Menntaskólinn
við Hamrahlíð

Innritun fyrir haustönn 2007 í MH lýkur 11. júní

Allir umsækjendur eiga að sækja um rafrænt á www.menntagatt.is.

Þann 11. júní geta umsækjendur fengið aðstoð við frágang umsókna, veflykla og frekari upplýsingar um námsval, hraðferðir o.fl. Opið er þann dag frá kl. 9–18.

Hlutverk MH er að mennta nemendur til stúdentsprófs með áherslu á undirbúning fyrir nám í háskólum.

Markmið MH er velgengni brautskráðra nemenda og að skólinn sé fyrirmynd um framsækna kennslu, góða stjórnsýslu og rækt við menningu og listir.

Leiðarljós MH er að virða ólíkar þarfir einstaklinga og ganga út frá vilja nemenda til að axla ábyrgð. Áhersla er lögð á fjölbreytni í valhluta námsins og kappkostað að kynna nemendum vinnubrögð sem tíðkast í háskólanámi.

Námsskipulag er sveigjanlegt og býður m.a. upp á breidd í menntun, dýpkun á afmörkuðum sviðum og nám til viðbótar 140 einingum eftir því sem nemandi kýs. Nemendur sem stunda nám í tónlist eiga möguleika á að fá það metið inn á kjörsvið. Námstími er háður vilja og getu nemandans en er að lágmarki 3 ár að loknu grunnskólaprófi á öllum brautum.

Námsbrautir eru félagsfræðabraut, málabraut, listdansbraut, náttúrufræðibraut og alþjóðleg námsbraut (IB) sem lýkur með International Baccalaureate Diploma.

IB nám er þriggja ára stúdentsprófsnám fyrir dugmikla nemendur. Að loknu undirbúningsári tekur við tveggja ára nám en því lýkur með samræmdu alþjóðlegu stúdentsprófi. Námið fer fram á ensku. IB prófskírteini veitir inngöngu í fjölda virtra háskóla um allan heim.

Rektor.

Upplýsingar fást í síma skólans 595 5200
og á www.mh.is

Fyrirspurnir um IB nám má senda á
[netfangið ibstallari@mh.is](mailto:ibstallari@mh.is)



FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingaeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

LYFJA
- Lífið heil

Opið 8-24
alla daga

Lyfja Lág múla
Lyfja Smáratorgi



BAKÞANKAR

DAVÍÐS ÞÓRS JÓNSSONAR

Lifi Eiríkur

Fýrr í vetur sagði ég hér á þessum stað að það besta sem Íslendingar gætu vænst úr Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva væri að komast klakklaust frá henni. Nú er keppnin yfirstaðin og komið í ljós að ég hitti naglann á höfuðið. Fyrir hönd íslensku þjóðarinnar vil ég því núna þakka Eiríki Haukssyni fyrir vasklega framgöngu hans og fyrir að hafa verið landi og þjóð til sóma í hvívetna eins og við var að búast. Meira var ekki hægt að fara fram á.

ALLAR væntingar um að við komumst upp úr forkeppninni eru nefnilega ekkert annað en hlægilegir bjartsýnisórar á meðan andrúmsloft og fyrirkomulag keppinnar er eins og það er nú. Það kom mér verulega á óvart að heyra kyninn, minn ágæta vin Sigmar Guðmundsson, tala öðruvísi. Það var eins og hann væri slíkt barn að halda að einhvern tímann í ferlinu hefði raunverulega verið möguleiki á því að Eiríkur myndi standa á sviðinu úrslitakvöldið. Mér fannst ekki örgrannt um að hjá honum örlaði á eilítlum vonbrigðum með hina auðfyrirsjáanlegu niðurstöðu.

AUÐVITAÐ er það fyrir löngu orðið himinhrópandi augljóst að gæði tónlistarinnar skipta ekki næstum því jafnmiklu máli í þessari keppni og upprunaland flytjendanna. Aldrei hefur þetta verið jafnaugljóst og í ár. Á meðan ágætislögum sem eiga fullan rétt á sér á sínum eigin forsendum og fengjust jafnvel leikin í útvarpi þótt þau tengdust söngvakeppninni ekki neitt, var hafnað – t. d. framlögum Andorra, Noregs og Belgíu – var þeim ólýsanlega hroða sem Búlgaría og Georgía sendu til keppinnar veitt brautargengi. Þetta er engu að kenna nema landafræði, sögu og mannlegu eðli. Austurevrópuþjóð á af landfræðilegum ástæðum mikinn fjölda grannríkja og af sögulegum ástæðum er hún öflugur þrýstihópur í þeim öllum.

ÞETTA vekur hins vegar upp spurninguna um tugmilljónirnar sem það kostaði að velja framlag Íslendinga. Hvað kostaði það eiginlega að draga þetta lag fram í dagsljósið – já, og Húsin hafa augu með Matta? Restin af lögunum á af skiljanlegum ástæðum aldrei eftir að heyrast leikin fram. Hefði ekki verið sniðugra að framleiða sjónvarpsdagskrá fyrir peninginn, fyrst það var hvort sem er fyrirfram ljóst að jafnvænlegt væri til árangurs að velja íslenska flytjandann með einu símtali?

www.icelandexpress.is/paris

Je t'aime, Paris!

Fjöldi flugsæta
á frábæru verði!



París

» París er borg ljósanna. París er borg ástarinnar. París er borg menningarinnar. París er borg borganna. Nefndu það bara, París er það sem þú vilt að hún sé.

Fátt er dásamlegra en að maula franskbrauð í Eiffel-turninum, góna á Mónu og öll hin í Louvre, spranga um Montmartre, ræða heimsmálin á Les Halles, gera tímamótakaup á Clignancourt-flóamarkaðnum, ráfa um sjötta hverfið og missa sig loks gersamlega á Champs-Elysees þar sem góðkunningjar tiskulöggunnar halda til.

Með Express Ferðum:

» Rómantik í París: 7.–10. júní, 69.900 kr. á mann í tvíbýli
Nánari upplýsingar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Hvað er í gangi?

The Who, Bercy	6. júní
Daft Punk, Bercy	14. júní
Rolling Stones, Stade de France	16. júní
Bastillu-dagurinn	14. júlí

Tívolistemming í Jardin des Tuileries, 21. júní–25. ágúst

» Bókaðu ódýrt fargjald til Parísar
á www.icelandexpress.is

» VERÐ FRÁ:
7.995 kr.

Aðra leið með sköttum.

» BÖRN:
50%

Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingssafslátt af verði fyrir skatta og gjöld.

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600

» www.icelandexpress.is

Iceland Express

AEG
ELDHÚSPAKKINN

AEG 66030 K-MN

- Keramikhellur
- Fjórar hraðhitahellur
- Snertirofar
- Tímastillir á öllum hellum
- "Automax" stilling: byrjar á að fara á mesta hita, en lækkar síðan á valda stillingu
- Fjögurra þrepa eftirhitagumljós

TILBOÐSVERÐ
ALLUR PAKKINN
129.900,-

KR. 73.579,-



Airforce F3 / AIRF 3

- Til uppsetningar á vegg
- Fyrir útblástur eða kolaflit

KR. 23.053,-

AEG COMPETENCE B 4101-4-M

- Veggöfn, stál
- Fjölvirkur ofn með 9 aðgerðum – Undirhiti, blástur, blástur m/elem, blástur + undir og yfirhiti + grill, ljós, undir og yfirhiti, yfirhiti + grill
- "ISOFRONT" preflat gler í ofnhurð, auðveldar þrif – kaldari framhlíð
- Sökkhnappar

KR. 104.194,-

Sími 530 2907 / 530 2908

SETTU ÞAÐ SAMAN



202.048,-

NYTT
2007

Opið í Smáralind

laugardaga frá kl. 11:00-18:00
sunnudaga frá kl. 13:00-18:00

Lokað í Lág múla 8 (heimilistæki) og
Síðumúla 9 (hljómtæki og skrifstofutæki)
í maí, júní og júlí á laugardögum

Velkomin í
óvenjulega verslun



ORMSSON